

# Tekin hús á Laugavegi

Ekki eru allir á eitt sáttir um þá ákvörðun skipulagsyfirlalda að leyfa að tuttugu og fimm hús við Laugavegin verði rifin. Hvað segja þeir sem eiga lífibrauð sitt undir þökum húsanna?

SÍÐUR 18 & 19



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. mars 2005 – 63. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR




**HÁ BOÐ Í VÍÐIALSÁ** Tilboðin í leigu Víðialsár fyrir næsta ár eru helmingi hærrí en leigugreiðslur fyrir ána í dag. Talið er að leigan hækki úr rúmum þrjátíu milljónum í um það bil fimmtíu milljónir króna. **Sjá síðu 2**

**ÁTIÁN PRÓSENTA HÆKKUN** Kjarsamningur SFR og fjármálaráðuneytisins þýðir að lægstu laun verða 113 þúsund krónur á mánuði í maí á næsta ári. Formaður félagsins er sáttur við samninginn. **Sjá síðu 2**

**HÚSLEIT Á KRÁM** Starfsmenn Skatt-rannsóknarstjóra gerðu húsleit hjá á öðrum tug kráa og skemmtistaða í fyrirkvöld. Tugir manna tóku þátt í húsleitinni. Skatt-rannsóknarstjóri segir að markmiðin með húsleitunum hafi náðst. **Sjá síðu 4**

**ÓTTAST MENGUNARSILYS** Norsk yfirvöld óttast mengunarsilys eftir að kviknaði í olíuflutningaskipi undan ströndum landsins. Flytja þurfti áhöfn skipsins á brott í þyrlum. **Sjá síðu 2**

### VEÐRIÐ Í DAG



**BJARTVIÐRI FYRIR NORDAN OG AUSTAN** Litilsháttar súld öðru hvoru vestan til. Hiti víðast 3–8 stig. **Sjá síðu 4**


### DAGURINN Í DAG



**TÓNLEIKAR** 140 ungmenni koma fram á tónleikum Skólahljómsveitar Kópavogs í Háskólabíói sem hefjast klukkan 14. Dagskráin er fjölbreytt, meðal annars verk eftir Rossini og Queen.

Kvikmyndir	30	Myndlist	30
Tónlist	30	Íþróttir	20
Leikhús	30	Sjónvarp	32

## Dagblaðalestur á sunnudögum\*



\*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.

# Bauð 17 milljónir í einbýlishúsalóð

Tilboð í nýjar lóðir í Norðlingaholti eru mun hærrí en í fyrri áföngum hverfisins. Verktakar bjóða andvirði tæpra sjö milljóna á hverja íbúð í fjölbýlishúsum. Sá sem hæst bauð í einbýlishús dregur tilboðið til baka.

**LÓÐAMÁL** Menn buðu allt að 17,2 milljónir króna í lóðir fyrir einbýlishús í lóðaútbóði fyrir þriðja áfanga í Norðlingaholti. Boðinn var út byggingarréttur á fjórtán lóðum fyrir fjölbýlishús, radhús og einbýlishús og bárust 885 tilboð frá 123 fyrirtækjum og einstaklingum í lóðirnar.

Ekki verður þó af því að borgaryfirvöld fái rúmar 17 milljónir fyrir einstakar lóðir. „Ég ætla að falla frá þessu tilboði, það var aðeins of hátt,“ sagði Óli Þór Barðdal hjá Grandavör sem átti hæsta tilboðið í einbýlishúsalóðir. Nokkuð var um tilboð upp á tólf til fimmtán milljónir í einbýlishúsalóðir.

Boðin eru töluvert hærrí en í síðasta útbóði. Hæsta tilboð í lóð fyrir tólf íbúða keðjuhús nam 111,4 milljónum króna, andvirði rúmlega níu milljóna á íbúð. Hæst voru boðnar 120,5 milljónir í lóð þar sem byggja á samtengd tvíbýlishús með fjórtán íbúðum, tæpar níu milljónir á hús. Þá barst boð upp á 183 milljónir króna fyrir 27 til 30 íbúða fjölbýlishús og samsvarar það því að lóðarverð á hverja íbúð nemi sex til sjö milljón krónum.

Helgi Hákon Jónsson í Eignakaupum er ekki í vafa um að þetta hátt lóðaverð geti leitt til verðhækkana um allt höfuðborgar-

svæðið, ekki síst þegar tekið er tillit til hás verðs í lóðaútbóði í Garðabæ fyrir skemmstu.

„Það segir sig sjálfst að hærrí lóðaverð þýða hærrí fasteignaverð,“ segir Helgi Hákon. „Svo er spurning: Hvað er upphaf og endir? Ef lóðirnar eru of dýrar þá ættu þær ekki að seljast.“ Stöðugar verðhækkningar hafa verið mikið í umræðunni að undanförunu. „Þetta kjaftar upp verðið. Það hlýtur að koma að því að markaðurinn mettist,“ segir hann og kveðst merkja örverntingu meðal sumra sem eru búnir að selja en eiga eftir að kaupa.

- bþg



**SÝRLANDSFORSETI** Assad hét brotthvarfi hersins en útlitastið ekki hvernig það yrði.

## Sýrlandsher í Líbanon: Assad lofar brotthvarfi

**SÝRLAND. AP** Bashar Assad, forseti Sýrlands, hét því í gær að draga hersveitir Sýrlandinga í Líbanon til líbansk-sýrleisku landamæranna.

Líbanskir stjórnarandstæðingar, sem vilja herinn burt, voru þó fullir efasemda og töldu orðalag forsetans svo loðið að engin leið væri til að skilja hvort herinn ætti að fara frá Líbanon eða aðeins í héruð landsins sem liggja að sýrleisku landamærunum.

Assad sagðist myndu kalla herinn fyrst í Beekadal í Líbanon og síðan til landamæranna. ■

## Mahmoud Abbas: Órói vegna veru Ísraela

**PALESTÍNA. AP** Það kemst enginn friður á í borgum Palestínumanna á Vesturbakkanum fyrr en Ísraellar fara þaðan með herlið sitt, sagði Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar.

Abbas hvatti Ísraela til að hefja aftur viðræður um brotthvarf hersveita sinna frá fimm borgum á Vesturbakkanum. Ísraellar hættu þátttöku í viðræðunum eftir sjálfsmorðssprengjuárás í Tel Aviv um síðustu helgi.

Ísraellar segjast ekki taka nokkurn þátt í viðræðunum fyrr en Palestínumenn finna þá sem stóðu að árásinni og koma lögum yfir þá. Embættismenn hafa sakað Abbas um að fara sér hægt í að handsama mennina sem bera ábyrgð á dauða fimm Ísraela. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/E.OL



**MISKÁTIR Á KAFFI REYKJAVÍK** Þeir Gunnar Örylgsson (t.v.) og Magnús Þór Hafsteinnsson fengu fyrstir manna að vita um niðurstöðu kosningar milli þeirra um embætti varaformanns Frjálslynda flokksins. Magnús átti erfitt með að leynd gleði sinni á leið í þingsalinn enda fékk hann tæplega sjöttíu prósent atkvæða.

Átök um embætti hjá Frjálslyndum:

## Guðjón og Magnús endurkjörnir

**STJÓRNMÁL** Magnús Þór Hafsteinnsson vann sannfærandi sigur í kosningu um embætti varaformanns Frjálslynda flokksins. Hann fékk tæp 70 prósent atkvæða en mótframbjóðandi hans, Gunnar Örylgsson, fékk rúm 30 prósent.

Guðjón Arnar Kristjánsson var endurkjörinn formaður og Margrét Sverrisdóttir er áfram ritari en hvorugt þeirra fékk mótframbóð.

Guðjón Arnar segir að barátta Magnúsar og Gunnars hafi verið góð og báðum til sóma. Hann hafði

sjálfur lýst stuðningi við framboð Magnúsar en taldi ekki að það hafi haft úrslitaáhrif. Hins vegar skipti miklu að Margrét Sverrisdóttir ákvað að láta ekki undan þrýstingi þinggesta um að gefa kost á sér.

Sjá síðu 2

Liza Marklund:  
Fyrsta bók sænska höfundarins komin út á íslensku

SÍÐA 36

Pórarinn Elmar Jensen:  
Vann að fataframleiðslu í 49 ár

SÍÐA 24

**MÖGNUM TILBOÐ**  
Á NÝJUM VÖRUM  
Síðasti dagurinn!

**Kauphlaup**  
3.-6. mars



## SPURNING DAGSINS

Magnús, ætlaðu að fá þér rottu sem gæludýr?

Nei, líklega ekki í bíli en örugglega er margt vitlausara. Ég líki nú ekki saman kostnaðinum við að eiga rottu sem gæludýr og hross. Hins vegar hef ég alltaf svolítið samviskubít yfir því hvað mannkynið hefur hugsað hatursfullt til þessara litlu dýra.

Magnús Skarphéðinsson er þekktur fyrir dýravernd. Í Fréttablaðinu í gær var frétt af konu sem er byrjuð að rækta rottu sem gæludýr.

Tilboð opnuð í útleigu Viðidalsár:

# Tugmilljóna hækkun milli ára

**VEIÐI** „Þetta eru tilboð upp á fimmtíu prósent hækkun frá því sem nú er,“ segir Ragnar Gunnlaugsson á Bakka, formaður veiðifélagsins sem á Viðidalsá, um tilboðin sem bárust í leigu árinna næsta ár.

Gera má ráð fyrir að tilboðin nú hljómi upp á um fimmtíu milljónir króna. Ragnar vildi ekki nefna ákveðna tölu, sagði að stjórnin ætti eftir að leggja yfir tilboðin og jafnvel fá einhverjar skýringar á þeim, en sagði þó að þessi tala væri ekki fjarri lagi.

Ragnar segir hækkunina ekki koma á óvart. Þeir sem hafa ána á leigu hafi boðið í áframhaldandi leigu árinna í janúar og það tilboð hafi slagað upp í þau tilboð sem hafi borist núna. „Menn hafa hækkað sig fremur en hitt.“

Þegar Ragnar er inntur eftir ástæðum fyrir hærri tilboðum vísar hann til þess að veiði hafi verið mjög góð síðasta sumar. „Hér hafa verið mörg léleg sumur undanfarið en margar húnvetnsku árnar komu vel út síðasta sumar.“



VIÐIDALSÁ

Í ár eru greiddar rúmar þrjátíu milljónir fyrir leigu árinna en á næsta ári má gera ráð fyrir að leigan nemi nær 50 milljónum króna.



ELDUR Í SKIPINU

Óttast er að ollu leki úr skipinu og skaði lífríki við ströndina.

Eldsvoði:

## Kviknaði í olíuskipi

**NOREGUR** Þyrta þurfti að bjarga áhöfn norsks olíuflutningaskips eftir að eldur kom upp í því nokkra kílómetra undan strönd Noregs.

Eldurinn blossaði upp í vélarrúmi skipsins og fékk áhöfn skipsins, 28 Indverjar, ekkert við eldinn ráðið.

Óttast er að olía kunni að leka úr skipinu og valda miklum skaða á lífríki sjávar.

Norska ríkisútvarpið greindi frá því í gærkvöldi að skipstjóri olíuflutningaskipsins Fjord Champion hefði aldrei sent út neyðarkall heldur einungis varað við því að skipið ætti við vanda málið að stríða. Tilkynningaskyldan uppgötvaði hins vegar hvað var á seyði og fyrirkjapaði aðgerðir. ■

## EVROPA

**HLJÓDLÁT BLESSUN** Páfinn veitir kaþólikkum hljóðlata blessun út um glugga herbergis síns á Gemelli-sjúkrahúsini í Róm í dag. Jóhannes Páll II er enn að jafna sig eftir uppskurð sem hann gekkst undir fyrir rúmri viku.

# Margrét vildi ekki í varaformanninn

Magnús Þór Hafsteinsson vann öruggan sigur í varaformannskosningu á þingi Frjálslynda flokksins. Margrét Sværissdóttir, framkvæmdastjóra flokksins, en hún gaf ekki kost á sér.

**STJÓRN MÁL** Magnús Þór Hafsteinsson vann öruggan sigur á Gunnari Örlygssyni í kosningu um varaformannsembættið á landsþingi Frjálslynda flokksins í gær. Tæplega 140 greiddu atkvæði og fékk Magnús Þór 70 prósent gildra atkvæða.

Formaðurinn Guðjón Arnar Kristjánsson var einnig endurkjörinn en enginn bauð sig fram gegn honum. Sömu sögu er að segja um Margrét Sværissdóttur, ritara flokksins.

Mikil spenna var í loftinu á Kaffi Reykjavík fram eftir degi í gær. Í upphafi landsþings var ljóst að töluverður hópur fundarmanna vildi hvorki Magnús Þór eða Gunnar í embætti varaformanns og því hófst undirskriftarsöfnun til stuðnings Margrétu. Þegar óskað var eftir tilnefningum í embætti varaformanna í gær nefndi fjöldi manna nafn Margrétar en í stuttri ræðu afþakkaði hún að vera tekin til greina í varaformannsembættið hún gaf hins vegar til kynna að hún ætti hugsanlega eftir að leita eftir þessum stuðningi síðar.

„Ég tel mig núna vera í mjög sterkri stöðu en eins og í pottinn er búið þá sækist ég ekki eftir embætti varaformanns. Mér þætti hins vegar vænt um að eiga ykkur að þegar ég gef kost á mér til trúnaðarstarfa fyrir flokkinn í framtíðinni,“ sagði hún við þinggesti.

Um fimmtíu þinggestir höfðu undirritað áskorun um að Margrét gæfi kost á sér og sjó at-

kvæðaseðlar í varaformannskjöriinu báru nafn hennar, auk þess sem um fjórutíu þinggestir tóku ekki þátt í kosningunni þegar í ljós kom að Margrét gæfi ekki kost á sér.

Gunnar Örlygsson segir niðurstöðu kosninganna ekki hafa komið sér á óvart. „Ég átti von á því að tapa þessu kjöri, alveg sérstaklega eftir að formaðurinn lýsti því yfir í upphafi baráttunnar að hann tæki afstöðu með Magnúsi,“ segir Gunnar en tekur fram að hann virði afstöðu Guðjóns Arnars. „Ég held að það mikla persónufylgi

sem okkar formaður nýtur hafi ráðið úrslitum,“ segir Gunnar.

„Að sjálfsögðu skiptir stuðningur Guðjóns Arnars mjög miklu máli. Við höfum alltaf átt vel saman alveg frá fyrstu stundu,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson. Hann kvaðst mjög þakklátur fyrir stuðninginn og sagði að nú þyrfti að skoða hvernig hægt væri að koma til móts við það sjónarmið Gunnars, sem hann lagði upp í kosningabaráttuna með, að Frjálslyndi flokkurinn ætti að færast lengra til hægri.

thkjar@frettabladid.is



**FAGNAR SIGRI MEÐ FORMANNINUM** Magnús Þór Hafsteinsson vann öruggan sigur í kosningu í embætti varaformanns Frjálslynda flokksins. Gunnar Arnar Kristjánsson var endurkjörinn formaður.

Skotið á blaðamann:

## Töldu sig úr hættu

**ÍTALÍA, AP** „Við töldum hættuna að baki eftir að búið var að bjarga mér. Þess í stað lentum við allt í einu í skothríð,“ sagði Giuliana Sgrena blaðamaður sem haldið var í gíslingu í mánuði í Írak.

Bandarískir hermenn skutu á bíl sem hún var í eftir að hafa verið leyst úr gíslingunni. Leyniþjónustumaður sem bjargaði henni lést af skotsárum og Sgrena og tveir til viðbótar særðust í skotárásinni. Hermennirnir óttuðust að bílsprengrjúrás væri í aðsigi og skutu því á bilinn. Bandarísk stjórnvöld hafa heitið rannsókn á atvikinu. ■



**AFTUR TIL ÍTALÍU** Sgrena var borin særð út úr flugvélinni sem flutti hana heim.

## NORÐURLÖND

**GANGA FYRIR GÍSL** Ættingjar sænsks ríkisborgara sem rænt var í Írak og stjórnmálamañn efndu til fjöldagöngu í Svíþjóð til að þrýsta á um lausn hans. Minas Ibrahim al-Yousifi, bjó um nokkurra ára skeið í Svíþjóð en var rænt eftir að hann sneri aftur til Íraks og lausnargjalds krafist.

## EVROPA

**VARÐ UNDIR JARÐYTU** Austurrískur fornleifafræðingur beið bana þegar hann varð undir jarðyту við fornleifauppgroft í Salzburg. Maðurinn vann við uppgroft á rústum frá tímum Rómverja en þegar jörðin undir ýtunni gaf sig grófst hann undir henni.

Nýr kjarasamningur SFR:

# Lágmarkslaunin verða 113 þúsund á mánuði

**SAMNINGAR** Laun félaga í SFR – stéttarfélagi í almannaþágu hækka um átján prósent samkvæmt nýgerðum samningi við fjármálaráðuneytið. Samningurinn verður undirritaður næsta miðvikudag og mun gilda afturvirkir frá 1. febrúar síðastliðnum til 30. apríl 2008.

Jens Andrésson formaður SFR var nokkuð sáttur við samkomulagið sem náðist klukkan hálf sex í gærmorgun. Með samningnum er tryggt að lágmarkslaun fari ekki undir 113 þúsund krónur á mánuði eftir 1. maí 2006 og einnig felur hann í sér hærri orlofsuppbót. Þar sem nýi samningurinn náði ekki að leysa þann gamla af hólmi á tilsettum tíma

fær launafólk 20 þúsund króna eingreiðslu.

Í svokallaðri HASLA-könnun sem félagsvísindadeild H.Í. gerði fyrir heildarsamtök opinberra starfsmanna kom fram „óútskýranlegur“ launamunur kynjanna. Nú stendur til að gera úttekt á málinu í samvinnu við jafnréttisráð til að eyða því óútskýranlega og bregðast svo við því með úrbótum í maí 2006. Ári síðar fer fram endurskoðun og ráðist verður í nánari úrbætur.

– jse

**JENS ANDRÉSSON** Formaður SFR er sáttur við samninginn.



**Apollo hefur numið land!**  
- ein stærsta leiguflugs-ferðaskrifstofa á Norðurlöndum.

**Nýjar víddir í sólarferðum**  
í samstarfi við Langferðir og Iceland Express.

- Flug á sólarströnd með viðkomu í Kaupmannahöfn.
- Kynntu þér einstakt vortilboð **Netkiúbbs Iceland Express** og á heimasíðu okkar, [www.kuoni.is](http://www.kuoni.is).
- Sætaframboð takmarkað.

Verð frá **55.995 kr.**  
8-mann með öllum sköttum

Innifalið: Flug milli Íslands og Kaupmannahafnar með Iceland Express, hóteli í Kaupmannahöfn, vikupakkir með Apollo með gistingu í tvíþýli, ferðir til og frá flugvelli á áfangastað, þjónusta danskra fararstjóra og allir flugvallarskattar.

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur  
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309  
Netfang: [langferdir@langferdir.is](mailto:langferdir@langferdir.is)  
Heimasíða: [www.langferdir.is](http://www.langferdir.is)  
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

**LANGferðir**

**apollo**

„Þín mynd verður  
ekkert skárri eftir 15 ár“

Pétur Jóhann Sigfússon

Góður myndasími með  
miklum möguleikum

Léttkaupsútborgun:  
**1.980 kr.**  
og 1.250 kr. á mán.  
í 12 mán.

Sony Ericsson K500

Verð aðeins:

**16.980 kr.**



Með símanum  
fylgir 3.000 kr.  
inneign hjá



- Tri-Band 900/1800/1900 GSM
- Þyngd: 80 g
- Music Dj
- Íslensk valmynd
- Taltími: Allt að 7 klst.
- Litaskjár
- Myndavél
- Tekur upp hreyfimyndir
- 12 MB innbyggt minni
- MP3 spilarí
- POP3 og IMAP tölvupóstur

Eingöngu fyrir GSM kort frá Símanum.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 04.03.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	60,64	60,92
Sterlingspund GBP	115,66	116,22
Evra EUR	79,54	79,98
Dönsk króna DKK	10,68	10,75
Norsk króna NOK	9,67	9,73
Sænsk króna SEK	8,79	8,85
Japanskt jen JPY	0,58	0,58
SDR	XDR	92,30
		92,86

Gengisvísitala krónunnar  
109.27 -0,25%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Fyrirhugað Citroën-umboð Brimborgar á Dalvegi:

## Lögfræðingur fylgdi íbúum á fund bæjarins

**ÍBÚABYGGÐ** Forsvarmenn íbúa Hjallahverfis í Kópavogi mættu á fund skipulagsyfirvalda bæjarins og forsvarmanna Brimborgar með lögfræðing sér við hlið. Íbúarnir mótmæla fyrirhugaðri byggingu Brimborgar á lóð gróðrarstöðvarinnar Birkihlíð sem stendur á grænum reit.

Heiðar Þór Guðnason, talsmaður íbúa í Hjallahverfi, segir þá vilja að bæjaryfirvöld skipuleggi Dalveginn í heild. Þeir geti ekki sætt sig við aukna umferð um íbúðahverfið.

Heiðar segir íbúana undrandi á að bílaumboðið reiði fram 165 milljónir fyrir grænt svæði án vilýrðis bæjarins um að bygging þeirra fái að rísa.

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri Kópavogsbæjar, sagði fyrir fundinn að Brimborg hefði ekkert vilýrði fengið. Málið verði skoðað frá öllum hliðum.

Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Brimborgar, segir fyrirtækið ætla að fara að leikreglum þannig að allir geti verið sáttir í lokin: „Við erum ekki á



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

### FUNDAD UM BREYTINGU Á SKIPULAGI

Forsvarmenn íbúa Hjallahverfis í Kópavogi funduðu með skipulagsyfirvöldum og Brimborg á fimmtudag. Íbúarnir geta ekki fallist á að skipulagi um grænt svæði verði breytt svo Brimborg geti byggt bílaumboð.

hraðferð og viljum velja bestu lausnina fyrir íbúana, bæinn og okkur.“

- gag

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**GLANNAR Á SNÆFELLSNESI** Átta öikumenn voru teknir fyrir of hraðan akstur á Snæfellsnesi á föstudagskvöld. Utanbæjar óku sex öikumenn of hratt, sá sem hraðast ók mældist á 140 kílómetra hraða. Í Snæfellsbæ voru tveir teknir á öloglegum hraða. Sá sem hraðast ók var á um 80 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 35 kílómetrar.

**VOR Á KRÓKNUM** Sigurður Jónsson, lögreglumaður á Sauðárkróki, tók nagladekkin undan einkabílum sínum á föstudag. Fyrr en hann hefur áður gert. Hann sagðist viss um að vorið væri komið. Engin áföll hafa orðið í umferðinni síðustu daga, að sögn Sigurðar.



FRÉTTABLAÐIÐ/LEIOL

### STÓRI HÁSKÓLADAGURINN

Fjöldi manns lagði leið sína í Borgarleikhúsið og kynnti sér námsúrval háskóla, annarra en Háskóla Íslands.

Háskólanám:

## Kynntu sér námsleiðir

**NÁM** Fjöldi væntanlegra háskólanema kynnti sér starfsemi sjö háskóla á Stóra háskóladeginum sem haldinn var í Borgarleikhúsinu í gær. Uppákomur sem Listaháskólinn stóð fyrir settu svip á daginn og skemmtu þeim sem komu til að kynna sér starfsemi skólanna.

„Það er búin að vera prýðileg aðsókn,“ sagði Guðjón Helgason, kynningarfulltrúi Kennaraháskóla Íslands, sáttur við hvernig dagurinn þróaðist.

Skólarnir voru hver með sinn bás til að kynna starfsemi sína auk þess sem hver og einn hafði undirbúið erindi sem flutt voru af og til yfir daginn.

- bpj

# Leituðu sannana fyrir skattsvikum

Tuttugu starfsmenn Skattrannsóknarstjóra gerðu húsleit á fjölda vínveitingahúsa. Lagt var hald á bókhaldsgögn og tölvubúnað. Skattrannsóknarstjóri segir markmið aðgerðanna hafa náðst.

**SKATTRANNSÓKN** Starfsmenn Skattrannsóknarstjóra lögðu hald á mikið magn bókhaldsgagna og tölvubúnað þegar þeir gerðu húsleit á fjölda vínveitingahúsa í Reykjavík á föstudags- og fimmtudagskvöld. Flest vínveitingahúsanna, en þó ekki öll, eru í miðbænum.

Tuttugu manns frá skattrannsóknarstjóra og tugar lögreglumannanna tóku þátt í aðgerðinni sem er með þeim stærri sem embættið hefur ráðist í. Lagt var hald á bókhaldsgögnin og tölvubúnaðinn vegna staðfests gruns um skattsvik og kemur í kjölfar nýlegrar skýrslu sem leiddi í ljós að helstu skattsvikamál á landinu væru í formi svartrar starfsemi. Þau brot eru talin algengari í vínveitingageiranum en mörgum öðrum atvinnugreinum og eru þessar aðgerðir viðbrögð við því að sögn Skattrannsóknarstjóra.

Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri sagði að aðgerð-



### Á VÍNVEITINGAHÚSI

Um þrjátíu manns, lögreglumenn og starfsmenn Skattrannsóknarstjóra, tóku þátt í aðgerðum gegn skattsvindli á vínveitingahúsum. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

in hefði tekist vel; ekki komið til neinna átaka og í raun hefðu markmiðin með aðgerðinni náðst. Lagt var til atlögu á fimm staði samstundis til að koma í veg fyrir að menn gætu búið sig undir heimsoðn þeirra. Ávallt voru tveir lögreglumenn með hverjum hópi sem gerðu húsleit til að koma í veg fyrir að skattrannsóknarmenn yrðu hindraðir við störf sín.

Skúli Eggert vildi ekki tjá sig um hvort húsleitirnar hefðu leitt til þess að vinnveitingastaðirnir hefðu verið staðnir að einhvers konar öloglegri starfsemi tengdri

vændi eða fíkniefnum. Hann sagði þó að ef einhverjir vinnveitingastaðir hafi orðið uppvísir af slíku ætti það að vera komið í hendur lögreglunnar. Ekki vildi lögreglan í Reykjavík tjá sig um það hvort einhverjir eftirmálar hefðu komið til þeirra kasta eftir þessar aðgerðir.

Aðgerðirnar tóku mikinn tíma og stóðu yfir frá klukkan átta á fimmtudagskvöldið og til fjögur um nóttina. Hafist var handa á ný um hádegi á föstudegi og ekki lokið við verkefnið fyrr en seinni partinn.

-jse

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**KOPPALOGN** Harald Holsvik, hjá Vaktstöð skipa, segir ekki eins marga báta hafa verið á sjó í gær og ætla mátti af veðrinu, en vel gaf til sjós þar sem blíðviðri var á flestum miðum. Innan við þrjú hundruð bátar voru á sjó – en þegar mest er eru þeir oft þúsund fleiri.

**SLÖKKVILIÐ SAUG VATN** Engir brunar höfðu orðið í Reykjavík um helgina, þegar rætt var við slökkvilið í gær. Eitt útkall var í gær, en þá aðstoðuðu brunaverðir fólk þar sem vatn hafði flætt.

### EVROPA

**FRAMDI SJÁLFSMORÐ** Júri Kravtsjenkó, fyrrum innanríkisráðherra Úkraínu, fannst látinn á heimili sínu. Hann framdi sjálfsmorð. Júri átti að bera vitni á föstudag vegna morðsins á blaðamanninum Georgí Gongadze en höfuðlaust lík hans fannst í skógi fyrir fimm árum.

# Dúndurbók



Auður Jónsdóttir



Komin í kilju

„Greip mig svo fast og snerti mig svo sterkt að ég hreinlega táraðist á stundum.“

Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is

„Í fjórlegri frásögn sinni tekst Auði að draga einkenni þessa tvískinnungs upp á yfirborðið í texta sem er allt í senn; tragískur og myndinn, umburðarlyndur og dómháður, hlýr og kaldranalegur ... afar áhrifarík.“

Frída Björk Ingvarsdóttir, Mbl.



Mál og menning  
edda.is

## Veðrið


### VORBODINN

Veðrið minnir um margt á að vorið sé á næsta leiti með tilheyrandi fuglasöng og birtu. Mörgum finnst t.d. að þegar vorboðinn ljúfi, sjálf Lóan, lætur sjá sig, að þá sé komið vor. Og nú þegar vindarnir sem um okkur leika eru ætlaðir langt úr suðurhöfum gæti vel farið svo að einhverjir farguglar láti sjá sig snemma í ár. En það er líka til orðinn annar vorboði hér á landi og til hans er þegar farið að sjást. Og það eru sjálf fellihýsin og tjaldvagnarnir. Alltaf gaman að sjá vorboða!!




Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur


### Um hádegi í dag



### Á morgun



### Þriðjudagur



### Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	-2°C heiðskirt	Paris	2°C skýjað	Torrevieja	16°C heiðskirt
Oslo	-4°C skýjað	Prag	-1°C skýjað	Róm	10°C skýjað
Stokkhólmur	-6°C skýjað	Amsterdam	3°C heiðskirt	New York	3°C alskýjað
London	6°C skýjað	Varsjá	-4°C alskýjað	Miami	24°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# www.icelandair.is/afangastadir

## Spennandi sumar á Spáni



### COSTA BRAVA, COSTA DORADA, BARCELONA OG MADRID

Spánn er áfangastaður þeirra sem vilja njóta lífsins í sumarsól og geislandi fjöri.

Ferðamöguleikarnir hafa aldrei verið jafnfjölbreyttir og í ár.

Icelandair býður pakkaferðir til strandbæjanna Tossa de Mar og Lloret de Mar á Costa Brava og Sitges og Vilanova il la Geltrú á Costa Dorada, heillandi sólarstaða fyrir fólk á öllum aldri. Við bjóðum einnig pakkaferðir til fegurstu borgar í Evrópu, Barcelona, flug og gistingu á fyrsta flokks hótélum eða flug og bíl. Það er ævintýri líkast að skoða sig um í Barcelona eða fara í lengri eða styttri ferðir um nærliggjandi héruð. Þá eru einnig í boði pakkaferðir til Madrid, höfuðborgar Spánar, töfrandi borgar sem sameinar allt hið besta við Spán, kröftugt mannlíf, ástríðu, ysmikinn nútíma og stolt og rómantík liðinna alda.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).



### Netsmellir

Verð frá **29.500** kr. m/sköttum til Barcelona og Madrid í sumar



Icelandair tekur við MasterCard ferðaávisun í allt flug, þ.m.t. netflug

Flug og gisting

### Vilanova í la Geltrú

Verð frá **44.663** kr.

m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 18.-25. júní og 20. - 27. ágúst

Verð frá 67.790 kr. á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, gisting í íbúð með einu svefnherbergi á Atenea Park Apartments, flugvallarskattur og þjónustugjöld.

### Barcelona – flug og bíll

Verð frá **29.560** kr.

m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 18.-25. júní

Verð frá 37.085 kr. á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, bíll í A flokki í eina viku, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### Madrid – flug og bíll

Verð frá **29.110** kr.

m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 18.-25. júní og 16.-23. júlí.

Verð frá 37.085 kr. á mann m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, bíll í A flokki í eina viku, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

út í heim

ICELANDAIR  
www.icelandair.is



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Borgarstjóri og samgönguráðherra hafa gert samkomulag um Reykjavíkflugvöll.

## Samgöngumiðstöð og flugvöllurinn

Það hefur farið frekar hljótt að borgarstjórinn í Reykjavík Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hafa gert samkomulag um Reykjavíkflugvöll, sem þau svo túlka ekki alveg á sama hátt. Samgönguráðherra hefur fram undir þetta sagt að flugvöllurinn eigi að vera áfram í Vatnsmýrinni, en innan Reykjavíkurlistans hafa hins vegar verið harðir andstæðingar Reykjavíkflugvallar. Þeir hafa ítrekað bent á að flytja þeri innanlandsflugið til Keflavíkur. Eftir að Steinunn Valdís Óskarsdóttir tók við sem borgarstjóri virðist svo sem nokkur þíða hafi komist í flugvallarmálið, og það er greinilegt að hún vill reyna að leysa það friðsamlega svo allir geti sæmilega við unað.

Jafnframt því sem borgarstjóri og samgönguráðherra hafa undirritað samkomulag um Reykjavíkflugvöll, hefur ráðherann lagt fram í ríkisstjórn hugmyndir um samgöngumiðstöð við flugvöllinn. Hún á ekki aðeins að þjóna flugumferð heldur ekki síður langferðabifreiðum. Það er löngu orðið tímabært að reist verði samgöngumiðstöð í Reykjavík, sem hefði viðtækt þjónustuhlutverk. Framtíð flugvallarins hefur tafið þetta mál, en nú virðist loks sem skriður sé að komast á það.

Þegar unnið var að endurbótum á Reykjavíkflugvelli, var norðurbrautin svokölluð lokuð um langan tíma, og virtist það ekki hafa teljandi áhrif á umferð um völinn. Skerjafjarðarbrautin var þá meira notuð og í einstaka tilfellum brautin sem liggur suður undan Landspítalanum. Nú herma fregnir að leggja eigi þessa flugbraut af þegar á þessu ári, nokkrum miss-erum eftir að töluverðum fjármunum var varið til að endurbæta hana. Bent hefur verið á að hægt væri að komast af með eina flugbraut í Reykjavík, og er þá átt við Skerjafjarðarbrautina svokölluðu. Hugsanlega þyrfti að lengja hana til vesturs út í Skerjafjörð og setja Suðurgötu í undirgöng. Við það að leggja af báðar norðurbrautirnar, myndi notagildi flugvallarins eitt-hvað minnka, en eftir sem áður yrði innanlandsflugið í Reykjavík og borgin fengi mikið byggingasvæði í Vatnsmýrinni.

Það er oft hamrað á því að það séu fyrst og fremst hagsmunir landsbyggðarinnar að flugvöllurinn sé í Reykjavík, en svo er ekki. Það er auðvitað mikið hagsmunamál fyrir Reykjavíkurborg, Reykvíkinga og aðra þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu að innanlandsflug verði áfram starfrækt frá Reykjavíkflugvelli. Það er ekki aðeins landsbyggðarfólk sem notar flugvöllinn, heldur ekki síður íbúar og ferðamenn sem eru á höfuðborgarsvæðinu. Æfinga-, kennslu- og einkaflug hefði fyrir löngu átt að vera farið af Reykjavíkflugvelli eins og margoft hefur verið rætt um, en flugvöllurinn á fyrst og fremst að vera fyrir farþegaflug innanlands.

Með því að reisa samgöngumiðstöð í námunda við Loftleidá-hótel, og bæta gatnakerfið í kringum hana, er óneitanlega verið að renna styrkari stoðum undir tilvist innanlandsflugs frá Reykjavíkflugvelli, en með því að leggja niður norður- suðurbrautirnar skapast miklir möguleikar fyrir Reykjavíkurborg, og mega þá ekki allir vel við una?

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p><b>Fyrirspurnir á Alþingi</b></p> <p>Borgar Þór Einarsson gerir fyrirspurnir á Alþingi að umræðuefni á vefritinu Deigluinu nú um helgina. Telur hann þær ofnotaðar og misnotaðar og rekur ýmis dæmi um það. Borgar Þór segir að Jóhanna Sigurðardóttir sé hin ókrýnda drottning fyrirspurnanna. „Margir furða sig eflaust á því af hverju Jóhanna er alltaf í fréttunum. Af langri reynslu hefur hún lært að fátt er líklegra til að tryggja þingmönnum nokkrar sekúndur í kvöldfréttum eða nokkra dálksentímetra í blöðunum en fyrirspurnir á Alþingi, nema ef vera skyldi utandagskrárumræður.</p>	<p>Fyrirspurnir eru fjölmiðlavænar af því að þær krefjast lágmarksinnvið af blaðamanninum. Tökumaður eða ljósmyndari er með í för, tekur myndir af fyrirspyrjanda og ráðherranum. Svar ráðherra er oftast innangangur fréttarinnar og svo kemur: „Þetta kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn Jóhónnu Sigurðardóttur á Alþingi í dag.“ Síðan er rennt yfir fyrirspurnina, svarið og svo viðbrögð frá Jóhónnu í lokin.</p> <p><b>Ríkuleg uppskera</b></p> <p>Og Borgar Þór skrifar: „Hvað höfum við séð margar svona fréttir með Jóhónnu Sigurðardóttur. Þetta ekki væri nema brot af fyrir-</p>
<p>spurnum hennar sem ratar í fréttar, hleypur fjöldi fréttanna á tugum. Frá því í október 2003 hefur Jóhanna Sigurðardóttir lagt fram samtals 107 fyrirspurnir á Alþingi. Það heggur nærri fjórum fyrirspurnum á hverri viku sem þing hefur setið frá síðustu kosningum“.</p> <p><b>Tveir í fullu starfi</b></p> <p>Og eitthvað kostar þetta. Borgar Þór hefur reiknað það út: „Ekki er ótrúlegt að sex heilir vinnudagar fari að meðaltali í að svara hverri fyrirspurn. Það þýðir að ríkið þarf í raun að hafa tvo deildarsérfræðinga á fullum launum allan ársins hring við það eitt að undirbúa svör við fyrirspurnum frá Jóhónnu Sigurðardóttur“.</p> <p>gm@frettabladid.is</p>	

## Sveitavargurinn nýi

Nokkurn veginn alla síðustu öld fluttu kotbændur á mölina – með sveitina í fórum sínum. Á þeirri öld sem er nýhafin munu afkomendur þessara kotbænda skila sveitinni aftur til baka.

Íslendingum tókst að reisa sveitaborg austur úr öllu Sel-tjarnarnesinu; skjálfaði hendi byrjuðu þeir að hanna íbúðagötu og -hverfi þar sem öðru fremur var lögd áhersla á garða, en minna fór fyrir húsum á þessu ógnarflæmi sem einbýlinu var úvegá í skipulagi síðustu aldar. Fyrir vikið er Reykjavík einhver strjálbýlasta borg sem til er í heiminum – og sem afleiðing þessa er stærsti skógur landsins að vaxa upp í borgarlandinu.

Þetta er sérstakt.

Á nýrri öld mun Reykjavík þéttast að miklu mun; bílastæði verða grafin niður fyrir vatnsborð, hús reist þar ofan á – þeim mun nær hvert öðru, þeim mun betra. Smám saman hverfa drullupollabílastæðin á milli húsa – og sömuleiðis vanhirtu garðarnir sem hafa miklu fremur geymt rusl en fólk. Dýrt borgarlandið verður dýrara – en það mun ekki koma í veg fyrir það að fólk flykkist í þéttustu byggðina; þar verður deiglan, þar verður krafturinn.

Það breytir þessu ekkert.

Það sem breytist hins vegar samfara þéttari byggð er að bakgarðar borgarinnar leggja undir sig nálægar sveitir. Þessa sér þegar stað. Jafnvel á venjulegri helgi í febrúar eða mars er álfka umferð austur fyrir fjall á föstu-degi og verið hefur um verslunarmannahelgi. Bílalestin dragnast þetta á fimmtíu kílómetra hraða – og svo sem enginn að flýta sér af því lestin er yfirleitt jafn löng í báða enda. Það er reyndar með ólíkindum hvað umferðin hefur aukist út úr borgarlandinu undir lok vinnuviku – og svo aftur til borgarinnar að áliðnum sunnudegi. Sérfræðingar henda á lofti tölur á borð við tólf prósentu aukningu á umferð um Helligheidi á einu ári. Annað eins er að gerast á leiðinni undir Hvalfjörð.

Byggðamálin eru að snúast við.

Tugþúsundir borgarbúa eru að flytja garðana sína út fyrir borgarmörkin; koma sér upp svolitlu gríðlandi í skjólsælum hvammi skammt frá þjóðveginum – og skjótast þangað um hverja helgi með hamar og sög, hrifu og tréklippur. Já eða sleða

**TÍÐARANDINN**  
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

„Þessir nýju þjóðflutningar hafa gerst af sjálfu sér, vegna fólksins sjálfs sem er fyrir löngu orðið þreytt á misskildum gördum í hjarta borgarinnar en vill miklu fremur njóta víðáttunnar og fjallasýnarinnar þar sem hana er helst að hafa; undir stjörnuþjórtum sveitahimni.“



og hesta. Heilu hóparnir láta það jafnvel vera að reisa sér sína aðra íbúð á þessum sólskinsblettum, heldur taka einfaldlega land í fóstur; lítinn örfoka hól sem þeir breyta í blómlegt verpi með skarni og skít. Flestir reisa sér samt hús; sitt annað heimili, helgarbælið, sumarleyfissæluna – og verða smám saman partur af annarri grennd; svona sveitamennt í bland við annað gott. Stökkbreyting hefur orðið á byggingamarkaði til sveita ... á sama hátt og álfar heyra grasið vaxa, finna bændur hvernig jarðir þeirra bólga í verði. Heilu hrepparnir eru að breytast í tískuhverfi – og sjálf Fljóts-hlíðin er orðin að snobhill. Já, fögur var hún og verður ...

Athyglisvert er að fylgjast

með heilu hreppnum taka þennan fjörkippinn. Dæmisögur af bændum sem voru um það bil að bregða búi en breyttu tünnum sínum í golfvelli og restinni í sumararbústaðalönd eru að gerast um allt land; sérstaklega í uppsveitum vestan lands og sunnan en einnig í nágrenni Akureyrar, Egilsstaða og Ísafjarðar. Og fyrir vikið er tóninn í umræðunni að breytast. Sveitarstjórnarmenn sjá þetta og heyra. Samgöngubætur hafa hingað til verið afgreiddar sem landsbyggðarvæll en eru á skömmum tíma orðnar að ástríðufullu umtalsefni malbikaðra borgarbarna. Aldrei fyrr hafa svokallaðir þéttbýlisbúar verið uppteknari af nauðsyn tví-breiddra brúa og þverun fjarða en einmitt við upphaf nýrrar aldar. Þetta er eiginlega kostulegt og er vel hægt að una við lýmskulegt glóttid sem færast yfir bæjarstjórnara víða um land sem héldu lengi vel að samgöngubætur væru bannorð í umræðunni; heimtufrekja fárra á kostnað hinna mörgu.

Leiðindaorðið landsbyggð er úrelt.

Merking þess hefur altént breyst.

Kannski landsbyggðin sé loksins orðin að raunverulegri landsbyggð; lokkandi, lifandi.


Stór-Reykjavíkursvæðið teygir bakgarða sína vestur í Dali og austur að Söndum. Eftir litla stund í líftíma þjóðarinnar breytist leiðin á milli Akureyrar og Reykjavíkur í skottúr. Byggðaðöxullinn mun liggja um hálandið, fyrr en síðar – og rétt eins og aðrar þjóðir í námunda við eyjuna Ísland munu landsmenn fallast á tvenns konar vegi á milli byggðakjarna; ferðavegi og þjóðvegi, skakka vegi og beina.

Þessi þjóðfélagsbreyting hefur að mestu verið að gerast í kyrrþey. Það eru ekki mörg þingmálin sem tengjast smíði sumarhúsa eða nýjum átján holna golfvelli inn við miðju landsins. Þessir nýju þjóðflutningar hafa gerst af sjálfu sér, vegna fólksins sjálfs sem er fyrir löngu orðið þreytt á misskildum gördum í hjarta borgarinnar en vill miklu fremur njóta víðáttunnar og fjallasýnarinnar þar sem hana er helst að hafa; undir stjörnuþjórtum sveitahimni.

Það verður því ekki sveitavargurinn gamli sem heimtar vegabætur strjálbýlisins á komandi árum, heldur sveitavargurinn nýi. ■

„Frábærlega vel skrifuð“

Kolbrún Bergþórsdóttir, Fbl.



Hrifandi fjölskyldusaga, skrifuð af fágætri stílgáfu eftir einn snjallasta höfund Íslands.



Guðmundur Andri Thorsson

Nú í kilju

„Paulhugsað verk ... óvenju sköpur heildarmynd af þjóðarsál.“  
Frída Björk Ingvarsdóttir, Mbl.


KOMIN Í  
VERSLANIR!



Mál og menning  
edda.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN: Skatthlíð 24, 105 Reykjavík **ABAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## ENN EITT DÆMIÐ UM YFIRBURÐI ÞÝSKRA HEIMILISTÆKJA

### FRUMSÝNUM NÝJAN ASTRA CARAVAN UM HELGINA

Opel Astra Caravan hefur verið endurhannaður frá grunni. Hann er frábærlega búinn og ótrúlega þægilegur í umgengni, enda ætlaður í alla snúninga nútímaheimilisins. Hann er sterkur, rúmgóður og með pláss fyrir alla fjölskylduna – ekki bara þá sem sitja frammi. Innréttingin er falleg og vonduð og minnir á mun dýrari bíla. Hann er lipur og skemmtilegur í akstri. Hann er með allra öruggustu bílum í sínum stærðarflokki. Og hann bíður eftir þér hjá Ingvari Helgasyni. Komdu um helgina, gæddu þér á léttum veitingum og prófaðu nýjan Astra. Opið laugardag og sunnudag frá kl. 12-16.



Opel Astra fékk hæstu einkunn fyrir öryggi hjá EuroNcap

**AÐEINS 19.943 KR. Á MÁNUÐI**

Miðað við bílasamning Glitnis með 615.000 kr. útb. og eftirstöðvar í 84 mánuði.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

# Bláfjallagestir, til hamingju með nýju skíðalyftuna EVEREST

Margfaldaðu punktana þína  
**x3**

**FERÐAÚTVARP**

Með 40 stöðva minni, sjálfvirkri stöðvaleytnu og vekjara.

Verð miðað við 1500 punkta:\*  
**0 kr.**

Verðgildi punkta: x3

\*Tilboðs gildir til 31. mars 2005 eða á meðan birgdir endast.

**Safnkort**  
Punktaðu það hjá þér!

## Grunnnetið verði sjálfstætt fyrirtæki

**BENEDIKT SIGURDARSON**  
SKRIFAR UM GRUNNETIÐ OG SÍMANN.

Nú stendur fyrir dyrum að selja Símann. Síminn er almannaeign – en því miður þannig skilgreind að ríkisstjórnin meðhöndlar fyrirtækið sem „ríkiseign“ – sem er að fullu á forræði ríkisstjórnarinnar. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hamrar á því að grunnnetið verði selt með Símanum – af því að það hafi verið ákveðið árið 2001. Allir muna hvílikt endemis sleifarlag var á tilburðum til sölu Símans á þeim tíma – og flestir sem ég umgengst gera sér einnig glögga grein fyrir því að breytingar í umhverfinu og á tækninni ekki síður hafa orðið gífurlegar frá árinu 2001. Akvörðun sem þá kynni að hafa verið skynsamleg getur þess vegna hafa skipt um samhengi og orðið beinlínis háskaleg miðað við stöðuna í dag. Tæknilega hefur orðið óvænt nálgun þeirrar miðlunar sem áður var aðskilin í formi sjónvarpsmerkis, síma og gagnaflutninga. Gagnvirk miðlun – sem jafnvel nýtir öll sömu kerfi – virðist blasa við.

Reynslan af starfsemi Símans í hlutafélagaforni – 99% í eigu ríkisins – hefur verið blendin. Póst og fjarskiptastofnun og Samkeppnistofnun hafa ekki haldið aga á fyrirtæki sem hagar sér eins og „ríki í ríkinu“ og beitir tæknilegum hindrunum gagnvart samkeppnisáðilum á síma og gagnaflutningum. Tal og síðan OgVodafone hafa fengið að reyna þetta – auk þess sem mörg internetfyrirtæki hafa verið hindruð bæði í aðgengi og í verðlagningu. Visa ég til dæmis á reynslu fyrirtækisins Emax af beinum hindrandi aðgerðum af hálfu ríkisfyrirtækisins Síminn hf.

Síminn annast dreifingu á efni Ríkisútvarpsins – sem á ekkert eigið dreifikerfi. Allir virðast mikið til sammála um að RÚV skuli áfram sinna upplýsingahlutverki sem „óhlutdrægur miðill“ – þrátt fyrir að pólitísk íhlutun hafi um skeið dregið úr trúverðuleika Útvarps allra landsmanna. Verði grunnnet Símans selt með þá er verið að selja dreifikerfi Ríkisútvarpsins á sama tíma. Slíkt mun setja í uppnám þetta mikilvæga lýðræðis- og öryggishlutverk RÚV – og auðvitað sérstaklega gagnvart landsbyggðinni.

Skv. könnunum eru c.a. 70% landsmanna andvíg sölu grunnnetsins – án aðskilnaðar frá Símanum. Bent hefur verið á að uppbyggingu

„**Kemur annars til greina að ríkisstjórnin muni á næstu mánuðum einkavæða Vegagerðina? Mundu þeir þá kannski selja þjóðveg númer eitt til Flytjanda eða til Landflutninga – og selja sama aðila sjálfðæmi til gjaldtöku og til að ákveða hvenær snjómokstur fer fram á Holtavörðuheidi?**“

dreifikerfis hafi um lengri tíma verið hamlað – vegna þröngrar áherslu á „svokallaða arðsemi“ í rekstri hlutafélags ríkisins. Því verður varla trúað að forsætisráðherra vilji nú leggja út í opna styrjöld við þau meginsjónarmið jafnræðis og heilbrigðrar samkeppni sem dregin hafa verið fram gegn sölu Grunnnetsins. Halldór hefur að vísu sagt að það sé ekki hægt að vita hvað átt sé við sem grunnnet. Því er auðvitað til að svara að það er einmitt grundvallarnauðsyn að skilgreina það – áður en til sölu kemur – þannig að unnt verði að fylgjast með þjónustu og verðmyndun í umferð um kerfið. Tæknimenn sem ég hef rætt við segja mér að það sé minnsta mál í heimi að ákveða hvað skuli tilheyra grunnnetinu og ekki þarf annað en að skoða skipurit símans – sem Bynjólfur Bjarnason og Rannveig Rist hafa mælt fyrir – til að sjá hvað er í meginatriðum um að ræða. Í stystu máli eru menn að tala um ljósleiðara og koparvíra og þau tengivirki og starfsemi sem því fylgja. Málið er allt annað en flókið en þessi orðræða virðist dregin fram til að drepa málinu á dreif.

Ég mun ekki mæla gegn því að Síminn verði seldur – og ég mun heldur ekki mæla gegn því að grunnnetið verði selt á sama tíma. Til þess hins vegar að unnt sé að fallast á þá sölu verður að staðsetja grunnnetið í sjálfstæðu dótturfélagi – með sjálfstæða kennitölu og algerlega aðskilda stjórn. Þannig geta eftirlitsstofnanir – Póst og fjarskipta og Samkeppni – veitt aðhald og gripíð til íhlutandi aðgerða ef í ljós kemur að samkeppnisáðilum verði ekki veittur opinn aðgangur að dreifikerfinu – eða ef verðlagningu verður misbeitt.

Ríkisstjórnin hefur alla ástæða

til að kjósa nú þann kostinn sem samstaða getur orðið best um. Aðskilja grunnnetið og glíma við sölu á Símanum – með sjálfstæðu dótturfélagi. Bent hefur verið á að ekki sé þörf á margföldu símadreifikerfi – sem grafið er í jörð. Til að sýna jafnframt hagsýni og samfélagslega ábyrgð væri því snjallræði að bjóða Orkuveitu Reykjavíkur og OgVodafone að sameina sína ljósleiðara og tilheyrandi búnað inn í eitt og sama grunnnetsfyrirtækið sem síðan yrði rekið með lágmarks-kostnaði og undir óháðu eftirliti líkt og nú hefur verið stofnað til með raforokudreifingu Landsnets hf.

Það er bein ögrun við samkeppnishagsmuni fyrirtækja á landsbyggðinni, og mun jafnframt hamla aðgengi heimilanna að háhraðatengingum og fjölbreyttu sjónvarpsefni, ef grunnnetið verður ekki aðgreint frá samkeppnishluta Símans. Það væri því pólitísk skammtsýni og einungis til þess fallið að efna til átaka og ófriðar í samfélaginu ef ríkisstjórnin ætlar að þjónast áfram í málinu. Það er líka aldeilis fráleitt hugmynd að selja einum aðila einokun gagnvart efnisdreifingu um alla landsbyggðina – þar vilja íbúar auðvitað njóta jafnstöðu eftir því sem mögulegt er. Hin nýja tækni í fjarskiptum sem hefur verið að þróast að undanfögnu hefur fært okkur nær slíkum möguleikum. Nýtum þá endilega.

Kemur annars til greina að ríkisstjórnin muni á næstu mánuðum einkavæða Vegagerðina? Mundu þeir þá kannski selja þjóðveg númer eitt til Flytjanda eða til Landflutninga – og selja sama aðila sjálfðæmi til gjaldtöku og til að ákveða hvenær snjómokstur fer fram á Holtavörðuheidi? Hvernig litist okkur á það ef þá væri það háð duttlungum stjórnenda fyrirtækisins hvort við fengjum að aka bíl í atvinnuskyni eftir þessum þjóðvegi – og einkaeigendur hefðu sjálfðæmi um gjaldtökuna? Ég er nokkuð viss um að sá aðili sem ekki fengi að kaupa Vegagerðina og yrði að borga sínhækkandi vegaskatt mundi annað hvort umsvifalaust hætta sinni starfsemi – eða þá mót-mæla svo eftir því yrði tekið þannig að hverfa frá óskynsömum ákvörðunum. Sennilega mundi allur almenn-ingur taka undir með því fyrirtækinu sem yrði sett í svo vonlausu samkeppnisstöðu. Hvað heldur þú?

Höfundur er adjúntur við Háskólann á Akureyri.

## Enn um loðnuna og lífríkið

**HJÁLMAR VILHJÁLMSOHN**  
FISKIFRÆÐINGUR  
SVARAR SKRIFUM UM LOÐNUVEIÐAR.

Í Fréttablaðinu á mánudaginn skrifað einhver sem nefnir sig Pétur Tryggva litla klausu undir fyrirsögninni „Um loðnuna og lífríkið“. Orðbragð þessa pistils og fullyrðingar eru með þeim fádæmum að varla er svaravert. Engu að síður þótti mér rétt að setja nokkur orð á blað um þetta efni enda er það talsvert í umræðunni þessa dagana – á efnislegri nótum sem betur fer.

Loðna hefur verið veidd við Ísland síðan 1964 eða í 40 ár. Veidarnar byrjuðu hér sunnan- og vestanlands í smáum stíl en jukust fljótlega og fóru yfir eina milljón tonna á vertíðinni 1978/79. Síðan hefur aflinn verið mismikill og veiðum stjórnað eftir stærð loðnustofnsins hverju sinni, enda öllum ljóst að allir þurfa sitt – ekki bara mannfólkið. Seinustu 20 árin hefur vertíðaraflinn tíu sinnum farið yfir milljón tonn og þar af sex sinnum verið á bilinu 1,2-1,6 milljónir tonna. Þrátt fyrir þetta leyfi ég mér að fullyrða að seinasta aldarfjórðunginn hafa loðnuveiðar ekki haft teljandi áhrif á vöxt og viðgang þorsksins.

En af hverju hefur framboð loðna á Íslandsmiðum minnkað á allra seinustu árum? Því er til að svara að sjór hefur hlýnað talsvert á undanföllum 4-5 árum, einkum norðanlands og austan. Þetta hefur valdið því að fullorðin loðna hefur komið miklu seinna inn á land-

„**Hér er sem sé móðir náttúra að verki en ekki loðnuveiðar. Hvort menn kjósa að tengja þetta hlýnandi loftslagi skiptir litlu.**“

grunnið fyrir norðan og austan en áður var og skörun útbreiðslu-svæða þorsks og fullorðinnar loðnu hefur því verið miklu minni og staðið skemur en áður. Og þorskurinn étur jú ekki það sem hann nær ekki í.

Fyrir þremur árum breyttust svo rekbrautir loðnuseiða á þann veg að miklu minna endaði norðanlands og austan en áður. Þess í stað rak seiðin lengra norður þar sem þau lentu í Austur-Grænlandsstraumnum, sem þar seiðin yfir á grænlandska landgrunnið þar sem þau ólust upp. Svona hefur þetta verið seinustu þrjú árin og þýðir einfaldlega að uppvaxandi smáloðna hefur heldur ekki staðið til bóða á Íslandsmiðum nema að litlu leyti, hvorki þorski, öðrum fiski eða fugli sem á henni nærast. Aðalástæða þessara breytinga á reki og uppvaxtarsvæðum smáloðnunnar er einnig tengd breytingum á ástandi sjávar og þeim hafstraumum sem eru hér í kringum landið og á nálægum svæðum. Hér er sem sé móðir náttúra að verki en ekki loðnuveiðar. Hvort menn kjósa að tengja þetta hlýnandi loftslagi skiptir litlu. Það má vel vera að svo sé. En sjávarhiti við

Ísland norðanlands og austan er enn ekki kominn neitt í námunda við það sem var á hlývöðristímabilinu sem hófst um 1920 og stóð til 1965. Þar til svo verður og hefur staðið um hríð er í meira lagi hæpið að tala um loftslagsbreytingu. Hún dettur nefnilega ekki yfir á svo að segja einni nóttu.

Loks er að nefna að það er löngu ljóst að treg vesturganga hrygningarloðnu fyrir sunnan land er fyrst og fremst tengd veðurfarum og straumum en ekki veiðum. Síðastliðin 2-3 ár hafa sunnan- og vestan-áttir verið ríkjandi í febrúar og mars. Slíkt veðurfar hægir mjög á straumnum, sem venjulega rennur vestur með suðurströndinni, Reyndar verður oft austurstreymt undir slíkum kringumstæðum, sérstaklega austan við Dyrhólaey. Það þarf ekki mikinn speking til að átta sig á að straumur með eða á móti gönguleið 15-20 cm fisks hefur mikil áhrif á hraða göngunnar. Þessa dagana er mikið rætt um loðnugöngur við landið og margir á því að ekki muni koma meira upp að suðurströndinni austan að. Miðað við það sem var á ferðinni austanlands í janúar og febrúar þykir mér hins vegar ólíklegt annað en enn eigi eftir að bætast í safnið fyrir sunnan, enda ekki kominn nema fyrsti mars.

Það má kannski til sanns vegar færa að náttúran sjái um sig og sína ef hún er látin í friði. En það eru ekki sífelld jól þar á bæ frekar en hjá okkur. ■

**ROPE YOGA WORKOUT**

**2 SPENNANDI NÁMSKEIÐ...**

▼ **ROPE YOGA HELGARNÁMSKEIÐ**

ROPE YOGA helgarnámskeið verður haldið dagana 22-24 apríl 2005. Leiðbeinandi er Guðni Gunnarsson stofnandi ROPE YOGA. Iðkun Rope Yoga leiðir af sér aukinn styrk í kvíð, heldur líkamsþyngd í skefjum og eykur orku og þol. Helgarnámskeiðið er öllum opið

▼ **ROPE YOGA KENNARANÁMSKEIÐ**

ROPE YOGA kennaranámskeið verður haldið dagana 28. apríl til 1. maí 2005. Síðari hluti námskeiðsins verður dagana 9-11 september. Leiðbeinandi er Guðni Gunnarsson stofnandi ROPE YOGA.

Nánari upplýsingar í Hreysti, Skeifunni 19, Sími 368-1717

**HREYSTI**

[www.ropeyoga.is](http://www.ropeyoga.is)





# TÖLVUSKÓLINN ÞEKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík  
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215  
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Næstu  
námskeið  
að hefjast

## Grafík og hönnun

### Vefsíðugerð

- I** Námskeið ætlað byrjendum í vefsíðugerð. Nemendur læra myndvinnslu í Photoshop og búa til sína eigin heimasíðu í Frontpage. Kennsla hefst 14. mars. Nánari lýsing á heimasíðu skólans. Verð kr. 36.000,-
- II** Stutt en markvisst námskeið fyrir lengra komna í gerð þróaðra vefsíðna. Helstu viðfangsefni námskeiðsins: HTML, CSS og Dreamweaver. Næsta námskeið hefst 15. apríl. Verð kr. 39.000,-
- III** Framhaldsnámskeið í hefðbundinni vefsíðugerð. Þátttakendur læra að tengja vefsíður við MySQL gagnagrunnsþjón og nota til þess hina vinsælu ASP tækni frá Microsoft. Kennsla hefst 29. mars. Nánari lýsing á heimasíðu skólans. Verð kr. 42.000,-

### Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt námskeið fyrir byrjendur í grafískri vinnslu hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla. Kennnd er notkun þriggja mest notuðu hönnunarforritanna; Photoshop, Freehand og Flash. Kennsla hefst 14. mars. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans. Verð kr. 65.000,-



## Bókhald

### Hagnýtt og hnitmiðað grunnnám í bókhaldi

Námskeiðið samanstendur af verslunarreikningi, almennu bókhaldsnámi, vsk lögum og reglum og tölvubókhaldi í Navision. Sjá námskrá á heimasíðu skólans. Kennsla hefst 30. mars. Morgun og kvöldhópar. Lengd: 100 kennslustundir. Verð kr. 86.000,-



## Tölvuviðgerðir

### Stutt og gagnlegt

Hnitmiðað námskeið fyrir þá sem vilja verða sjálfbjarga við minni háttar bilanir í vélbúnaði tölvunnar og fá um leið viðamikla þekkingu á innviðum tölvunnar. Námskeiðið er 18 kennslustundir og er kennt tvo laugardaga frá kl 10 til 16. Ítarleg lýsing á heimasíðu skólans. Næsta námskeið: 12. og 19. mars. Verð kr. 25.000,-



### Önnur námskeið:

- Flash
- FreeHand
- FrontPage
- Word
- Excel
- Photoshop

## Tölvunám

### Byrjendanámskeið

Vinsælt 60 stunda námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið. Á þessu námskeiði er allt sem byrjandi þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi á sérlega hagstæðu verði.

- Windows tölvugrunnur
- Word grunnur
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er á mánudögum og miðvikudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið kl 9 - 12 eða kvöldnámskeið kl 18 - 21.

Kennsla hefst 14. mars og lýkur 2. maí.  
(Næstu námskeið hefjast 14. mars)  
Verð kr 36.000, -

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst 60 stunda námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn til að byggja á eða einhverja reynslu af vinnu við tölvur en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni.

#### Kennslugreinar:

- Windows XP og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur og skipulag

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið kl. 9 - 12 og kvöldnámskeið kl. 18 - 21. Kennsla hefst 15. mars og lýkur 3. maí.  
(Næstu námskeið hefjast 15. mars)  
Verð kr 38.000, -

Skráning í síma 544 2210, á vef skólans; [www.tsk.is](http://www.tsk.is) og í netpósti á [skoli@tsk.is](mailto:skoli@tsk.is)

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

„Þegar fólk kaupir disk í dag þá þarf að rukka fullt verð og miða við full afnot. En með stafrænu dreifingunni get ég farið að selja með mismunandi verði. Þetta á eftir að breyta hugsunarhættinum þannig að fólk borgi fyrir afnot en ekki eign. Þú getur notið einhvers án þess að eiga það.“

## Afþreyingarveldi í útrásarhug

Dagur Group, sem áður hét Skífan, er risi á íslenskum afþreyingarmarkaði. Forstjórinn sér fram á miklar breytingar í sölu og dreifingu tónlistar og kvikmynda og segir félagið endurskipulagt til að bregðast við þeim. Hann sér líka fyrir sér útrás.

Nú fyrir helgi var tilkynnt um að hið gamalgróna stórveldi á afþreyingarmarkaði Skífan hefði tekið nýtt nafn og yrði hér eftir kallað Dagur Group. Það er sennilega hætt að koma á óvart að íslensk fyrirtæki skeyti orðinu „group“ aftan við heitið en að sögn Sverris Berg Steinarssonar

forstjóra fyrirtækisins er breytingin gerð til að undirstrika sjálfstæði þeirra eininga sem starfa innan fyrirtækisins.

### Umfangsmikill rekstur í afþreyingarbransanum

Sverrir Berg keypti Skífuna í félagi við Róbert Melax um mitt ár í



Í ÚTRÁSARHUG Sverrir Berg Steinarsson, forstjóri Dags Group, segir að með nýrri tækni í gagnaflutningum og gagnageymslu muni viðskipti fólks með tónlist og annað afþreyingarefni breytast mikið.

fyrri en Skífan var þar áður hluti að Norðurljósamsteypunni. Nú er velta samstæðunnar talin nema um fjórum og hálfum milljarði króna á ári. Innan samstæðunnar eru meðal annars níu verslanir BT, tvær verslanir Skífunnar auk kvmyndahúsanna Regnbogans, Smárabíós og Borgarbíós. Stór hluti íslenskrar tónlistarútgáfu hefur einnig farið fram undir merkjum Skífunnar en hér eftir verður tónlistarútgáfan undir vörueitinu Sena.

### Meiri aðskilnaður

Sverrir segir að sökum umfangs starfseminnar hafi verið talið nauðsynlegt að skerpa betur aðskilnað milli rekstrareininga. Hann segir það meðal annars gert í ljósi þess að rekstur eininganna sé ólíkur í eðli sínu og það sé til dæmis ákveðin samkeppni á milli Skífunnar og BT. BT-verslanirnar eru lágvöruverðsverslanir og í þeim geira snýst reksturinn um daglega samkeppni um verðlag. „Þegar menn reka þannig verslun þá eiga menn að vakna á hverjum morgni með það að markmiði að vinna verðstríð en í hinum búðunum er verið að hugsa til lengri tíma. Skífan er til að mynda settlegri heldur en BT, ef svo má að orði komast, þar er lögð meiri áhersla á langtímahugsun og boðið upp á meiri þjónustu og betra úrval“, segir hann.

### Erfitt að finna gott nafn

Sverrir segir það ávallt vera hálfgerða matröð að velja nafn á fyrirtæki. „Það koma ýmsir þættir til. Menn þurfa til dæmis að hugsa um það hvort lénið sé laust og svo framvegis. Hugsunin hjá okkur var að úr því við ætluðum að nefna fyrirtækið „group“ þá vildum við að fyrri nafnið væri stutt og gott alíslenskt orð. Okkur finnst hafa tekist vel til því Dagur er jákvætt nafn og vísar til framtíðarinnar og nýs upphafs“, segir hann.

Aðspurður um það hvort ekki hafi komið til greina nafnið Skífan Group segir Sverrir að stjórnendurnir hefðu talið heppilegra að finna alveg nýtt nafn og tengja móðurfélagið ekki svo sterkt við eitt af undirfélögum. „Skífan er sterkt vörumerki sem gildir um Skífubúðirnar“, segir hann. Þá segir Sverrir það hafa valdið óþægindum og misskilningi í samskiptum við ýmsa viðskiptavini að öll starfsemin færi fram undir nafni Skífunnar, sem var annars vegar samkeppnisáðili annarra hljómplötuverslana en stendur einnig fyrir útgáfu og markaðssetningu á tónlist sem allar aðrar verslanir eru með í sölu. Þannig voru menn bæði að keppa við Skífuna og kaupa tónlist af félaginu.

Skífan er auk þess vörumerki sem er mjög tengt persónu Jóns Ólafssonar fyrrum eiganda félagsins og Norðurljósa. Sverrir segir að nafnbreytingin sé ekki komin til í ljósi þessa en neitar því ekki að það kunni að vera bónus í þessari breytingu að marka skil milli núverandi og fyrrverandi eigenda.

### Sérdeild um stafræna dreifingu

En það eru fleiri breytingar fyrirhugaðar hjá Degi Group. Ný deild hefur verið stofnuð innan félagsins sem hefur það hlutverk að þróa nýjar leiðir til dreifingar á efni. Hér sér Sverrir miklar breytingar yfirvofandi. „Á síðasta ári voru meiri tekjur í sölu hringitóna í farsíma í heiminum en sem nemur verðmæti sölu á smáskífum“, segir Sverrir og nefnir sem dæmi um breytt landslag í afþreyingariðnaði. Hann segir að þróunin sem nú á sér stað í gagnaflutningum og gagnageymslu bjóði upp á mikla möguleika fyrir fyrirtæki sem eiga rétt á sölu hugverka á borð við tónlist og bíómyndir en Dagur Group á rétt til að dreifa kvikmyndum frá

mörgum af stærstu kvikmynda-verum heims auk þess sem fyrirtækið á dreifingarrétt á stærstum hluta íslenskrar tónlistar.

Hann sér fyrir sér að fólk muni í sífellt meiri mæli kaupa tónlist í gegnum netið og það bjóði upp á þann möguleika að í stað þess að fólk kaupir tónlistina til ævilangrar eignar þá geti það til dæmis borgað nokkrar krónur fyrir að heyra tiltekið lag einu sinni og meira eftir því sem það vill hafa lagið lengur til afnota. „Þegar fólk kaupir disk í dag þá þarf núna að rukka fullt verð og miða við full afnot. En með stafrænu dreifingunni get ég farið að selja með mismunandi verði. Þetta á eftir að breyta hugsunarhættinum þannig að fólk borgi fyrir afnot en ekki eign. Þú getur notið einhvers án þess að eiga það“, segir hann.

### Pantað beint heim

Framtíðarsýn Dags Group í stafrænni dreifingu er að geta boðið fólki upp á að panta eftir þörfum efnis, til dæmis bíómyndir eða tónlist. „Við erum ekki að tala um marga mánuði þar til menn geta farið að panta bíómyndir eða sjónvarpsefni eftir því sem þeim hentar. Við erum að safna í tunnurnar efni og tryggja okkur réttindi til dreifingarinnar“, segir hann. Hann segir að Dagur Group muni ekki standa í dreifingu sjálft en sér fyrir sér samstarf við til dæmis símafyrirtæki. Þannig geti viðskiptavinir pantað sér efni og fjarskiptafyrirtækin sjá svo um að dreifa því og rukka notandann.

### Íslenski tónlist síður stolið

Ólöglegt niðurhal og dreifing á tónlist og ýmis höfundarréttarmál hafa hingað til verið stærstu hindranirnar í vegi fyrir stafrænni dreifingu. Sverrir segir að greinilegt sé að ólöglegt niðurhal hafi vond áhrif á tónlistarmarkaðinn og sé í auknum mæli orðið vandamál varðandi kvikmyndir.

SVP

Samtök verslunar og þjónustu

2005

## AÐALFUNDUR

SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

haldinn 8. mars 2005 á Grand Hótel Reykjavík

### DAGSKRÁ

12:45	Skráning og afhending gagna	
13:00	Ræða formanns Sigurður Á Sigurðsson <i>formaður stjórnar SVP</i>	
	Ávarp Valgerður Sverrisdóttir <i>viðskiptaráðherra</i>	
	Verslun og þjónusta eftir 5 ár Jón Ásgeir Jóhannesson <i>forstjóri Baugs Group hf.</i>	
	Að bera saman epli og appelsínur Dr. Jón Þór Sturluson <i>forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar</i>	
	Niðurstöður viðhorfskönnunar SVP Júlíus Valdimarsson <i>framkvæmdastjóri Lausna ehf.</i>	
14:30	Veitingar - Afhending gagna fyrir aðalfund	
15:00	Hefðbundin aðalfundarstörf	

Fundarstjóri: Ari Edwald *framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins*

### Vinsamlega tilkynnið þátttöku

í síma 511 3000 eða með tölvupósti til svth@svth.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • Sími: 511 3000 • Fax: 511 3001 • Netfang: svth@svth.is • www.svth.is

## 6,2%\* – Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

\*Nafnávöxtun frá 02.02.2005–28.02.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útbóðslýsingar og útdráttar úr útbóðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum í útibúum Landsbankans eða í síma 410 4000.

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

 **Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

„Það hefur verið sú stemning í gangi að mönnum finnst allt í lagi að hlaða niður tónlist án þess að borga fyrir það þótt sama fólki dytti aldrei í hug að fara inn í BT og stela geisladisk,“ segir Sverrir. Hann segir að áhrifin af ólöglegri dreifingu komi meðal annars í ljós þannig að sala á erlendra tónlist í plötubúðum dregst saman á meðan íslensk tónlist stendur í stað. „Annars vegar er aðgengi að íslenskrum tónlist á netinu minna og svo virðist fólk hér á landi hafa þá tilfinningu að það sé eitthvað verra að stela íslenskrum tónlist á netinu og kannski er það að einhverju leyti rétt því markaðurinn okkar er lítil og viðkvæmari,“ segir hann.

#### Íhuga útrás

Pegar fyrirtæki taka sér upp viðskæpti Group hlýtur það að gefa til kynna að stjórnendur hafi metnað til þess að færa kvíarnar í



Hann segir að sér hafi verið hugsað til þessa þegar hann las nýlega ævisögu Sam Walton, stofnanda Wal-Mart, en hann hafi í upphafi ferils síns einbeitt sér að smáum markaðs-svæðum og náð fram góðum rekstrarárangri þar sem aðrir töldu lítið að hafa. Upp úr því spratt stærsta verslanakeðja í heimi. Hann sér samsvörum á milli þessa og aðstöðu íslenskra smásala.

rekstrinum til útlanda. Sverrir segir að þetta komi klárlega til greina. Hann bendir á velgengi sem íslenskir smásalar hafa notið til dæmis í Bretlandi. Hann segir að það herði menn að starfa á íslenska markaðinum. Annars vegar vegna þess að hann sé smár og hins vegar vegna þess að hér ríkir hörð samkeppni. „Þetta þýðir að við getum ekki leyft okkur neitt annað en mikinn aga í rekstrinum,“ segir Sverrir.

„Við erum til dæmis að reka góðar einingar á Ísafirði og Egilsstöðum. Það að við getum rekið verslanir á svo litlu svæði getur reynst okkur vel og með sama hugarfari getum við haft forskot á þá sem hafa vanist því að starfa á risastórum markaði þar sem aginn þarf ekki að vera jafnmikill,“ segir Sverrir.

thkjart@frettabladid.is

## AÐALFUNDUR SÍF HF.



**Aðalfundur SÍF hf. verður haldinn föstudaginn 18. mars 2005, kl. 14.00 í Súlusal Radisson SAS Hótel Saga.**

#### Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á s.l. starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákveðin þóknun til stjórnar.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
  - a. Breyting á 5. gr.: Fækkun stjórnarmanna úr sjö í fimm.
  - b. Breyting á 7. gr.: Reikningsár félagsins verði 1. júlí til 30. júní.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðenda félagsins.
7. Tillaga um heimild stjórnar félagsins til að kaupa hluti í félaginu skv. 55. gr. laga um hlutafélög.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega kunna að verða lögð fyrir fundinn eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Hluthöfum er sérstaklega bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir fundinn.

Um kvöldið verður haldið aðalfundarhóf fyrir hluthafa, gesti þeirra, framleiðendur og starfsmenn SÍF hf. á Radisson SAS Hótel Saga og hefst hófið kl. 20.00. Húsið verður opnað kl. 19.30. Miðapantanir eru í síma 550 8000.

Hafnarfjörður,  
4. mars 2005  
Stjórn SÍF hf.



# Hotel Skt. Petri

Flottasta hótelið í Köben

Kynningaverð kr.17.900,-\*

Skt.Petri er nýjasta 5 stjörnu "design" hótelið í Kaupmannahöfn. Hótelið er hlýlegt, vel búið og fullkomlega staðsett á Krystalgade, í hjarta miðborgarinnar. Krystalgade er hliðargata af Strikinu. Nánasta umhverfi eru verslanir, kaffihús og bestu veitingastaðir borgarinnar. Condé Nast Traveller valdi Skt. Petri eitt af 100 bestu nýju hótélum í heimi á síðasta ári. Skt.Petri var eina skandinavíska hótelið á þessum lista ásamt 101 Hótel í Reykjavík.

\*Ein nótt í tveggja manna herbergi með morgunverðarhlaðborði fyrir tvo.



Bókanir og nánari upplýsingar í síma 534-5000 og á [www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is)



Góð ávöxtun vegur þungt  
– og þar erum við á toppnum!

**7,9%\***

Verðbréf 3 - Peningamarkaður

Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.

\*Nafnávöxtun frá 01.12.2004 - 28.02.2005 á ársgrundvelli



ÍSLENSK VERÐBRÉF  
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · [www.iv.is](http://www.iv.is)

CYRANO DE BERGERAC (1619-1655)  
fæddist á þessum degi.



„Stórt nef er til marks um hnyttinn, kurt-eisan, vingjarnlegan, örlátan og frjálslýndan mann.“

Franska leikskáldið Cyrano de Bergerac var víðfrægt fyrir risastórt nef sitt en sagt var að engin kona gæti staðist fagurgala hans. Leikrit og kvikmyndir hafa verið gerðar eftir verkum hans og ævi.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST

# Réttað yfir Rosenberg-hjónunum

Á þessum degi fyrir 54 árum hófust réttarhöldin yfir Rosenberg-hjónunum, en þau voru sökuð um njósnir fyrir Sovétmenn. Julius og Ethel Rosenberg voru bæði verkfræðingar að mennt og félagar í bandaríska kommúnistaflokknum. Öttinn við kommúnista var í algleymingi um þessar mundir og ofsóknir Josephs McCarthys, öldungardeildarþingmanns á hendum þeirra sem hann grunaði að væru kommúnistar, að ná hámarki. Julius Rosenberg hafði verið rekinn úr starfi sínu hjá ríkinu vegna aðildar sinnar að kommúnistaflokknum. Mágur hans, David Greenglass, var vélamaður í Los Alamos þar sem

Bandaríkjamenn hönnuðu fyrstu kjarnorkusprengjuna. Hann hélt því fram að Julius hafi árið 1945 beðið sig um að smygla trúnaðarupplýsingum um sprengjuna til Sovétríkjana. Hann hafi látið mann að nafni Harry Gold fá þessar upplýsingar sem kom þeim áleiðis til Sovétríkjana. Sovétmenn sprengdu sína fyrstu kjarnorkusprengju árið 1949. Einu haldæru sönnunargögnin um málsaðild Rosenberg-hjónanna var játning Greenglass. Margir töldu að um pólitískar ofsóknir á hendum hjónanna væri að ræða enda var saksóknarinn, Roy Cohn, hjálparhella MacCarthys.



6. OKTÓBER 1951

Réttarhöldin stóðu í mánuð og lyktaði með að Greenglass var dæmdur í fimmtán ára fangelsi, Gold í 30 ár en Rosenberg-hjónin voru dæmd til dauða fyrir njósnir og tekin af lífi hinn 19. júní 1953. Margir telja enn í dag að um pólitískt réttarmorð hafi verið að ræða en aðrir trúa að hjónin hafi verið njósnarar.

## MERKISATBURÐIR

- 1521 Ferdinand Magellan finnur Guam.
- 1836 Mexíkóar bera siguroð af Bandaríkjamönnum við Alamo eftir þrettán daga orrustu.
- 1853 Óeran La Traviata eftir Giuseppe Verdi er frumsýnd í Vínarborg.
- 1918 Bandaríska herskipið Kýklópi hverfur í Bermúða-þríhyrningnum.
- 1946 Frakkland viðurkennir Vjetnam sem ríki.
- 1953 Malenkov verður formaður sovéskra kommúnistaflokksins.
- 1957 Ghana lýsir yfir sjálfstæði frá Bretum.
- 1991 Bandaríkin lýsa yfir sigri í Írak.



Ástkaer eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Aðalheiður Ósk Jónsdóttir**

Aðalgötu 1, Keflavík,

verður jarðsungen frá Keflavíkarkirkju, miðvikudaginn 9. mars kl. 14:00.

Garðar Ólafsson, Inga Ósk Ólafsdóttir, Gissur Hans Þórðarson, Heiða Ósk Garðarsdóttir, Ólafur Ingvi Hansson og Brynjar Þór Hansson.




Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarbug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

**Björns P. Þórðarsonar**

læknis, Sörlaskjólí 78, Reykjavík.

Þórunn Bára Björnsdóttir, Pálmi V. Jónsson, Sigurður Hafsteinn Björnsson, Þórunn Ólafsdóttir, Bryndís Anna Björnsdóttir, Edda Björnsdóttir, Jakob Þór Pétursson, Páll Björnsson, Lilja Jónasdóttir, afabörn og langafabörn.



**BOTNVÖRPUNGURINN** Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur teiknaði þessa mynd af Coot. Skipið var 98 fet að lengd, 155 brúttótonn að þyngd og gekk fyrir gufuafl.

TÍMAMÓT: TOGARAVÆÐINGIN HEFST Á ÍSLANDI

# Coot kemur til Íslands

Á þessum degi fyrir rétttri öld sigldi Coot, fyrsti íslenski botnvörpungurinn, inn í Hafnarfjarðarhöfn og markaði þar með upphaf togaravæðingar landsins.

Forgöngumennirnir í að kaupa Coot voru Einar Þorgilsson, kaupmaður í Hafnarfirði og Björn Kristjánsson, kaupmaður í Reykjavík og alþingismaður. Björn hafði áður lagt fram tillögu á Alþingi um að leigja einn til tvo togara hingað til lands í tilraunaskyni, sem var felld.

Björn fór því á fund Einars og lagði til að þeir myndu sameina krafta sína og ráðast í skipakaup. Björn fann nothæfan bát, Coot, í Aberdeen í Skotlandi. Verðið var 35 þúsund krónur og stofnuðu Björn og Einar hlutafélag með sjö hlutum sem síðar hlaut nafnið Faxaflóafélagið.

Í ársbyrjun héldu hluthafarnir til Skotlands að kaupa skipið. Coot var smíðað í Glasgow árið 1892, var 98 fet að lengd, 155 brúttótonn að þyngd og gekk fyrir gufuafl. Með veiðarfærum og varahlutum, sem fæstir fengust á Íslandi, kostaði skipið 45

þúsund krónur. Arnbjörn Ólafsson var einn skráður eigandi skipsins en Einar Þorgilsson var kjörinn framkvæmdastjóri félagsins. Hinn 1. mars lagði Coot úr höfn í Aberdeen og hélt áleiðis til Íslands.

Útgerð skipsins hófst svo að segja um leið og það kom til landsins og var Indriði Gottskálksson skipstjóri, en hann var einn hluthafanna. Koma Coots til landsins var þó ekki öllum fagnaðarefni. Togara voru illa þökkadír af mörgum sjómönnum og þótti sumum það jafna við landráð að ráða sig á slíkan. Þá fékkst ekki sama verð fyrir fisk úr Coot og úr skútunum, þar sem talið var að togarafiskur væri verri að gæðum. Reynslan sýndi hins vegar annað og kaupmenn fóru fljótlega að kaupa fisk úr Coot á jöfnu verði og annan fisk.

Vidhorfin til togaranna breyttust fljótt ekki síst í ljósi þess að veiðigeta þeirra var margfalt meiri en skútanna. Þess voru dæmi að Coot landaði fjögur þúsund fiskum eftir einn róður, sem var um mánaðarafl

skútu. Þetta skapaði frekari forsendur fyrir útbreiðslu togaratúgerðar hér á landi og vorið 1906 fóru fjórir skútuskipstjórar á fund Thors Jenssonar og báðu hann um að gangast fyrir kaupum á togara. Árið 1907 höfðu Íslendingar eignast þrjá nýja togara, Marzinn, Snorra Sturluson og Jón forseta.

Útgerð Coot gekk vel og var rekin með hagnaði þegar ógæfan dundi yfir. Hinn 14. desember 1908 var Coot á leið til Hafnarfjarðar frá Reykjavík með skútuna Kópanes í eftirdragi. Svo óheppilega vildi til að taugin milli skipanna slitnaði og strengslitrin flæktust í skrófu Coot. Straumur var mikill og bæði skipin ósjálfbjarga. Þau rak stjórnlaut suður fyrir Hafnarfjörð og strönduðu við Keilisnesið um kvöldið. Skipverjar komust allir lífs af en skipin eyðilögðust. Hinn 8. janúar var Coot selt sem strandgöss fyrir 1479 krónur og Faxaflóafélagið leystist upp. En þó saga Coot væri á enda komin, voru þær breytingar sem það hrinti af stað rétt að byrja. ■

Fróðleikur af gardur.is



Merkur læknir og vísindamaður:

**Niels P. Dungal**

Niels Dungal var fæddur 14. júní 1897, sonur Páls Halldórssonar skipstjóra á Ísafirði, síðar skólastjóra Stýrimannaskólans, og k.h. Þuríðar Nielsdóttur, systur Haraldar prófessors. Stúdent í Rvík 1915, las læknisfræði við Hafnarháskóla, í HÍ frá 1918, lauk prófi 1921. Læknir í 5 löndum 1921-26 og við framhaldsnám. Dósent við HÍ 1926, prófessor í sjúkdóma- og réttarlæknisfr. 1932 til æviloka, 29. okt.

1965. Forstöðum. Rannsóknarstofu HÍ 1926-65; kom upp líffsýnasafni. Rektor HÍ 1936-39. Í stjórn og form. Læknafél. Rvíkur um hrið, form. Krabbameinsfél. Rvíkur og Ísl. 1949-65. Sótti ráðstefnur lækna og vísindastofnana, vann við Pasteur-stofnunina 1931. Tíður fyrirlesari erlendis um krabbameinsrannsóknir og varnir gegn krabbameini. Framleiddi nýtt bóluufni gegn bráðapest 1929, fann orsök lungnapestar í sauðfé (sýkilinn), framleiddi bóluufni gegn veikinni og innleiddi nýja meðferð á ormaveiki í sauðfé. Framkvöðull baráttu gegn reykingum. Heiðursfélagi bandarískra sjúkdómafræðinga. Reit fjölda greina í vísindatímarit. Ritsstj. Fréttabréfs um heilbrigðismál. Þýddi og gaf út nokkur rit. Höfundur umdeildrar bókar, Blekking og þekking. 1. k.h.: Hulda Jóhannesdóttir; skildu barnlaus. 2. k.h.: Sigurlaug Kristín Jóhannesdóttir. Þau skildu, sonur þeirra: Leifur læknir. 3. k.h.: Ingibjörg Alexandersdóttir. Börn þeirra: Haraldur læknir og Iris.

Meira á gardur.is



Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

## Nýr vikulegur dálkur

Fréttablaðið hefur gengið til samstarfs við Kirkjugarðasambandið um birtingar á ítarefni um þekktu látna einstaklinga sem eru á legstaðaskránni gardur.is.

Vikulega, á sunnudögum, verður birtur fróðleikur af gardur.is og verður leitast við að velja æviðrög einstaklinga af ólíkum toga og af báðum kynjum. Jón Valur Jensson ættfræðingur tindi saman ævidrögin. Vefurinn gardur.is er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands og geta aðstandendur fengið birt efni um látinn ástvin á vefnum. ■

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinum á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is. Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## AFMÆLI

Ingólfur Guðbrandsson, tónlistarmaður og ferðamálafrömuður, er 82 ára í dag.

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir læknir er fimmtug í dag.

Ragnar Axelsson ljósmyndari er 47 ára í dag.

Sigmundur Emir Rúnarsson fréttaritstjóri er 44 ára í dag.

Arnar B. Gunnlaugsson fótboltamaður er 32 ára í dag.

Bjarki B. Gunnlaugsson fótboltamaður er 32 ára í dag.

## ANDLÁT

Þórhallur Björgvinsson, frá Þorgerðarstöðum í Fljótadal, Útgarði 6, Egilsstöðum, lést miðvikudaginn 2. mars.

Guðrún Júlía Elíasdóttir, Aðalsteini, Stokkseyri, lést föstudaginn 4. mars.

## FÆDDUST ÞENNA DAG

1475 Listamaðurinn Michelangelo, sem meðal annars gerði styttuna af Davíð og málaði loft Sixtínsku kapellunnar í Róm.

1926 Alan Greenspan, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, er af sumum talinn einn áhrifamesti maður heims.

1928 Nóbelsverðlaunaskáldið Gabriel García Marquez, sem skrifaði meðal annars Hundrað ára einsem.

1944 Óperusöngkonan Kiri Te Kanawa frá Nýja Sjálandi hefur komið oftar en einu sinni til Íslands.

1944 David Gilmore, gítarleikari og söngvari Pink Floyd.

1945 Kvikmyndaleikstjóri Rob Reiner sem hefur gert myndir á borð við This is Spinal Tap og When Harry Met Sally.

1972 Shaquille O'Neal, körfuknattleiksmaðurinn risavaxni.

# Opið í dag

BT Skeifan, BT Kringlunni, BT Egilsstöðum, BT Selfossi kl. 13 til 17

BT Smáralind kl. 12 til 18

**FERMINGAR  
VELIN**

## TOSHIBA *Satellite*



- Toshiba Satellite L10E**
- Intel® Celeron® M 1.4 GHz
  - Front Side Bus 400 MHz, 512K
  - 256MB DDR minni
  - 40GB S.M.A.R.T. drif
  - 15" TFT XGA (1024 x 768)
  - Intel extreme graphics 2 skjástýring
  - DVD og CD skrifari (Combo)
  - 10/100 Ethernet og V.90 móttald
  - VGA, TV-OUT • 3x USB 2.0, hljóð inn/út
  - PC Card Type II rauf, 2 minnisraufar (1 laus).
  - Víðoma hátalarar og 16 bita hljóðstýring
  - Snertimús og margmiðlunarhnappar

**2.834\***

Tölvukaupalán 48 mán.

**7.999\*\***

Vaxtalaust 12 mán.

**95.988**

Staðgreitt

\*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

\*\*Miðað við jafnar vaxtalausr greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



### Celeron M

Nýji Celeron M örgjörvinn er byggður á Centrino tækni og afkastar mun meira en eldri Celeron örgjörvar



### Intel Extreme 2

Frábær þrívíddar skjástýring frá Intel. Intel Extreme tæknin sér til þess að anú getur þú spilað leiki í fartölvunni þinni.



### Notaðu tvo skjái

Með þessari tækni getur þú stækkað skjáplássid til muna. Þægilegt ef verið er að vinna í mörgu í einu.

**2.834\***

## Walkman



**1.649**

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**19.788**

**SONY**

MZ-NH600/S

### Sony Hi-MD Walkman 1 GB

- Geymir öll gögn (músik/PC gögn/Video)
- USB tengi bus powered (PC Upload)
- High Speed data transfer (100X)
- Pláss fyrir 7 daga af tónlist

FYLGIR

## Ferðaspilari



### Aiwa Ferðaspilari m/útvarpi

- XP-ER800R
- E.A.S.S. hristivörn
- Útvarp FM/AM 20 Stöðvaminni
- Spilar CD-R CD-RW diska

**6.999**

**8.999**

## MP3 spilari



**256 MB**

**Botn verð**

**MEDION**

### Medion USB minnislykill

- MD40838
- 256 MB USB Minnislykill
- MP3 spilari

**9.999**

# Vaxtalaust tilboð



Myndarlegasta mús í heimi herna, góðan daginn!

**SONY**

Sony Cyber-shot DSC-P43

### Aðdráttur

Með 3x digital aðdrætti nærð þú smáatriðunum sem skipta máli í fullum gæðum.

### PictBridge

Þráðlaus tenging við prentara.

### Hleðslurafhlióður

Óflug hleðslurafhlióður tryggja þér allt að 450 myndir í hverri hleðslu.

### Hreyfimyndataka

Taktu upp hreyfimyndir með hljóði í MPEG movie VX.



**1.799**

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**21.588**

STADGREITT



**Tilboð**

128MB

Sony memorystick minniskort á 999 kr. með DSC-P73 og DSC-P43

**999**

**5.999**



01 - 8019

**Biðin er á enda.** Í dag opnar ný glæsileg stóla- og kláfalyfta í Bláfjöllum. Forseti Íslands mun ræsa lyftuna kl. 11:00. Í kjölfarið hefst fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Frítt í allar lyftur og ókeypis skíðakennsla í tilefni dagsins. Sjáumst í brekkunum.

\* „JIBBI“ \*



**Nægur snjór í fjöllum!**



# Karلاكrabba- mein í vexti

Heilsa kvenna er mikið í umræðunni, en minna fer fyrir umfjöllun um heilsu karla og lítil fræðsla um óvægna sjúkdóma, leiðbeiningar og hópskoðanir, líkt og konur fá í tilfellum brjósta- og leghálskrabbameins. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir ræddi við Jón Gunnlaug Jónsson yfirlækni Krabbameinsskrár Krabbameinsfélagsins um vaxandi krabbamein í körlum.

Spyrðu konu hvers vegna brjósta- og leghálskoðun sé nauðsynleg, og líkur á réttu svári eru yfirgnæfandi. Hið sama er ekki endilega uppi á teningnum spyrjir þú karlmann hvers vegna hann ætti fara í eistnaskoðun.

## Hækkandi tíðni karlakrabba- meins

Krabbamein í eistum er algengasta tegund krabbameins sem greinist hjá ungum mönnum og í efsta sæti illkynja æxla karla á aldrinum 25 til 45 ára á Íslandi. Tíðni þess hefur farið hækkandi, án þess að fyrir því liggi þekktar orsakir. Á árunum 1998 til 2002 var meðalaldur þeirra sem greindust með sjúkdóminn 38 ár, en meðalfjöldi tilfella á ári er átta til tíu.

Jón Gunnlaugur Jónsson, yfirlæknir Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands, læknir hjá Rannsóknarstofu Háskólans í meinafræði og annar höfunda bókarinnar Krabbamein á Íslandi, sem Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands gaf út í fyrra, segir lítið vitað um ástæður þess að tíðni eistnakkabameins fari nú vaxandi meðal ungra, íslenskra karla.

„Við vitum því miður lítið um orsakir, en okkur er kunnugt um ýmsa áhættuþætti. Við vitum að hætta á krabbameini eykst ef eista hefur ekki gengið niður í pung hjá drengjum, en þá hefur mun hærri hiti verið á eistanu en æskilegt er. Við vitum líka að myndun æðagúla umhverfis vinstra eistað, þar sem æðadreifing er með öðrum hætt en í hægri eista, eykur hættu á krabbameini; líka vegna of mikils hita. Þá hafa verið uppi getgátur að þeir sem stunda mikið heita potta séu í áhættuhóp, sem og þeir sem hafa fengið bólgu í eistum.“

## Fylgst með óljósum verkjum

Jón Gunnlaugur segir að líklega gæti tregðu við að leita læknis hjá körlum vegna mögulegra krabbameinseinkenna, karlmenn átti sig ekki allir á einkennum sjúkdómsins. „Illkynja æxli í eistum finnst hjá körlum á aldrinum 25 til 45 ára. Á því aldursskeiði hafa menn sjaldnast hugann við að eitthvað alvarlegt ami að þeim, en verða meira vakandi gagnvart heilsu- bresti þegar þeir eldast. Þess vegna kemur þeim oftast mjög á óvart að þetta geti gerst.“

Eistun, staðsett í pungnum, eru kynkirtlar mannsins og framleiða karlhormónið testósterón sem myndar sæðisfrumur, milljónir á hverjum sólarhring. Krabbamein í eistum er alvarlegasta og þýðingarmesta orsök sársaukausrar fyrirferðar- aukningar í eistum en æxlin eiga í flestum tilfellum



JÓN GUNNLAUGUR JÓNSSON YFIRLÆKNIR. „Illkynja æxli í eistum finnst hjá körlum á aldrinum 25 til 45 ára. Á því aldursskeiði hafa menn sjaldnast hugann við að eitthvað alvarlegt ami að þeim, en verða meira vakandi gagnvart heilsu- bresti þegar þeir eldast. Þess vegna kemur þeim oftast mjög á óvart að þetta geti gerst.“

**Krabbamein í eistum er í efsta sæti illkynja æxla karla á aldrinum 25 til 45 ára** Óvenjuleg fyrirferð, þykkildi, eða það að eista stækkar úr takti við hitt eistað er algengasta einkenni krabbameins í eistum, sem og óljósir verkir og þrýstingsverkir. Meinið dreifir sér helst í lungu og eitla, en batahorfur hafa batnað mikið á síðustu árum.

staka sinnum mergskipti.

„Meðferð eistnakkabameins leiðir ekki til getuleysis en stundum veldur lyfjameðferð minnk- aðri frjósemi. Heilbrigða eistað nægir venjulega til áframhaldandi frjósemi, en líka hægt er að frysta sæðfrumur fyrir aðgerð og nota síðar til frjóvgunar.“

## Blöðruhálskirtilskrabbamein á uppleið

Í lok árs 1987 hófst á Íslandi skipulögð hópleit að brjósta-krabbameini með brjóstarröntgenmyndatöku. Þrátt fyrir hratt vaxandi tíðni blöðruhálskirtilskrabbameins hjá körlum fer enn ekki fram skipulögð hópleit hjá þeim.

„Tíðni blöðruhálskirtilskrabbameins fer ört hækkandi en við vitum ekki af hverju,“ segir Jón Gunnlaugur. „Nú er gert meira af PSA-blöðrannsóknunum á körlum, en aukinn styrkur PSA í blóði getur verið vísbending um krabbamein. Einnig er blöðruhálskirtillinn rannsakaður með fingurþreifingu og ómskoðun í gegnum enda- þarm, og stundum þarf að heflla burt hluta af honum.“

Krabbamein myndast af samspili gena og umhverfis en Jón Gunnlaugur segir það sem vitað og þekkt sé til gena geti í mesta lagi útskýrt 10 til 15 prósent krabbameina. Aðrar orsakir finnast í umhverfi okkar, lífsháttum og fæðu. Kúrfa krabbameins í blöðruhálskirtli snarhækkar eftir fimmtugt.

„Blöðruhálskirtilskrabbamein er einkennalaust lengi og getur verið útbreitt þegar það greinist. Því er mikilvægt að huga að einkennum út frá þvaglátum, en tíð þvaglát, erfiðleikar við að byrja þau, kraftlítil þvagbuna, erfiðleikar við að tæma þvagblöðruna og næturþvaglát geta allt verið merki um krabbamein, sem og blóð í þvagi. Nú er farið að gera talsvert af því að fjarlægja blöðruhálskirtilinn allan, en menn geta lifað án hans, þótt þeir verði ófrjórir á eftir.“

## Krabbamein á frumstigi læknan- legast

Blöðruhálskirtilskrabbamein getur dreift meinvörpum í bein hrygg- súlunnar sem fylgja bakverkir, gjarnan í neðri hluta hryggjarins. Jón Gunnlaugur segir mikilvægt að greina krabbamein snemma í sjúkdómsferlinu svo betur gangi að lækna þau.

„Það má segja að það borgi sig að vera vel á varðbergi í tilfellum sem þessum, en alltaf getur verið um dulda afneitan að ræða hjá báðum kynjum. Það er enginn sem segir manni að fólk hafi ekki áttað sig á stærðar fyrirferðar- aukningu í eista eða brjósti, sem hefur verið til staðar í langan tíma. Karlar ættu alls ekki að vera feimnir við að leita læknis þar sem trúnaður ríkir og skoðunin sjálf ekkert tiltökumál, hvorki fyrir lækni eða sjúkling.“ ■

## Skíðadeild Hauka

óskar Bláfjallagestum til hamingju með nýju lyftuna!



## Á eftir Kóngsgili kemur kaka!

Skíðablikar bjóða öllum öfum og ömmum, pöbbum og mömmum, frændum og frænkum, bræðrum og systurum í kökuhlaðborð og kaffi í Breiðabliksskálunum (beint fyrir ofan aðalskála) á sunnudaginn.

Verið velkomin!  
Skíðadeild Breiðabliks



Landsbankinn



Samskip



upptök sín í þeim frumum sem mynda sæðfrumur.

„Óvenjuleg fyrirferð, þykkildi, eða það að eista stækkar úr takti við hitt er algengasta einkenni krabbameins í eistum, en það finna menn sjálfir með því að þreifa á eistunum. Óljósir verkir og þrýstingsverkir geta líka verið merki um illkynja vöxt, en fyrirferðar- aukning er fyrst og fremst það sem þarf að vera á varðbergi gagnvart.“

Sjálfsskoðun á eistum er best að gera í eða á eftir steypibaði þegar húð pungsins er slök. Þá er hvoru eista um sig haldið milli fingra beggja handa og rúllað varlega í leit að óvenjulegri fyrirferðar- aukningu, sem oftast er sársauka- laus og á stærð við baun.

## Krabbamein í getnaðarlím

Krabbamein í eistum skiptast í tvo meginflokkka: sæðfrumu-krabbamein (seminoma) og önnur frjófrumukrabbamein (non-seminoma). Sæðfrumukrabbamein, oftast hjá mönnum milli 30 og 45 ára, uppgötvað yfirleitt áður en það hefur náð að mynda meinvörp. Önnur frjófrumukrabbamein vaxa hraðar, eru illviðráðanlegri og geta myndað meinvörp snemma. Þau koma frekar fyrir hjá karlmönnum milli tvítugs og þrítugs.

„Áður fyrr var langt gengið krabbamein í eistum dauðadómur en nú eru batahorfurnar góðar, en fer nokkuð eftir tegund meinsins. Einn mesti sigur í glímuni við krabbamein er það sem lýtur að eistnakkabameini og hefur sú viðureign gjörbreyst til batnaðar á undanförunum árum. Langoftast er æxli bundið við annað eistað en

einstaka sinnum eru komin æxlis- meinvörp í lungu, eitla aftan við kvíðarholið og eitla í nára,“ segir Jón Gunnlaugur.

Einnig er til fágæt tegund krabbameins sem greinist í getnaðarlím.

„Þar greinast eitt til tvö sjúkdómstilfelli á ári. Einkenni krabbameins í lim er fyrirferð utan á glans- og forhúð limsins, sem og annars staðar á húð hans; svona totóttar meinsemdir sem skera sig oftast vel frá eðlilegri húð en geta einnig verið sármyndandi.“


## Sjúk eistu fjarlægð

Krabbamein í eistum og getnaðarlím eru ekki efst í huga ungra karla, þótt það finnst oftast ekki á þeim viðkvæma stað. Krabbamein í blöðruhálskirtli fer hratt vaxandi og er algengasta krabbamein íslenskra karla. Meðalfjöldi tilfella er nú 164 á ári, sem er sama nýgengi og brjóstakrabbamein hjá konum. Karlar geta snúið sér til heilsugæslulækna eða beint til þvagfærasérfræðings ef einkenni finnast.

„Þá þreifa læknar á eistum en sérfræðingur finnur fljótt meinsemd með þreifingu. Sé eitthvað óljóst þarf að gera litla aðgerð, opna inn að eistanu og skera úr því lítinn bita í frystiskurð til rannsóknar. Svar fæst tafarlaust og sé vöxturinn illkynja þarf að fjarlægja eistað. Tölvusneið- myndarannsókn er svo beitt til að athuga hvort æxlið hafi myndað meinvörp í eitlum eða fjarmeinvörp,“ segir Jón Gunnlaugur og bætir við að lyfjameðferð sé nauðsynleg hafi krabbameinið dreift sér um líkamann og ein-



**Til hamingju með nýju skíðalyftuna!**  
Félicitations avec le nouvel ascenseur de ski!



Himinn og haf / SIA

**POMA**



# Tekin hús á Laugavegi

ER ÞETTA GÖTUMYND SEM ÞARF AÐ VARÐVEITA? Þessi fjögur hús mynda til samans Laugaveg 4 og 6 sem eigendur mega nú rífa og byggja ný í þeirra stað.

Ekki eru allir á eitt sáttir um þá ákvörðun skipulagsyfirlvalda að leyfa að tuttugu og fimm hús við Laugavegin verði rífin. Lítið hefur þó heyrst frá heimamönnum á Laugavegi. Þeim sem eiga lifibrauð sitt undir þökum húsanna. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir skoðaði ástand og aðstæður í morgungöngu með þremur kaupmönnum við Laugaveg.

Það er fimmtudagsmorgunn á Laugaveginum. Húsin rétt svo vöknuð. Mörg þeirra sperra sig montin í finum fötum mót nýjum degi. Sum ung. Önnur eldri en elstu menn. Á milli þeirra grúfa sig minni spámennt. Eins og þeim sé illt í maganum. Fá í framan. Með lélegt sjálfsálit. Varla til mikilla afreka héðan í frá.

## Ólögleg vinnuástaða

Fyrir framan eitt þeirra stendur gullsmiðurinn Þorbergur Halldórsson. Miðbæjarmaður. Þjó í timburhúsi við Skólavörðustíg og lærði gullsmíði í húsakynnum Fjalakattarins heitins. Rekur skartgripaverslunina Brilliant við Laugaveg, en líka í Smáralind og Kringlunni. Hann vill bjóða mér í morgungöngu um stærstu verslanagötu höfuðstaðarins. Þá sem allir eiga minningar við. Reyndar svo kærar að ekki má hrófla við neinu. Allavega alls ekki húsunum.

„Við eigum endilega að vernda þau mörgu hús sem hafa söguleg eða fagurfræðileg gildi, en í sumum húsanna hér stendur ekki steinn yfir steini,“ segir Þorbergur og vísar til heitra skoðana-skipta um húsin tuttugu og fimm sem leyfi hefur fengist fyrir frá borgaryfirlvöldum að hverfi fyrir fullt og allt.

„Það hefur gleymst að heyra sjónarmið verslunar- og íbúðareigenda við Laugaveg. Vinnuástaða er kolólögleg í mörgum húsanna og til skamms tíma stundum ekki verið klósett. Hér vantar húsnæði sem stenst kröfur nútímans og henta stærri einingum. Allir eru sammála um að byggja aftur í réttum hlutföllum, en einnig hús fyrir þá sem gera kröfur um ákveðinn fermetrafjölda, loft-hæð, aðstöðu og aðgengi. Sem dæmi vilja margar alþjóðlegar merkjaverslanir ekki fara í klasana heldur í miðbæinn, eins og Zara, sem ekki fann húsnæði á Laugavegi. Kynslóðir unglunga hafa vanist því að versla í klósunum og koma ekki á Laugavegin til að versla. Með nýjum, nútímalegum byggingum undir slíkar verslanir fáum við aftur streymi af yngra fólki og það er það sem þarf til að Laugavegurinn lifni við.“

## Rottugangur í kjallaranum

Yfir götuna kemur Guðrún Jóhannesdóttir, eigandi Kokku. Hún vill koma með í skoðun á aðstöðu verslunarfélks í gömlum og nýjum húsum Laugavegarins. Við byrjum í undirfatabúð. Húsið er forskalað. Lítur ansi illa út. Við búðarborðið stendur verslunarstjórinn sem hleypir okkur þangað sem starfsfólkið á aðfrep. Herbergið er tveir fermetrar, á móti því skot með tjaldi fyrir til mátunar. Hvort tveggja lygileg sjón. Í herberginu er allt í senn: klósett, skúringaherbergi, kaffistofa og lager verslunarinnar.

„Ég býð ekki starfsfólkinu upp á að sitja með matardiskinn á klósettinu en leyfi þeim í staðinn að borða við af-



**SÍMON WIUM KAUPMAÐUR Í TÍSKUVALI.** Ef Vinnueftirlit ríkisins og Hollustuvernd ynnu vinnuna sína yrðu aldrei liðnir vinnustaðir eins og eru í gömlu húsunum.“

greiðsluborðið,“ segir verslunarstjórinn og opnar hurð að kompu, inn af því sem kallast máttunarklefi. Þar er strákústur strengdur fastur við niðurfall, í þeim tilgangi að hindra uppgang rottna sem búið hafa um sig í kjallaranum.

Þorbergur þekkir til hússins því hann skoðaði það sem mögulegt verslunar-rými 1988.

„Þá var húsið ónýtt og hefur ekki verið gert handtak við það síðan. Hér er enginn grundvöllur fyrir endurbótum og iðnaðarmenn beinlínis neitað að fara aftur inn vegna hættu á hruni. Klóaklagir eru úr sér gengnar og klóakfýla alla að drepa. Því miður er þetta víða svona við Laugavegin.“

## Engar glerhallir

Við höldum áfram för í reisulegt timburhús. Í kjallaranum er tiskuverslun, en húsið er ekki á listanum „25“. Ekki enn.

Guðrún í Kokku segir fólk ekki átta sig á málavöxtum. „Það er búið að gefa leyfi til að rífa sum húsanna, en eigendur mega ekki fara í þá framkvæmd nema leggja inn teikningar fyrir nýju húsi sem standast þurfa strangar kröfur um nýtingu, útlit og fleira. Húsin verða að falla inn í gamla stílinn og klæða götuna. Hér munu því engar glerhallir rísa.“

Eigandinn vísar okkur á bak við. Það sama er uppi á teningnum. Í einni og sömu kompunnari er salernisskál, hluti lagers, kaffiástaða og skúringakompa. Yfir sjálfu klósettinu hangir slá með dýrindis síðkjólum. Sumum mun lengri en nemur loki klósettsetunnar.

„Við reynum að gera sem best úr þessu, en getum ekki leyft kúnnum að fara á klósettið hér. Sjálfar þurfum við að skáskjótast með aðra rasskinnina til að geta sest, en hér er ekki hægt að setjast niður og borða, nema sitjandi á klósettinu.“

Hún sýnir okkur máttunarklefan sem er staðsettur í miðjum stiga en inn af honum er hurð sem opnast út á bak við hús, þangað sem starfsfólk þarf að sækja vörur á lager. Lagerinn er í gömlum skúr sem eitt sinn var lítil vélsmiðja.



**GUÐRÚN JÓHANNESDÓTTIR, KAUPKONA Í VERSLUNINI KOKKU.** „Við viljum fallegar búðir sem draga að fjölskyldu- og menntafólk.“

## Nútíma verslanalíf

Handan götunnar er Tískuval þar sem Símon Wium tekur á móti okkur. Húsið er eitt af þeim nýjustu við Laugaveg.

„Velkomin í alvöru húsnæði,“ segir hann. „Hús sem er sérstaklega byggt fyrir verslunarstarfsemi.“

Verslunin virðist endalaust löng og þá er eftir annað eins rými fyrir aðstöðu starfsfélks og lager; verslunin ein er 147 fermetrar. Loft hæð er mikil, tvö klósett, rúmgóð kaffistofa, ræstiherbergi, lager og stór skrifstofa.

„Þetta er alvöru aðstaða,“ segir Símon. „Nóg pláss til að taka upp vörur; vörulyfta, bílageymsla, aðgengileg rafmagnstafla, lagir fyrir net og síma, og stórar ruslageymslur. Svo tala menn um niðurrif! Ég vil tala um uppbyggingu, ef reka á nútímastarfsemi.“

Símon slæst í för með okkur. Við skoðum fleiri af nýju húsunum. Þetta eru alvöru vinnustaðir. Rými sem heldur vel utan um starfsfólkið.

„Þetta gera nútíma kröfur og ef Vinnueftirlit ríkisins og Hollustuvernd ynnu vinnuna sína yrðu aldrei liðnir vinnustaðir eins og eru í gömlu húsunum,“ segir Símon um leið og hann rekur augun í hellusteina í gangstéttum við dyr verslanna.

„Þetta gerir borgin og svo stínga fínar frúr hælunum ofan í gapið milli steina og snúa sig, milli þess sem götusóparinn sópar upp sandi á milli steina,“ segir hann og hristir hausinn.

## Venjulegt fólk

Gamli miðbærinn í Reykjavík verður seint borinn saman við nýbyggða verslunarklasa. Þau Þorbergur, Guðrún og Símon segja frá fleiri vandræðum í gömlum húsum sem mörg eru byggð á klöppum. Í þeim er flóð og fjara. Lagerar standa á háum brettum til að skemmast ekki. Margir þurfa að vaða í ökkla á stundum. Einhver hefur sett gám í bakgarðinn til að rýmka aðstöðuna, en þarf enn að bakka bogrundi inn á klósettið.

Guðrún segir þau ekki í andstöðu við Torfusamtökin. „Hér eru mörg glæsileg, gömul hús sem alls ekki mega hverfa, en það er til millivegur og deginum ljósara



**ÞORBERGUR HALLDÓRSSON, GULLSMÍÐUR Í BRILLIANT.** „Margar alþjóðlegar merkjaverslanir ekki fara í klasana heldur í miðbæinn, eins og Zara, sem ekki fann húsnæði á Laugavegi.“

að hér er skortur á húsnæði. Og undarlegt að á verðmætum lóðum skuli enn standa hús sem sum eru að hruni komin. Það vill enginn búa í hreysum og ekki alltaf venjulegt fólk sem tekur þar bólfestu. Við viljum fallegar íbúðir sem draga að fjölskyldu- og menntafólk. Finna heilbrigðan takt við Laugavegin, verslanir og mannlíf sem ekki eingöngu tengjast krám og veitingastöðum.“

Þorbergur telur íbúðarlóru Laugavegarins breytast með nýjum og fallegum íbúðum. „Um tíma var helsta dógreni bæjarins yfir búðinni minni, en því miður er staðreynd að enginn með sæmilega sómatilfinningu vill búa í þessum verðlausu hjóllum.“

## Dauði yfirvalda

Símon bendir á hús sem byrjað er að molna og veldur slyshættu fyrir vegfarendur. „Staðreyndin er sú að byggingarnefnd er dauð. Hún fer ekki eftir þeim reglum að fylgja málum eftir og er sofandi á vaktinni, en samkvæmt skilmála á hún að gera kröfu um að húsum sé haldið við í einhverju lágmarki. Dæmi er um að mönnum hafi verið hótáð dagsektum í þrjú ár, en það er ekki nóg að hótá.“

Það er komið að kveðjustund. Við tökumst í hendur að síð Íslendinga. Yfir okkur vaka húsin sem öll geyma sögu, en Símon segir Árbæjarsafn á vísam stað.

Þorsteinn Garðarsson í Red/Green hefur orðið. „Húsin voru ágæt á sínum tíma, en nú hefur nútíminn tekið við. Þetta minnir á söguna um hamarinn hans afa. Fyrst brotnaði skaftið og þá skipt um nýtt. Svo týndist hausinn og var skipt um hann. Samt var þetta hamarinn hans afa! Það er eins með sum húsanna hér. Þau hafa verið endurnýjuð að hluta, byggt við þau og þrjónað við. Eru ekkert eldri en hamarinn hans afa og spurning hvort ekki sé verið að varðveita tuttugu ára gamlar spýtur úr Byko. Það er gott að hafa möguleika á að byggja nýtt og fáránleg sú hræðsla að menn vilji byggja eitthvað ljótt í staðinn. Það ætlar sér enginn að gera. Við viljum aðeins byggja upp, en ekki rífa niður. Það er kominn tími á breytingar.“ ■

# Laugavegurinn á ekki að vera Árbæjarsafn

Bolli Kristinsson kaupmaður í Sautján er mikill fagurkeri og hefur lagt sitt á vogarskálarnar til að gera miðbæ Reykjavíkur fallelgrí. Hann vill sjá meiri uppbyggingu við Laugaveginna áður en öll verslun deyr í hjarta borgarinnar.

Bolli Kristinsson kaupmaður í Sautján er baráttumaður um bættan miðbæ en hann hefur rekið verslanir við Laugaveginna hátt í 30 ár. Verslunin Sautján hóf rekstur sinn árið 1976 við Laugaveg 46 og segir Bolli það ekki hafa verið böðleg húsa-kynni. „Það var erfitt að versla í þessu gamla húsnæði. Aðgengi var slæmt og aðstaða starfsfólks mjög bágborin. Þetta gerði það að verkum að áhugi minn vaxaði á skipulagsmálum. Ég sá að það hlyti að vera hægt að sjá betta betra,“ segir Bolli.

Árið 1985 fór hann að vinna með Sigurði Gísla Pálmasyri að skipulagsmálum fyrir Kringluna. Í gegnum það samstarf segist Bolli hafa kynnst mörgum góðum arkitektum og skipulagsmönnum og hann var fljótur að læra. „Mér fannst þetta mjög skemmtilegt. Ég hef verið áhugamaður um skipulagsmál síðan og tel mig vera mjög fljótan að sjá hvað betur megi fara í þeim efnum,“ segir hann.

## Gott að alast upp á Laugavegi

Það er ekki að undra að Bolli hafi áhuga á Laugaveginum því þar bjó hann sem barn og flutti þangað aftur þegar hann komst á full-orðinsár.

„Laugavegurinn er kannski ekki besti uppeldisstaður í heimi en ég ólst þar upp og lærði bara að passa mig,“ segir hann og bætir við að það hafi verið svo mikið líf á Laugaveginum þegar hann var lítill. „Þeir sem muna eftir Laugaveginum þegar hann iðaði af mannlífi vilja endur-vefja þá stemningu. Því miður

virðast húsafríðunarsinnarnir ekki skilja til hvers það þurfi uppbyggingu. Fólk hefur engan áhuga á að koma hingað niður eftir til að upplifa aðalverslunargötuna sem Árbæjarsafnsgötu. Síðasta húsið sem ég byggði við Laugaveg er húsið númer 89, þar sem 17 Jeans er á götuhæðinni. Mér finnst það mjög fallett borgarhús. Egill Helgason hefur kallað þennan byggingarstíl „Reykjavíkklassík“ og finnst mér það eiga vel við,“ segir hann og bendir á Laugaveg 42, Laugavegsapótek, Gamla bíó og Egils Jacobsens-húsið, sem nú hýsir skemmtistaðinn REX, en þau eru öll í sama byggingarstíl.

„Við teljum þetta vera aðalverslunargötu borgarinnar og önnur eins gata verður ekki byggð hvorki í Kópavogi, Garðabæ eða Hafnarfirði. Það verður annaðhvort þessi gata eða engin gata.“

„Ég myndi vilja sjá meira af húsum í þessum stíl í bland við litrík og falleg bárujárnshús. Saman myndi þetta spila skemmtilega símfónu.“

## Kringlan borgar brúsan

Bolli átti lengi vel húseignir við Laugaveg 51 og 42 en hann segir að hann hafi orðið að selja þær því það hafi ekki borgað sig að leigja þær út og reksturinn hafi verið rekinn með tapi. „Við erum með níu verslanir í Kringlunni

og eina í Smáralind en okkur langar gríðarlega mikið að opna fleiri búðir hérna við Laugaveginna. Verslanir eins og Kultur og Karen Millen ættu vel heima við Laugaveginna. Eins og staðan er núna er hins vegar enginn grundvöllur fyrir því vegna þess að það er ekki til böðlegt húsnæði.“

Bolli segir að peningarnir í rekstri verslana hans komi úr Kringlunni en hjartað slær hins vegar í miðbænum. „Ég væri löngu orðinn gjaldþrota ef ég væri bara með verslun við Laugaveginna. Húsafríðunarfólkið verður að fara að skilja að verslun á þessari götu gengur mjög erfiðlega og er haldið uppi af einyrkjum sem vinna 12, 14 tíma á sólarhring. Undanfarin ár hafa fullt af verslunum yfirgefið miðbæinn, til dæmis TopShop, Tékkkristall og Cosmo. Við teljum þetta vera aðalverslunargötu borgarinnar og önnur eins gata verður ekki byggð hvorki í Kópavogi, Garðabæ eða Hafnarfirði. Það verður annaðhvort þessi gata eða engin gata. Ef húsafríðunarfólkið heldur svona áfram verður engin verslunargata og bara örfáar búðir hér í einhverju hoki,“ segir Bolli sem vill fara að sjá breytingar.

„Framkvæmdirnar á Laugaveginum mega alveg gerast hratt. Það skiptir þó mestu máli að þær gerist vel og fallega. Við verðum að setja miklu meiri kröfur á arkitekta, borgarskipulag og þá aðila sem standa vörð um það að hér verði byggð falleg miðborgarhús. Í framhaldinu af því þurfum við að huga betur að

bílastæðamálum. Það eru um 800 manns að flytjast búferlum í Skuggahverfið og tónlistarhússfrankvæmd í bígerð. Það er því mjög auðvelt að sjá fyrir sér að Reykjavík gæti orðið gjörbreytt borg sem við gætum verið stolt af.“

## Vill búa í fegurri borg

Bolli hefur líka verið talsmaður þess að fá meira líf í Hljómskálagarönn og að byggja við Sundhöll Reykjavíkur. Til þess hefur hann fengið arkitekta til að teikna upp hugmyndir sínar og hefur hvergi verið til sparað. „Ég hef bara gaman að þessu. Það er svo miklu betra að sýna hlutina myndrænt heldur en tala um hlutina,“ segir Bolli. Hann segist þó alls ekki vera mikill sundmaður þó hann hafi lært að synda í Sundhöllinni. „Mér finnst þessi græni grasbali sunnarmegin við Sundhöllina, sem ekkert er notaður, tilvalinn fyrir úti-laug og baðstæði. Það er fátíðlegt að fólk sem býr í miðbænum þurfi að fara upp í Árbæ eða í Laugardalinn til að fara í sund undir berum himni.“ Aðspurður um hvort eitthvað sé að gerast í þessum sundlaugarmálum segist hann lítið vita. „Út af fyrir sig finnst mér það voða skrítið því allir tóku svo vel í þessa hugmynd enda myndi þetta auka mannlífið í hverfinu. Ég veit ekkert hvað borgaryfirvöld eru að gera. Mér finnst að þau eigi að hrinda þessu í framkvæmd,“ segir hann og bætir við að Reykjavík sé besta borg í heimi, hann vilji bara gera hana fallelgrí. ■



BOLLI KRISTINSSON Í 17. Hefur unnið að málefnum miðbæjarins af mikilli huggsjón um árabíl. Hann vill sjá fleiri byggingar í þessum stíl við Laugaveginna en þetta hús reisti hann árið 1989.

# Glæsilegar páska- og vorferðir

<p><b>Kanarí</b> 2.-18. mars - á Marbella Golf Netverð á mann frá <b>49.900</b> kr. miðað við að 2 ferðast saman.</p>	<p><b>Benidorm</b> 19.-31. mars - á Halley Netverð frá <b>43.140*</b> kr. 60.180 kr. ef 2 ferðast saman</p>	<p><b>Portúgal</b> 17.-29. mars - á Alagoamar Netverð frá <b>47.790*</b> kr. 70.115 kr. ef 2 ferðast saman</p>
<p><b>Costa del Sol</b> 8.-19. maí - á Santa Clara Netverð á mann frá <b>53.700</b> kr. miðað við að 2 ferðast saman.</p>	<p><b>Mallorca</b> 18.-25. maí - á Pil Lari Playa Netverð frá <b>38.435*</b> kr. 45.960 kr. ef 2 ferðast saman</p>	<p><b>Alicante</b> Páskar 19.-31. mars Netverð - flugsæti <b>29.980</b> kr. á mann</p>

Innifalið: Flug, gisting og flugvallarskattar.  
\*M.v. að 2 fullorðnir og 2 börn 2ja - 11 ára, ferðist saman.

**Bókaðu strax - besta Plúsferðaverðið á netinu!**


Verð miðast við að bókað sé á netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

Plúsferðir • Hlíðasmára 15 • Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is

**plús**  
FERÐIR

# MESTA ÁHORF Í

Könnun Gallups dagana 4.-10. febrúar



Ekki missa af nýjum þáttum í mars:



#### ÞAÐ VAR LAGID

Nýjasta æðið. Fjölskylduþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn



#### REYKJAVÍKURNÆTUR

Íslenskir gamanþættir framleiddir af Baltasar Kormáki.



#### ELDSNÖGGT MED JÓA FEL

Vinsælasti sjónvarpskokkur landsins snýr aftur.



#### MEDIUM


Spennuþættir um þekktasta miðil Bandaríkjanna. Þættir sem hafa slegið í gegn.

# SÖGU STÖÐVAR 2

## 15 vinsælustu þættirnir

Allir landsmenn undir 50 ára

1	Idol-Stjörnuleit	57,3 %
2	Idol-Stjörnuleit símakosning	51,7 %
3	Spaugstofan	46,3 %
4	American Idol	31,0 %
5	Laugardagskvöld með Gísla Marteini	30,0 %
6	Örninn	29,4 %
7	The Amazing Race	26,4 %
8	The Simpsons	25,1 %
9	CSI: Miami	25,0 %
10	Sjálfstætt fólk	24,9 %
11	Strákarnir – mánudaga*	24,0 %
12	Punk'd	23,5 %
13	24	23,4 %
14	Gettu betur	23,3 %
15	Strákarnir – þriðjudaga*	23,3 %



Hlutdeild í sjónvarpsáhorfi:  
konur undir 50 ára.



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

\*Strákarnir voru ekki tilgreindir sérstaklega í dagbók. Því má gera ráð fyrir að áhorf á þættina sé meira.

## Saga af... lærlingi

Við erum á fasteignasölu í Reykjavík fyrir um tuttugu og fimm árum. Þar starfa ásamt eigandanum, sem þótti hrokafullur og var fámáll, ritari sem var ung kona alin upp í sveit, var röggson og vissi að að ljúka varð öllum verkum sem byrjað var á, dugnaðarforkur, og söluumaður sem var drengur ágætur. Þeim þremur tókst að afla sér ágætlega, þó skoðanamunur væri mikill. Svo kom að eigandinn réð lærling, launalaust. Sá vildi verða söluumaður og þeir, það er eigandinn og lærlingurinn, gerðu með sér samning um að lærlingurinn kynnti sér starfið, launalaust.

Svo fór að söluumaðurinn og ritari reyndu að fræða lærlinginn. Fer fáum sögum af árangri kennslunnar. Dag einn tók lærlingurinn að grúka í geymslu sem var inni af kontórnum. Þar fann hann tvo gamla blekpenna, sjálfblekunga, og krukku af bleki. Hann vildi umbuna sölumanninum fyrir þægindin í sinn garð og gaf honum annan pennann, sem hann hafði áður fyllt af bleki.

Næst er frá að segja að söluumaðurinn var upptekinn í símtali þegar tilkynnt er að fleiri vilji ná tali af honum. Hann losnar ekki strax, þannig að lærlingurinn talar við þann sem hringdi. Það reyndist vera kona sem ætlaði að koma og gera tilboð í búð sem hún hafði skotað kvöldið áður. Lærlingurinn sótti fast að fá að taka á móti tilboðinu. Söluumaðurinn var hugsí, en sagði já með skilyrðum. Þannig háttáði til að söluumaðurinn og lærlingurinn sátu í herbergjum sem voru samhliða, hurðarop var í milliveggnum, en

SIGURJÓN M. EGILSSON  
sigurjon@frettabladid.is



## NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR með Sigurjóni

Þar sem skrifborðin voru nánast á sama punkti herbergjanna sá söluumaðurinn ekki lærlinginn þar sem hann sat við borðið, og ófugt. Söluumaðurinn gat hins vegar séð þá sem sátu gegnt lærlingnum. Hann sagðist ætla að þykjast vera við vinnu, en reyna að hlusta eftir að allt gengi vel eftir. Svo kom að konan og maðurinn komu til að gera tilboðið. Ritari vísaði þeim inn til lærlingsins og settust þau gegnt honum. Söluumaðurinn kinkaði kalli til þeirra og þóttist eftir það vera upptekinn við vinnu. Þau höfðu ekki setið lengi þegar þau skelltu upp úr, ekki venjulegum hlátri, heldur vandræðalegum en innilegum hlátri. Fengu ekki við sig ráðið.

Andarataki síðar birtist lærlingurinn í hurðaropinum. Hann var ekki bara skelfdur. Hann var blekblár og var æft í gamla Hálogalandsbragganum. Þetta var mjög skemmtilegur tími, og umhverfið var allt öðru vísi fyrir krakka en í dag, menn léku sér á götum úti á þeim tíma. Seinna lék ég svo með Ármanni í knattspyrnu þegar félagið stofnaði knattspyrnudeild.

Hvada kom fyrir, spurði söluumaðurinn. Lærlingurinn svaraði engu, en tár mynduðust í augum hans. Konan sagði að hann hefði orðið svo stressaður þegar hann ætlaði að skrifa niður tilboðið að hann hefði sett pennann að vörum sér og í taugakasti saug hann eins og hann ætti lífið að missa allt blekið úr pennanum. Hann var sendur heim í leigubíl og kom ekki aftur. Hjónin keyptu íbúðina.

# Var lífsglaður strákur

Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari Íslands í handbolta, segist hafa verið fjórlegur þjakkur í meira lagi og er þakklátur fyrir að alast upp á tímum sjónvarpsleysis, þó hann hafi stolist ásamt félögunum niður á Laugaveg á miðvikudögum klukkan sex til þess að horfa á Bonanza í gegnum glugga á sjónvarpsverslun.

## Otrateigur, Reykjavík, 1960 til 1965

Ég er alinn upp í Laugarneshverfinu, og við þessa götu bjó ég mín fyrstu ár í hverfinu. Barna hóf ég minn handboltaferil. Hverfið skiptist í Ármanns- og Framhverfi og ég hóf feril minn með Fram í handboltanum og var æft í gamla Hálogalandsbragganum. Þetta var mjög skemmtilegur tími, og umhverfið var allt öðru vísi fyrir krakka en í dag, menn léku sér á götum úti á þeim tíma. Seinna lék ég svo með Ármanni í knattspyrnu þegar félagið stofnaði knattspyrnudeild.

## Hrísateigur, Reykjavík 1965 til 1967

Við vorum búin að búa í nokkur ár á Otrateignum þegar foreldrar mínir keyptu lóð undir einbýlishúsi við Hrísateig. Grunnur var grafinn sem fljótleiga fylltist af drullu og þá fengum við bræðurnir alveg snilldarhugmynd. Ég var þá sendill hjá hverfisbúðinni og hafði til umráða sendilshjól. Við bræðurnir skelltum upp vegg við grunninn og borguðum nokkrum strákum tuttu og fimm krónur, fyrir að hjóla á hann og steypast niður í drulluna á bólkaf. Við rukuðum svo fimmtíu krónur í aðgangseyri og komum út í göðum gróða, en þetta athæfi var síðan stöðvað af móður eins drengjanna, sem var ekki þar hrifin þegar sonur hennar kom heim drullugur upp fyrir haus.

## Otrateigur, Reykjavík, 1967 til 1970

Það var stríð í þessu hverfi milli þeirra sem bjuggu á Austurbrún og í Teigunum, en þeim hópi var stjórnað af Gísla Rúnari Jónssyni leikara. Einu sinni var blásið til styrjaldar og þá höfðu safnast saman um hundrað og tuttugu krakkar, reiðubúnir til orrustu. Undirbúningurinn hafði staðið lengi og við bræðurnir höfðum staðið í einhverju þrasi við Gísla Rúnar og félagana. En þetta spurðist vel út og þegar orrustan var rétt hafin kom löggæfingin á vettvang. Magnús Einarsson heitir hann, varðstjóri í dag, og var á risastöru lögguhjól. Hann var svona Rambó okkar tíma. Hann þurfti ekki annað en blikka ljósunum einu sinni og þá var hópurinn tvístraður. Við bárum rosalega virðingu fyrir honum.

Við spiluðum alla daga fótbolta niðri á gamla sundlaugatúninu. Ég man eftir því að einu sinni kom karl, okkur fannst hann allavega vera karl, dálítið rauðbirkinn. Hann spurði okkur hvort hann mætti ekki spila með okkur, og við leyfðum honum það. Þegar við spurðum hann af hverju hann spilaði fótbolta með einhverjum guttum, þá sagðist hann vera að halda sér í formi vegna þess að hann væri skemmtikraftur. Við komumst síðan að því að þetta var hann Ómar Ragnarsson.

## Laugateigur, Reykjavík, 1970

Við fluttumst svo tímabundið á Laugateigin meðan húsið var í byggingu. Þetta var náttúrlega fyrir tíma sjónvarpsins, og menn brölluðu hitt og þetta. Ég man eftir því að við bræðurnir fórum oft niður á Laugarnestanga, við skítarör, og veiddum kola með steypustyrktarjárnnum. Við fylltum síðan



VIGGÓ SIGURÐSSON MEÐ HUNDUNUM SÍNUM TVEIM „Ég spilaði fótbolta með rauðhærðum karli, sem reyndist vera Ómar Ragnarsson að halda sér í formi.“

kjallarann af þessu, stoltir af því að hafa veitt í matinn næstu daga. Þegar mamma kom heim lét hún okkur vita af því að þeir væru fáir sem ætu marhnúta og kola og þá sérstaklega ef þeir væru veiddir við skítarör. Við þurftum því að moka allri veiðinni aftur í hjólbörur og skila henni í hafid.

Þegar svo sjónvarpið kom til skjalanna vorum við ekki að setja fyrir okkur að ekkert tæki væri á heimilinu. Við einfaldlega tókum strætó niður á Laugaveg og horfðum á framhaldsþættina í verslunarglugga. Ég man að Bonanza var alltaf á miðvikudögum klukkan 6, og við misstum ekki úr þátt. Annars held ég við bræðurnir höfum verið óttalegir gaurar. Við vorum mikið á ferðinni.

## Selvogsgrunn, Reykjavík, 1971

Við fluttum okkur um set og þá kom auðvitað ekkert annað til greina en að vera áfram í Laugarnesinu og keyptu foreldrar mínir hús við Selvogsgrunn. Fjölskyldan hefur alltaf haldið miklu ástíðni við Laugarnesið og nýlega fluttu foreldrar mínir á ný í Laugarnesið, enda hafði pabbi orð á því að nú væru þau komin heim á ný.

## Sunnubraut, Kópavogur, 1972 til 1975

Þangað flytjumst við hjónin og komum okkur upp heimili. Þrátt fyrir að vera kannski þekktur fyrir að vera leikmaður Víkings hérna heima hef ég aldrei búið í Víkingshverfinu og ætla aldrei að gera. Þeir verða örugglega alveg brjáladir strákarnir í Fossvoginum.

## Kríuhólar, Reykjavík, 1975 til 1979

Við keyptum okkur svo okkar fyrstu íbúð við Kríuhólana í Breiðholti. Við hjónin erum kannski mest Breiðhýltingar og kunnur ákaflega vel við okkur hérna, og höfum í raun alltaf komið hingað í hverfið eftir að hafa verið erlendis.

## Pobla de Lillet, Barcelona, 1979 til 1981

Þegar ég gerðist svo atvinnumaður í handboltanum hjá FC Barcelona fluttum við á Pobla de Lillet. Við bjuggum við hliðina á hinum þekktu íþróttaleikvangi Camp Nou, sem er heimavöllur Barcelona-liðsins. Ég kunní svona þokkalega við mig þarna, þó ég þrífist ekkert vel í svona stórborgum, þetta er svona aðþrengjandi, allt of mikil umferð og ég var til að mynda aldrei með bíl, tók bara leigubíl. Ég náði að verða Spánarmeistari með liðinu og held að ég og Ólafur Stefánsson séum þeir einu sem hefur tekist það.

## Oswald Spengler Strasse, Leverkusen, 1981 til 1983

Frá Spáni lá svo leiðin til Þýskalands, nánar tiltekið Leverkusen í miðju Ruhr-héraði. Þar bjuggum við í Oswald Spengler Strasse. Við vorum aðeins 20 mínútur þaðan inn í miðborg Kölnar.

Það var mikill munur að koma frá svona blóðheitum Spánverjum yfir í Þýska agann. Þeir á Spáni voru kannski svona kæruleysilegri, en það var meira aðhald í Þýskalandi, sem ég kunní vel við. Atvinnumannalíf er svona hálfgera sældarlíf, æfingar á morgnana og kvöldin, leikur einu sinni í viku og góður frítími á milli. Á þeim tíma sem við vorum þarna

var mikið af Íslendingum, Axel Axelsson og Atli Eðvaldsson, og við höldum hópinn eins og landanum er samt.

Seinna árið okkar þar kom svo Sigurður Gunnarsson, æskufélagi úr Víkingi, til Leverkusen og það var alveg frábært að hafa landa sinn hjá sér. Hjá löndum erlendis myndast alltaf vinskapar sem verður ólíkur öðrum.

## Trönuhólar, Reykjavík, 1983 til 1987

Við seldum Kríuhólana þegar við fluttum til Spánar og keyptum fohelt hús við Trönuhóla. Þarna gerðum við mikil mistök. 100% verðbólga var á þessum tíma og nær allt okkar fé fór í að klára húsið. Við fluttum svo inn árið 1983, en lánin voru fljót að vaxa yfir húsið og við gáfumst upp. Þarna fór mikið af okkar sparifé í hreina vitleysu og oft hefur maður blótað fjármálaástandinu sem var á þessum tíma.

## Lynghagi, Reykjavík 1987 til 1989

Við seldum Trönuhólana og keyptum okkur íbúð við Lynghaga. Rétt hjá Dabba. Frábær gata alveg við Ægisíðu og alltaf leið okkur jafn vel, hvar sem við höfum nú búíð.

## Engjasel, Reykjavík, 1989 til 1990

Við vorum ákveðin í að eignast aftur einbýli og festum tímabundið kaup á íbúð við Engjasel með það að markmiði að trappa okkur upp í stærri eign. Við vorum heppin á þessum tíma, minni eignir hækkuðu á meðan stærri eignir stóðu í stað.

## Lindarsel, Reykjavík, 1990 til 1996

Við keyptum okkur svo fallett einbýlishús við Lindarsel og komum okkur vel fyrir. Þetta er heimili okkar í dag, frábært hús með útsýni yfir borgina. Þegar við fórum aftur úr settum við húsið á leigu, sem betur fer. Vorum að hugsa um að selja en eins og allir vita hafa svona eignir hækkað langt umfram annað.

## Ferdinand Lassalle Strasse, Wuppertal, 1996 til 2000

Ég gerðist svo þjálfari hjá Wuppertal og þar bjuggum við í götu sem heitir Ferdinand Lassalle Strasse. Við vorum um tuttugu Íslendingar þarna og það var mikill samgangur á milli. Konurnar héldu mikið saman og þrátt fyrir að ég væri þjálfarinn skemmdi það ekkert fyrir vinskapanum. Við vorum komin með fjögur börn, og það var mjög gott að vera með þau þarna úti. Þau voru reyndar orðin svo miklir Þjóðverjar í sér að ef við hefðum verið eitt ár í viðbót hefðu þau ekki komið með okkur heim. Ég kann vel við Þjóðverjana, finnst þeir vera gott fólk

## Lindarsel, Reykjavík, 2000 –

Eins og nútíu og fimm prósent þeirra sem fara út í atvinnumennskuna er maður kominn heim og ég kann best við mig hér heima. Það blundaði vissulega í mér þegar ég hætti með Haukana að fara aftur út, en þegar börnin eru annars vegar er erfitt að fara að rífa sig upp og fara af stað. Ég útiloka ekki neitt, en verð samt líka að horfast í augu við það að ég er ekkert að yngjast og get ekki verið að stússast í þessu endalaust. ■

## NLP-nám

### Samskipti og sjálfstjórnun

Hrefna Birgitta Bjarnadóttir er alþjóðlegur NLP-kennari og verður með 3ja daga grunnnámskeiði í NLP dagana 10.-12.apríl nk. Námskeið þetta er hægt að nýta sem hluta af Practitioner menntun sem er í heild 120 tímar.

Allar nánari upplýsingar veita Guðrún Harðardóttir í síma 863-0800 og Hrefna Birgitta í síma 00-47-99509750 og 00-47-71254642 Noregi



Kennari er Hrefna Birgitta Bjarnadóttir NLP kennari/ meðhöndlari/þjálfari.

## Listmálaravörur



**JARN & GLER**  
Járn og gler hf. Skútvogur 1H  
Barkarvogsmegin. S: 5858900  
**Listalagerinn**

## MESSUFALL

Í umsjón Önnu Kristine Magnúsdóttur  
Alla sunnudaga kl. 11.

Hún olli usla í Alabama þar sem hún geystist um á mótorhjól á stuttbuxum. Hún var aldrei sátt við aðskilnað svartra og hvítra. Hún fór fyrst á sjóinn 16 ára gömul og gerðist síðan kokkur á skuttogara. Þegar hún var 42 ára réði hún sig sem barnfóstru til Þýskalands.

Dagbjört Óskarsdóttir úr Grindavík er kjarnakona sem segir Önnu Kristine frá lífi sínu í dag kl. 11.

Þátturinn er endurtekinn í kvöld kl. 20.

**Talstöðin**  
FM 90,9



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	8.17 13.39	19.02
AKUREYRI	8.05 13.24	18.44

Heimild: Almanak Háskólans

## FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

Í dag er sunnudagurinn 6. mars, 65. dagur ársins 2005.

### STÖRF Í BOÐI

- Verzlunarstjóri
- Skrifstofustjóri
- Framkvæmdastjóri
- Sjávarútvegsfræðingur
- Prófdómari
- Starf í móttöku
- Skiltagerð
- Verkfræðingur
- Kennarar
- Viðgerðarmenn
- Fjármálastjóri
- Rafvirkjar
- Afgreiðslustarf
- Verkfræðingar
- Hjúkrunarfræðingur
- Sölumenn
- Leikskólakennarar
- Tæknifræðingur
- Bífvélavirkjar
- Verkamenn
- Bílstjórar
- Ritari
- Deildarstjóri

**SMÁAUGLÝSINGAR**  
byrja í dag á bls. 18

### Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar



atvinna.is

Misverðmætir starfsmenn bls. 2  
Skrifstofuhótel á Selfossi bls. 2

Konur í stjórnunarstöðum bls. 2  
Togarastemning í KB banka bls. 8

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



Inga Rósa kann vel við sig í bankageiranum innan um peningana.

## Eflir þjónustu og þróar samskipti

Ingunn Sigurrós Bragadóttir sem gegnir nafninu Inga Rósa vann fyrst í Seðlabankanum, svo Búnaðarbankanum og nú í Landsbankanum. Þar starfar hún sem sérfræðingur í deild sem heitir Viðskiptastjórnun.

„Já, ég er búin að vera viðloðandi þennan bankageira nokkuð lengi,“ segir Inga Rósa brosandí þegar hún er spurð hvort hún kunni vel við sig innan um peningana. Hún kveðst vinna á sölu- og markaðssviði en deildin hennar sé ný af nálinni.

„Hlutverk okkar er að vinna að því að efla þjónustuna og þróa samskiptin við viðskiptavinina. Ég var áður að vinna í fjárstýringu bæði hjá Landsbankanum og Búnaðarbankanum sem er töluvert ólíkt því sem ég er að gera í dag. Þar var ég í milli-bankaviðskiptum en nú verð ég aðeins meira í snertingu við viðskiptavinina útbú-

anna. Þetta er skemmtileg breyting og mjög öflugur hópur sem ég er að vinna með. Við erum sex í þessu þróunarstarfi og munum vinna með framlínufólkinu í útbúunum við að aðlaga þjónustuna og vöruframboðið á hverjum tíma. Þetta er allt í móton og bara gaman að taka þátt í því. Það er að minnsta kosti nóg að gera,“ segir Inga Rósa glöðleg og upplýsir aðspurð að oft komi tarnir en rólegri tímar komi þess á milli. Hún kveðst eiga mann og tvo syni en eldri drengurinn sé það stór að hann sjái um að taka á móti yngri bróður sínum úr skólanum.

„Svo eru afarnir og ömmurnar mjög dugleg að hjálpa til. Þannig rúllar þetta,“ segir hún. Að lokum er forvitnast aðeins um áhugamálin. „Við höfum gaman að allri útivist. Yfir vetrartímann förum við töluvert á skíði og á sumrin ferðumst við mikið innanlands,“ segir Inga Rósa og þar með hleypum við henni aftur að vinnuborðinu.

gun@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU í atvinnu

Stjórn VR mun leggja til á komandi aðalfundi að hver félagsmaður eignast séreignarsjóð hjá félaginu, svokallaðan VR-varasjóð. Sjóðinn getur hver og einn nýtt til ákveðinna verkefna að eigin vali svo sem símenntunar, ýmissa orlofsmála, forvarna og endurhæfingar eða til framfærslu t.d. við atvinnumissi, heilsubrest eða við starfslok vegna aldurs. Breytingarnar munu þannig auka sveigjanleika félagsmanna á vinnu- markaði en samkvæmt þeim mun hver félagsmaður fá greiddan hluta af sínu félagsgjaldi, sjúkrasjóðsgjaldi og orlofsjóðsgjaldi inn á VR-varasjóð í eigin nafni. Þessir fjármunir hafa hingað til runnið óskiptir í sameiginlega sjóði. Þetta kemur fram á vef VR.



Ísland í alþjóðasamfélagi er yfirskrift fundar í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna fyrir friði og jafnrétti. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 8. mars, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, kl. 17 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Fundarstjóri verður Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kl, en á fundinum munu meðal annars Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarkona flytja fyrirlesturinn „Fótgönguliðar“, Birna Þórðardóttir rappa Bússupulu og Sabine Leskopf frá samtökum kvenna af erlendum uppruna halda tölu. Frekari upplýsingar ásamt dagskrá er að finna á vefnum www.bsrb.is.

Nýr kjarasamningur milli 24 aðildarféлага BHM og ríkisins var undirritaður þann 28. febrúar, með fyrirvara um samþykki stjórnar þeirra féлага sem aðild að samningnum eiga. Samningurinn gildir frá 1. febrúar sl. til 30. apríl 2008. Samkvæmt samningnum er sameiginleg launatafla félagsanna og á hverri



stofnun verður gerður sameiginlegur stofnanasamningur við félögin.

Tveir kynningarfundir um nýjan kjarasamning SFR og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. og Fríhafnarinnar ehf. hafa verið haldnir en atkvæðagreiðsla um samninginn fer fram á þriðjudag og miðvikudag í næstu viku. Á kjörskrá eru 111 starfsmenn.

atvinna@frettabladid.is

## Fyrirtæki ekki nógu sátt

LÁGMARKSLAUN Í BRETLANDI MUNU HÆKKA Í OKTÓBER.

Þessi hækkun mun koma einni milljón manna til góða að sögn ríkisstjórnarinnar. Þá munu lágmarglaun fullorðinna verða 5,05 pund á tímann, eða um 587 krónur, en launin voru áður 4,85 pund, eða um 564 krónur. Krökkum á aldrinum 18 til 21 árs verður greidd 4,25 pund á tímann, eða um 495 krónur. Aætlað er að laun fullorðinna hækki í 5,35 pund, eða um 623 krónur, í október 2006. Mörg fyrirtæki hafa fundið fyrir óþægindum vegna tveggja síðustu hækkana og því hefur ríkisstjórnin ákveðið að hafa hækkunina litla á löngum tíma. Mörg fyrirtæki eru á móti hækkuninni.



Nú tekur fullorðna aðeins tvo tíma að safna fyrir tíu punda seðlinum í staðinn fyrir næstum því tvo og hálfan tíma.

## Framkvæmdastjóri

Verðbréfabjónusta Sparisjóðsins óskar að ráða framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri Verðbréfabjónustunnar. Hann ber einnig ábyrgð á sölu- og markaðsmálum og öflun nýrra viðskiptavina.

Leitað er að framkvæmdastjóra sem hefur þegar aflað sér góðrar reynslu á markaðinum og hefur metnað og þor til að efla, móta og þróa ungt fyrirtæki. Háskólamenntun og réttindi í löggilttri verðbréfamíðlun er skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst. Fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) og fylgigögn skulu send sem viðhengi. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk. Númer starfs er 4353.

Upplýsingar veita Baldur G. Jónsson og Katrín S. Óladóttir. Netföng: [baldur@hagvangur.is](mailto:baldur@hagvangur.is) [katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is).



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík  
Sími 520 4700 • Fax 520 4701  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## FJÁRMÁLASTJÓRI ÓSKAST

HJÁ ICELAND SPA & FITNESS

(Baðhúsið, Betrunarhúsið, Sporthúsið og Prekhúsið)

### STARFSSVIÐ:

Stefnumótun, áætlanagerð, fjármögnun, fjárfestingar, hagræðing, umsjón bókhalds og launa o.s.frv.

### HÆFNISKRÖFUR:

Menntun á sviði viðskipta- og / eða hagfræði eða sambærilegt. Áhersla er lögð á fagleg og skipuleg vinnubrögð, metnað og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af atvinnurekstri, fjármálastjórnun og umsjón launamála. Einnig þarf viðkomandi að búa yfir góðri tölvukunnáttu og vera vanur tölvubókhalda og úrvinnslu í excel. Mikilvægt er að viðkomandi sé útsjónarsamur með leiðir til sparnaðar og hagræðingar og vinni hratt og örugglega.



ICELAND SPA & FITNESS

UMSÓKNARFRESTUR TIL 11. MARS '05

Allar nánari upplýsingar veitir Dröstur Jón með tölvupósti: [throstur@isf.is](mailto:throstur@isf.is)

Áhugasamir vinsamlegast sendi umsókn, ásamt ferilskrá og afriti prófskrteinis til: Iceland Spa & Fitness ehf, bt. Dröstur Jón Dalsmára 9 - 11, 201 Kópavogur

www.isf.is



Verðbréfabjónusta Sparisjóðsins er nýstofnað fyrirtæki í eigu flestra sparisjóða landsins sem sérhæfir sig á sviði verðbréfavíðskipta og eignastýringar.

Fyrirtækið samanstendur af eignastýringu, miðlun, rekstrarsviði og rekstrarfélagi sem sér um stýringu sex verðbréfasjóða.

VSP sinnir miðlun verðbréfa á helstu mörkuðum, innanlands og utan. VSP hefur á undanförunum misserum byggt upp net samstarfsaðila og hefur þannig aðgang að rannsóknamiðurstöðum og sérfræðipækkingu erlendra stórfyrirtækja.

Sjá nánari upplýsingar á [www.vsp.is](http://www.vsp.is)



## Fyrir þá sem eiga langt í vinnuna

Skrifstofuhótel var nýverið opnað á Selfossi. Um er að ræða fjarvinnslustöð ætluð þeim sem eiga langt í vinnuna.

Skrifstofuhótel er nýjung sem hentar vel fyrir fólk sem býr fyrir austan fjall og stundar störf á höfuðborgarsvæðinu en getur þó verið tvo til þrjú daga í viku fjarri höfuðvinnustaðnum. Á Skrifstofuhótelinu er fyrsta flokks aðstaða með öflugu háhraðasambandi og hvetjandi vinnuumhverfi. Hótelid gefur fólk kost á að vera í heimabyggð og því dregur það úr umferð, mengun og slyshættu.

Skrifstofuhótelid er samvinnuverkefni Sunnan3 – rafræns samfélags, Verkfræðistofu Suðurlands og Tölvu- og radióþjónustu Suðurlands.



Skrifstofuhótelid er á annarri hæð í Kjarmanum.

Það er til húsa á annarri hæð í Kjarmanum á Selfossi þar sem áður voru skrifstofur KÁ. ■



Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Flugleiða, er ein þeirra ungu kvenna sem hreyft hafa við tölfraeðinni á toppnum í íslenskum fyrirtækjum.

## Umræða um konur í stjórnunarstöðum

Námsstefna verður haldin í Norræna húsinu þar sem meðal annars verður rætt hvað Norðurlandaráð getur gert til að stuðla að jafnrétti.

Það tíðkast í æ ríkari mæli hendlendis að ungar konur eru valdar til að gegna stjórnunarstöðum í íslenskum fyrirtækjum. Konur í stjórnunarstöðum í atvinnulífi og stjórnámálum er einmitt meðal þess sem verður til umræðu á námsstefnu forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Norræna húsinu í Reykjavík 8. mars kl. 15 til 18. Meðal ræðumanna verða Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, og Valgerður Sværissdóttir viðskiptaráðherra.

Einnig mun Kristín Ástgeirs-

dóttir, fyrrverandi formaður lýðræðisnefndar Norðurlandaráðs, ræða um konur í stjórnámálum og Norðmaðurinn Knud Oftung, sem starfar hjá Norrænu stofnuninni um konur og kynjarannsóknir, og Gísli Hrafn Atlason mannfræðingur fjalla um karla og jafnrétti.

Námsstefnunni lýkur með hringborðsumræðum þar sem rætt verður um það hvað Norðurlandaráð getur gert til að stuðla að jafnrétti á Norðurlöndum. Gott tækifæri til að fylgjast með því sem er að gerast hjá frændum okkar í jafnréttismálum. ■

## Einkageirinn skapar flest störf

Atvinnuleysi minnkaði um þrjú prósent á síðasta ári á Írlandi samkvæmt Business Plus.

Alls voru 1,89 milljónir manna í vinnu á Írlandi í lok árs. Störfum fjölgaði um 65.200 en það er mesta fjölgun síðan árið 2000.

Rúmlega 82 prósent af nýjum störfum sem sköpuð voru í Írlandi árið 2004 voru full störf. Einkageirinn var duglegastur að skapa ný störf, eða alls 83 prósent af heildinni.

Störfum í byggingariðnaði fjölgaði um 7,1 prósent og sýna þær tölur að einn af hverjum átta vinna í þeim geira. ■

Störfum í iðnaði í Írlandi hefur fjölgað gífurlega.



## Starfsmenn í sama liði eru oft misverðmætir

Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur segir að fólk eigi að fá laun eftir færni og getu og þar með verðgildi en ekki kyni. Hún hélt fyrirlestur um málið fyrir skömmu.

„Eðlilegar ástæður eru oftast fyrir launamun milli kvenna og karla í sambærilegu starfi,“ segir Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins, sem hélt fyrirlestur á málþingi um launajafnrétti sem haldið var á Bifröst í síðasta mánuði. „Einstaklingsbundin viðmið við launaákvæðanir“ hét fyrirlesturinn og hóf hún hann á að varpa upp myndum af fótboltamönnum.

„Ég notaðist við þá sem líkingu, því við vitum jú að menn sem eru í sama liði og spila sömu stöðu eru misverðmætir. Þeir færustu eru mun meira virði en þeir sem ekki standa sig jafnvel og eru laun þeirra samkvæmt því,“ segir Hrafnhildur. „Sömu lögmál gilda á vinnumarkaði, þar sem fólk á að fá laun eftir færni og getu og þar með verðgildi en ekki kyni,“ segir Hrafnhildur.

Hlutlægar og málefnalegar ástæður verða að vera fyrir launamun kvenna og karla í sama eða sambærilegu starfi, og ef á reynir liggur það á vinnuveitandum að sýna fram á þessar ástæður,“ segir Hrafnhildur.

Þessar ástæður geta ráðist af ýmsum þáttum svo sem markaðsáðstæðum, frammistöðu, þekkingu og menntun, starfsreynslu og sveigjanleika. Aðilar á samkeppnismarkaði geta ekki leyft sér að horfa framhjá slíkum þáttum þegar þeir verðlauna starfsmenn – kynferði á ekki að skipta máli. Aðstöðumunur hefur verið á milli kynjanna hvað varðar



möguleika til fullrar atvinnuþáttöku. „Sú skoðun hefur verið ríkjandi að konur séu enn að bera mun meiri ábyrgð á heimilishaldinu en karlmenn. Þessi jöfnuður sem kominn er á vinnumarkaði

hefur ekki alveg flust inn á heimilin og veikt samkeppnisstöðu kvenna í atvinnulífinu, en við bæði teljum og vonum að það sé að breytast,“ segir Hrafnhildur.

kristineva@frettabladid.is



Útlendingar sem koma til Íslands í atvinnuleit starfa gjarna að fiskvinnslu

## 2006 verði ár hreyfanleika á vinnumarkaði

Ætlunin er að auka skilvirkni á evrópskum vinnumarkaði.

Frankvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur í hyggju að lýsa árið 2006 ár hreyfanleika á vinnumarkaði í þeim tilgangi að stuðla að því að fólk nýti sér í auknum mæli réttinn til að sækja sér vinnu í öðrum aðildarríkjum. Vonast er til þess að slíkur hreyfanleiki auki skilvirkni á evrópskum vinnumarkaði og stuðli þannig að auknum hagvexti og þar með bættum lífskjörum.

Hugmyndin tengist svokölluðum Lissabon-markmiðum ESB um bættu samkeppnishæfni, en í því skyni telur framkvæmdastjórnin mjög mikilvægt að auka hreyfanleika á evrópskum vinnumarkaði sem er mjög lítill miðað við t.d. þann bandaríska. Talið er að grannt verði fylgst með því að vinnuafli sem fer milli Evrópusambandslanda njóti sambærilegra kjara og íbúar í hverju landi fyrir sig. ■



Kennarar vinna alltof mikla yfirvinnu sem þeir fá ekki greidd laun fyrir í Bretlandi.

## Yfirvinnan ekki borguð

Kennarar og fyrirlesarar vinna að meðaltali fleiri ógreiddar yfirvinnustundir.

Bretar hafa samkvæmt nýrri könnun tapað 23 milljörðum punda vegna ógreiddrar yfirvinnu á síðasta ári. Nemur tapið rúmum 4500 pundum á mann að meðaltali, eða um hálfri milljón íslenskra króna. Þetta kemur fram í nýrri könnun verkalýðsfélags í Bretlandi sem skýrt er frá á fréttasíðu BBC.

Sextíu þúsund manns tóku þátt í könnuninni og var spurt um vinnumynstur og hversu margar stundir viðkomandi hafði unnið í yfirvinnu án þess að fá greitt fyrir. Kennarar og fyrirlesarar vinna að meðaltali 11 stundir og 36 mínútur af ógreiddri yfirvinnu á viku, tveimur stundum meira en aðstoðarforstjórar sem komu næstir. ■



## Verk- eða tæknifræðingur Reykjavík



Staða verk- eða tæknifræðings hjá framkvæmdadeild Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

### Starfssvið:

- Úrvinnsla upplýsinga og endurskoðun gagna varðandi útboð og framkvæmdir
- Vinna við umsjón og samræmingu útboða
- Gerð og endurskoðun á leiðbeiningum og reglum um útboð og framkvæmdir og vinnur að gerð reglna og leiðbeininga fyrir eftirlit með nýbyggingum og viðhaldi vega
- Vinnur við rekstur kerfa fyrir nýbyggingar vega og samræmingu á eftirliti

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Verk- eða tæknifræði
- Reynsla af jarðvinnu- og byggingarverkefnum
- Reynsla af skýrslugerð
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Davíð Freyr Oddsson (david@img.is) og Nathalia D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is) hjá Mannafli - Líðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 21. mars nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Líðsauka.



Laugavegi 170  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafli.is

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

### Störf í boði í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar

#### Leikskólinn Stekkjarás

- Staða deildarstjóra
- Leikskólakennara.
- Aðstoð í eldhúsi.

Sjá nánar á vefsíðunni  
[www.hafnarfjordur.is/stekkjaras](http://www.hafnarfjordur.is/stekkjaras)  
Uppl. í síma 517 5820 og 664 5862.

#### Lækjarskóli

- Kennara/proskapjálfa vantar í sérdeild í 50% stöðu.
- Uppl. í síma 555 0585.

#### Leikskólinn Tjarnarás

- Staða leikskólakennara frá og með 1. apríl.
- Uppl. í síma 565 9710.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um auglýst störf.



VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



Síminn óskar eftir þremur starfsmönnum á Gagnasvið. Óskað er eftir metnaðarfullum einstaklingum með tölvu-, kerfis-, verkfræðimenntun eða sambærilegt.

### Forritari, Þróun

Meðal helstu verkefna eru þróun og forritun, kerfisgreiningar og skjölun og þjónusta og samskipti við innri viðskiptavinum. Auk þess felst í starfinu þátttaka í vörubrúunar- og hugmyndavinnu innan félagsins.

### Hæfniskröfur

Óskað er eftir metnaðarfullum einstaklingi með háskólapróf í tölvunar-, kerfis- eða verkfræði eða sambærilegu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi mikla samskiptahæfni, að minnsta kosti tveggja ára starfsreynslu, reynslu af greiningarvinnu auk þess sem færni og þekking **Java, JSP, EJB, Struts, JavaScript og HTML er nauðsynleg.**

Þekking á WebSphere (Application server og Studio/Eclipse) er æskileg auk þekkingar á perl, php, SQL (MySQL, PostgreSQL og Oracle), xhtml, css, xml/xsl og LDAP. Reynsla af högun og hönnun á stoðkerfum, portal lausnum, unix umhverfi, tcp/ip og http er æskileg.

Skilningur og færni í ensku mjög æskileg (lestur, tal og ritun).

Starfið krefst agaðra og skipulagðra vinnubragða. Mikið er lagt upp úr sjálfstæði, frumkvæði og samvinnu.

### Sérfræðingur á Kjarnaneti

Í starfi sérfræðings á Kjarnaneti felst rekstur og innleiðing á IP símtækni, rekstur á Kjarnaneti Símans, kerfisgreiningar og skjölun og ráðgjöf til innri viðskiptavina. Auk þess að fylgjast með nýjungum og þróun í rekstrarumhverfi auk þátttöku í vörubrúunar- og hugmyndavinnu hjá félaginu.

### Hæfniskröfur

Óskað er eftir metnaðarfullum einstaklingi með háskólapróf í tölvunar-, kerfis- eða verkfræði eða sambærilegu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi mikla samskiptahæfni, að minnsta kosti tveggja ára starfsreynslu og reynslu af greiningarvinnu. Auk þess er óskað eftir færni og þekkingu í eftirtöldum kerfum:

**IP símkerfi, IP símalausnir, Cisco netbúnaður tcp/ip, Nethögun og uppbyggingu neta**

Starfið krefst agaðra og skipulagðra vinnubragða. Mikið er lagt upp úr sjálfstæði, frumkvæði og samvinnu.

Skilningur og færni í ensku nauðsynleg (lestur, tal og ritun).

### Hópstjóri í Kerfarekstri

Hópstjóri í Kerfarekstri er ábyrgur fyrir rekstri á miðlægum tölvukerfum, kemur að umsjón með vélasölum og annast innkaup á vél- og hugbúnaði. Þá sinnir viðkomandi uppsetningum á vélbúnaði, hugbúnaði og keyrsluumhverfi. Sér um öryggisafritun gagna, verkefnastjórnun og skjölun rekstrarupplýsinga.

### Hæfniskröfur

Óskað er eftir metnaðarfullum einstaklingi með háskólapróf í tölvunar-, kerfis- eða verkfræði eða sambærilegu. Mikilvægt er að viðkomandi hafi mikla samskiptahæfni og umtalsverða reynslu af kerfarekstri, rekstri unix/linux-kerfa og starfsmannastjórnun. Þá er reynsla af rekstri windows-kerfa æskileg. Auk þess reynsla af rekstri tölvupóstkerfa og gott vald á enskri tungu.

### Gildi Símans eru

Traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður sem starfsfólk Símans hefur að leiðarljósi í störfum sínum.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, [www.siminn.is](http://www.siminn.is). Umsóknarfrestur er til 11. mars.

## Verslunarstjóri

**Stórt verslunarfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar að ráða öflugan og hugmyndafrækan verslunarstjóra til starfa í eina sérvöruverslana sinna.**

### Stjórnun verslunarinnar felur m.a. í sér:

- Stjórnun starfsfólks, starfsmannþjálfun og hvetjandi markmiðasetningu.
- Ábyrgð á vöruframsetningu, vöruvali og útliti verslunar.
- Ábyrgð á vöruinnkaupum og reglulegri vörutalningu.
- Eftirlit með rekstrarkostnaði.
- Samskipti vegna markaðsmála og auglýsinga.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi sem þessu.
- Geta til að sinna fjölbreyttum verkefnum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi, metnaður og drifkraftur.

Í boði er stjórnunarstarf hjá traustu fyrirtæki. Ef þú leitar að starfi þar sem þú getur haft áhrif á starfsanda, þjónustustig og afkomu fyrirtækisins gæti þetta verið tækifæri fyrir þig!

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 14. mars nk. Númer starfs er **4362**.

Upplýsingar veitir Guðný Sævínsdóttir.  
Netfang: [gudny@hagvangur.is](mailto:gudny@hagvangur.is)



Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700  
Brefasími 520 4701 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## ATVINNA

Margt smátt / Bolur er framsækið og vaxandi fyrirtæki í sölu og framleiðslu á auglýsingavörum. Við erum ríflega 20 starfsmenn og sökum mikilla anna og aukinna verkefna þurfum við að bæta við góðu fólki í:

### Mötuneyti:

Jákvæðan starfsmann til þess að annast léttan hádegisverð í mötuneyti okkar. Um er að ræða ca. 50% starf. Viðkomandi þarf að hafa bifreið til umráða.

Frekari upplýsingar um starfið gefur Hulda Snorradóttir í síma 585 3500 eða á netfangi: [hulda@margtsmatt.is](mailto:hulda@margtsmatt.is)

### Framleiðslustarf:

Samviskusaman og duglegan starfskraft í léttu verksmiðjuvinnu. Starfið felst í aðstoð við prentun á fatnaði og smávöru, frágangi og þökkun.

Allar frekari upplýsingar um starfið gefur Arnar Ágústsson í síma 585 3500 eða á netfangi: [arnar@margtsmatt.is](mailto:arnar@margtsmatt.is)



Guðriðarstíg 6-8, 113 Reykjavík  
Sími: 585 3500 - Fax: 585 3510  
[www.margtsmatt.is](http://www.margtsmatt.is) - [office@margtsmatt.is](mailto:office@margtsmatt.is)



Verðbréfaþjónusta Sparisjóðsins er nýstofnað fyrirtæki í eigu flestra sparisjóða landsins sem sérhæfir sig á sviði verðbréfavíðskipta og eignastýringar. Fyrirtækið samanstendur af eignastýringu, miðlun, rekstrarsviði og rekstrarfélagi sem sér um stýringu sex verðbréfasjóða.

VSP sinnir miðlun verðbréfa á helstu mörkuðum, innanlands og utan. VSP hefur á undanföllum misserum byggt upp net samstarfsaðila og hefur þannig aðgang að rannsóknamiðurstöðum og sérfræðipækkingu erlendra stórfyrirtækja.

Sjá nánari upplýsingar á [www.vsp.is](http://www.vsp.is)

## Framkvæmdastjóri

**Verðbréfaþjónusta Sparisjóðsins óskar að ráða framkvæmdastjóra.**

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri Verðbréfaþjónustunnar. Hann ber einnig ábyrgð á sölu- og markaðsmálum og öflun nýrra viðskiptavina.

**Leitað er að** framkvæmdastjóra sem hefur þegar aflað sér góðrar reynslu á markaðinum og hefur metnað og þor til að efla, móta og þróa ungt fyrirtæki. Háskólamenntun og réttindi í löggiltri verðbréfamiðlun er skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst. Fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) og fylgigögn skulu send sem viðhengi. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk. Númer starfs er **4353**.

Upplýsingar veita Baldur G. Jónsson og Katrín S. Óladóttir.  
Netföng: [baldur@hagvangur.is](mailto:baldur@hagvangur.is) [katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is)



Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík  
Sími 520 4700 • Fax 520 4701  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## SJÁVARÚTVEGSFRÆÐINGUR VERKEFNISSTJÓRI

**Prúnarsamvinnustofnun Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu verkefnisstjóra við tvö verkefni stofnunarinnar í Malaví. Annað verkefnið varðar fiskimál og hitt hreinlætismál. Ráðið verður til tveggja ára með möguleikum á fram­lengingu í allt að fimm ár ef um semst.**

Leitað er að umsækjendum með sérmenntun í sjávarútvegsfræðum eða með sambærilega menntun, með menntun eða góða reynslu í stjórnunarstörfum og reynslu eða menntun á sviði sjómennsku – ekki síst fiskveiða. Þá verða umsækjendur að hafa til að bera mjög góða enskukunnáttu og góða þekkingu á tölvumálum. Polinmæði, aðlögunarhæfni og hæfni í mannlegum samskiptum er áskilin.

Laun eru greidd í bandarískum dollurum samkvæmt launataxta UNDP. Þá er starfsmanni séð fyrir húsnæði og grunnhúsbúnaði starfsmanni að kostnaðarlausu svo og tryggingum í samræmi við reglur PSSÍ.

Vinnustaður er við Malavívatn í töluverðri fjarlægð frá höfuðborg landsins og er ófrávikjanlega áskilið að föst búseta starfsmanns sé þar á vettvangi. Búsetuskilyrði eru þar erfið og henta ALLS EKKI þeim, sem hafa börn eða unglinga á skólaskyldu-aldri á framfæri sínu.

Skriflegum umsóknum ásamt með ljósritum af prófskirtinum, upplýsingum um starfsreynslu og meðmælum skal skila á skrifstofu

**PSSÍ,**  
Pverholti 14.,  
Reykjavík

**fyrir 31. mars n.k.**

Nánari upplýsingar um starfið má fá á [starfatorgi.is](http://starfatorgi.is) og á heimasíðu PSSÍ, [iceida.is](http://iceida.is). Frekari upplýsingar veitir **Sighvatur Björgvinsson** í síma 545-8980 eða á skrifstofunni.

## spennandi

### GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Vegna aukinna umsvifa þarf markaðsdeild 365 að ráða til sín grafískan hönnuð með reynslu úr auglýsingaheiminum.

Nú gefst þér spennandi tækifæri til að móta útlit og ímynd bæði prent- og ljósvakamiðla.

Hæfniskröfur:  
Starfsreynsla er skilyrði.  
Þekking á prenti og sjónvarpi.  
Ríkt hugmyndaflug.  
Metnaður og frumkvæði.

Umsóknir sendist á [spennandi@365.is](mailto:spennandi@365.is) fyrir 11. mars 2005. Fullum trúnaði heitið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Síminn



# Hefur þú það sem þarf?

## Þjónustu- og verslunarstjórar á Selfossi og í Reykjanesbæ

### Starfslýsing

Síminn óskar eftir að ráða þjónustu- og verslunarstjóra í þjónustumiðstöðvar Símans á Selfossi og í Reykjanesbæ. Um er að ræða rekstur verslunar, starfsmannastjórnun og umsjón með viðskiptastýringu á markaðssvæðinu.

Í boði eru krefjandi störf þar sem reynir á skipulagshæfileika, frumkvæði og mannleg samskipti.

Að lágmarki er krafist stúdentsprófs ásamt reynslu af stjórnun. Þekking á símabúnaði og fjarskiptamálum er æskileg en ekki nauðsynleg. Umsækjendur þurfa að vera 25 ára hið minnsta og hafa til að bera ríka þjónustuvitund ásamt miklu sjálfstæði í störfum.

Allar verslanir Símans vinna öflugt gæðastarf og því er kostur ef umsækjendur hafa reynslu af slíku. Upplýsingar um laun og önnur starfskjör eru eingöngu veittar í viðtali.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram ítarleg lýsing á náms- og starfsferli, einnig nöfn og símanúmer aðila sem geta gefið umsögn um störf umsækjanda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Öllum umsóknum á tölvutæku formi verður svarað.

Umsóknir falla úr gildi eftir fjóra mánuði nema annars sé óskað. Unnið verður með umsóknum í fullum trúnaði.

Umsækjandi ábyrgist að upplýsingar séu réttar og gefnar samkvæmt bestu vitund.

### Gildi Símans eru

Traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður sem starfsfólk Símans hefur að leiðarljósi í störfum sínum.



IT'S OUR WAY OF LIFE...

fat face

## Stökktu um borð

Fat Face var stofnað 1988 í skíðabrekkum frönsku alpanna af lífsglöðu fólki sem gerði ævintýri og útivist að sínum lífstíl. Þetta er hugmyndafræði Fat Face í dag. Með 93 verslanir víðsvegar um heiminn. Við leitum að lífsglöðu fólki, sem vill halda á vit ævintýranna og ná lengra.

Við óskum eftir starfsfólki í verslun okkar í Kringlunni sem opnar í mars. Vinsamlegast sendið umsóknir á skrifstofu okkar til Fat Ice Kringlunni 8-12 103 Reykjavík fyrir 10. mars.



Life is out there.

## Viðgerðarmenn

Óskum eftir vönum mönnum með þekkingu á glussakerfum og tækjarafmagni.

Upplýsingar fast í síma 555-6670.  
Vélrás – Bifreiða og vélaverkstæði.



## Bílaumboðið ASKJA leitar að áreiðanlegu og traustu starfsfólki á þjónustusviði

### Bifvélavirkjar á fólksbílaverkstæði

Bifvélavirki hefur það hlutverk að greina, finna úrlausn og framkvæma viðgerðir á verkstæði á þann hátt að viðskiptavinir ÖSKJU fái í hvítvetna framúrskarandi þjónustu.

#### Ábyrgð og verkefni:

- Öll almenn viðhalds- og viðgerðarvinna
- Meðhöndlun bílanagreina
- Uppfletting í handbókum framleiðanda
- Deilir þekkingu með starfsfélögum
- Framfylgir öryggisreglum svo og þeim almennu reglum sem viðurkenndar eru

#### Hæfniskröfur:

- Fullgild réttindi sem bifvélavirki
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Áhugi á símenntun í greininni og vilji til að tileinka sér tækninýjungar

### Þjónustumóttaka

Starfsmaður í þjónustumóttöku hefur það hlutverk að tryggja að vel sé hugsað um viðskiptavini og hagsmuni þeirra, þannig að þeir fái í hvítvetna framúrskarandi þjónustu.

#### Ábyrgð og verkefni:


- Sér um móttöku viðskiptavina
- Svörun og ráðgjöf í síma
- Aðstoð við innkaupaferli bíla og tækja
- Útskrift og frágangur reikninga
- Almenn skrifstofustörf

#### Hæfniskröfur:

- Áhugi og þekking á bílum
- Góð þekking á helstu Windows kerfum, reynsla af Axapta er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Sterk þjónustuvitund

ASKJA er þjónustu- og markmiðadrifið fyrirtæki sem tók við umboði Daimler-Chrysler AG á Íslandi 1. mars 2005. Fyrirtækið selur og þjónustar Mercedes-Benz, fólks- og atvinnubíla, Chrysler, Jeep og Dodge.

ASKJA leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavini og því er frumskilyrði að umsækjendur hafi ánægju og hæfni til að veita þjónustu og búi yfir góðum samskiptahæfileikum.



Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá fyrir 18. mars til Valdísar Arnórsdóttur, starfsmannastjóra, á netfangið starfsmannahald@askja.is

Bílaumboðið ASKJA ehf.  
Laugavegi 170, 105 Reykjavík  
Sími: 590 2100 · www.askja.is



Álfanes skóli  
www.alfnnesskoli.is

## Aðstoðarskólastjóri

Laus er staða aðstoðarskólastjóra í eitt skólaár (vegna námleysis) frá 1. ágúst 2005.

Álfanes skóli er stækkandi skóli og verða um 380 nemendur í 1. – 9. bekk skólaárið 2005 – 2006. Í haust verður tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir unglingsdeildir skólans.

### Leitað er að umsækjendum sem hafa:

- Kennaramenntun og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun t.d. á sviði stjórnunar eða í uppeldis- og kennslufræðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnað í starfi og áhuga á skólaþróun

Upplýsingar um starfið gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í sínum 5404700 og 8215007, netfang: [sveinbjorn.njalsson@alfnnesskoli.is](mailto:sveinbjorn.njalsson@alfnnesskoli.is) og Hildur Ragnars formaður skólamefnar Álfanes í síma 6603706 og netfang: [hildurragnars@hotmail.com](mailto:hildurragnars@hotmail.com) Sjá einnig vef Sveitarfélagsins Álfanes [www.alfnanes.is](http://www.alfnanes.is)

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám, störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála.

Umsóknarfrestur er til 20. mars 2005.

Umsóknir sendist Álfanes skóla, 225 Álfanesi.

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Skólastjóri



HEKKINGARFYRIRTEKI Í BYGGINGARIDNAÐI

## Höfðatorg – Reykjavík Trésmiðir – Verktakar – Byggingarverkamenn

Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum og hópum við uppsteypu og byggingu einnar stærstu einkaframkvæmdar í sögu Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki u.þ.b. þrjú ár.

Upplýsingar á skrifstofu Eyktar Lynghálslí 4, sími 595-4400.

Verkefnisstjóri: Kristján gsm 822-4407.

Verkstjóri: Baldvín gsm 822-44-31.

### SÖLUFÓLK

Hæfniskröfur:  
Sölureynsla er æskileg.  
Góðir samskiptahæfileikar.  
Jákvæðni og metnaður.

Umsóknir sendist til  
Þórmundar Bergssonar,  
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík  
eða á [thormundur@365.is](mailto:thormundur@365.is)  
fyrir 11. mars 2005.



Reykjavíkurborg



## Skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu á Menntasviði Reykjavíkurborgar

Nýstofnað Menntasvið Reykjavíkurborgar leitar að framsæknum og kraftmiklum leiðtoga til að stýra leikskólaskrifstofu sviðsins.

Meginverkefni skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu er að hafa forystu í fagmálum leikskóla, þ.e. þróun starfshátta og skólastarfs almennt, og vera faglegur leiðtogi leikskólustjóra og næsti yfirmaður þeirra.

Verkefni skrifstofustjóra og ábyrgðarsvið eru að öðru leyti m.a.:

- Hafa forgöngu um þróun faglegs starfs í skólunum og þjónustu við nemendur og foreldra þeirra
- Bera ábyrgð á að lögum og reglugerðum svo og stefnu Reykjavíkurborgar fyrir leikskólastigið sé framfylgt
- Skipuleggja samstarf og stuðning við skólastjóra
- Annast samskipti við hagsmunadila, hafa umsjón með samstarfi við þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar og sinna alþjóðatengslum

Kröfur um þekkingu, reynslu og hæfni:

- Yfirsýn yfir leikskólastigið og reynsla af kennslu og vinnu með börnum í leikskólum
- Leikskólakennaramenntun og framhaldsmenntun á háskólastigi er tengist viðfangsefnum starfsins
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að setja fram hugmyndir í ræðu og riti

Næsti yfirmaður skrifstofustjóra er sviðsstjóri Menntasviðs. Um ráðningarskilmála gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Kjör eru ákvörðuð af kjaranefnd Reykjavíkurborgar.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf og í henni þarf að gera grein fyrir hvernig umsækjandi mætir öllum ofangreindum kröfum. Umsóknarfrestur er til 20. mars nk. Umsóknir sendist á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Hulda D. Styrmissdóttir, breytingastjóri vegna stofnunar Menntasviðs, tölvupóstfang: [hulda.dora.styrmissdottir@reykjavik.is](mailto:hulda.dora.styrmissdottir@reykjavik.is), sími 535 5000.

Menntasvið verður til við samruna Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og er eitt af 10 sviðum Reykjavíkurborgar. Á Menntasviði verða tvær fagskrifstofur, grunnskólaskrifstofa og leikskólaskrifstofa. Undir leikskólaskrifstofu heyrja 78 leikskólar þar sem eru 5.800 börn og um 1.700 starfsmenn. Undir grunnskólaskrifstofu heyrja 38 grunnskólar með 15.500 nemendum og þar starfa um 2.500 starfsmenn.



### Njóttu þín!

Hjá Leikskólum Reykjavíkur er lögð áhersla á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá menntun og hæfni sem það býr yfir og aukið þekkingu sína. Líður í því er meðal annars öflug sámenntun og handleiðsla.



Leikskólar  
Reykjavíkur

## Spennandi störf hjá Leikskólum Reykjavíkur

Laus eru til umsóknar störf leikskólakennara/leiðbeinenda.

Leikskólar Reykjavíkur starfrækja 78 leikskóla og þar starfa um 1800 einstaklingar með leikskólakennaramenntun eða aðra háskólamenntun og/eða reynslu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og eða kennslustörfum með börnum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, nákvæmni, áreiðanleiki og frumkvæði í starfi

Fáist ekki leikskólakennarar til starfa eru ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.



Nánari upplýsingar veitir Borgar Ávar Axelsson starfsráðgjafi, [borgar.axelsson@reykjavik.is](mailto:borgar.axelsson@reykjavik.is), í síma 563 5800. Einnig er hægt að skoða lausar stöður á heimasíðu okkar [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

Við leitum að kröftugum,  
sjálfstæðum og skipulögðum  
einstaklingum til að vinna í  
hópi áhugasamra sölumanna.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.



Reykjavíkurborg



## Skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu á Menntasviði Reykjavíkurborgar

Nýstofnað Menntasvið Reykjavíkurborgar leitar að framsæknum og kraftmiklum leiðtoga til að stýra grunnskólaskrifstofu sviðsins.

Meginverkefni skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu er að hafa forystu í fagmálum grunnskóla, þ.e. þróun starfshátta og skólastarfs almennt, og vera faglegur leiðtogi grunnskólustjóra og næsti yfirmaður þeirra.

Verkefni skrifstofustjóra og ábyrgðarsvið eru að öðru leyti m.a.:

- Hafa forgöngu um þróun faglegs starfs í skólunum og þjónustu við nemendur og foreldra þeirra
- Bera ábyrgð á að lögum og reglugerðum svo og stefnu Reykjavíkurborgar fyrir grunnskólastigið sé framfylgt
- Skipuleggja samstarf og stuðning við skólastjóra
- Annast samskipti við hagsmunaðila, hafa umsjón með samstarfi við þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar og sinna alþjóðatengslum

Kröfur um þekkingu, reynslu og hæfni:

- Yfirsýn yfir grunnskólastigið og reynsla af kennslu og vinnu með nemendum í grunnskólum
- Grunnskólakennaramenntun og framhaldsmenntun á háskólastigi er tengist viðfangsefnum starfsins
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að setja fram hugmyndir í ræðu og riti

Næsti yfirmaður skrifstofustjóra er sviðsstjóri Menntasviðs. Um ráðningarskilmála gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Kjör eru ákvörðuð af kjaranefnd Reykjavíkurborgar.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf og í henni þarf að gera grein fyrir hvernig umsækjandi mætir öllum ofangreindum kröfum. Umsóknarfrestur er til 20. mars nk. Umsóknir sendist á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Hulda D. Styrmissdóttir, breytingastjóri vegna stofnunar Menntasviðs, tölvupóstfang: hulda.dora.styrmissdottir@reykjavik.is, sími 535 5000.

Menntasvið verður til við samruna Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og er eitt af 10 sviðum Reykjavíkurborgar. Á Menntasviði verða tvær fagskrifstofur, grunnskólaskrifstofa og leikskólaskrifstofa. Undir leikskólaskrifstofu heyrja 78 leikskólar þar sem eru 5.800 börn og um 1.700 starfsmenn. Undir grunnskólaskrifstofu heyrja 38 grunnskólar með 15.500 nemendum og þar starfa um 2.500 starfsmenn.

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)

## P. Samúelsson hf. óskar að ráða starfsmann í söludeild nýrra bíla

Við leitum að drifandi og framsæknum sölumanni sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi starf.

Viðkomandi þarf að hafa góða framkomu, söluhæfileika, áhuga og þekkingu á bílum. Reynsla af sölumennsku er æskileg.

Vinnutími 9-18.

Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentum starfsfólki.

Umsóknir sendist rafrænt til Ráðningaþjónustu Hagvangs fyrir mánudaginn 14.mars nk. ([www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is))

Upplýsingar veitir Baldur Jónsson  
Netfang: [baldur@hagvangur.is](mailto:baldur@hagvangur.is)

*P. Samúelsson hf. er lifandi og áhugavert fyrirtæki sem hefur verið leiðandi á íslenska bílamarkaðnum í mörg ár. Rík áhersla er lögð á mikla og góða þjónustu við viðskiptavini.*

*P. Samúelsson hf. hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentum starfsfólki. Fyrirtækið býður gott og líflegt starfsumhverfi þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín.*



TODAY TOMORROW TOYOTA

**HAGVANGUR**

## Austurbyggð – Austurbyggð Kennarar

óskast að Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar  
og Grunnskólanum á Stöðvarfirði

Umsækjendur þurfa að hafa kennsluréttindi  
og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar vantar kennara í sérkennslu, almennri kennslu nemenda á miðstigi og yngsta stigi, heimilisfræði, upplýsinga og tækni-mennt og textilmennt.

Nánari upplýsingar gefur Þórhildur Helga Þorleifsdóttir skólastjóri í sínum 475-1224 og 822-3151.  
Netfang er [helga@gf.is](mailto:helga@gf.is)

Við Grunnskólann á Stöðvarfirði vantar kennara í sérkennslu, íslensku, ensku, dönsku, samfélagsfræði, heimilisfræði og almennri kennslu á miðstigi.

Nánari upplýsingar gefur Jónas E. Ólafsson skólastjóri í sínum 475-8818 og 897-1962.  
Netfang er [jonas@asturbyggd.is](mailto:jonas@asturbyggd.is)

Einnig auglýsa Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskólinn á Stöðvarfirði og Tónlistarskóli Austurbyggðar sameiginlega eftir kennara í tónmennt og tónlist.

Nánari upplýsingar gefur Valdimar Mátsson skólastjóri Tónlistarskólans í sínum 475-1132 og 663-4401.  
Netfang er [tonlist@asturbyggd.is](mailto:tonlist@asturbyggd.is)

Umsóknarfrestur er til 28. mars 2005.

Við viljum vekja athygli á heimasíðu Austurbyggðar [www.asturbyggd.is](http://www.asturbyggd.is), heimasíðu Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar [www.gf.is](http://www.gf.is), heimasíðu Grunnskólans á Stöðvarfirði [www.asturbyggd.is/grunnskoli](http://www.asturbyggd.is/grunnskoli) og heimasíðu Tónlistarskóla Austurbyggðar [www.asturbyggd.is/tonlist](http://www.asturbyggd.is/tonlist)

## Verkfræðingar tæknifræðingar

VSÓ Ráðgjöf vill bæta við sig starfsmönnum á byggðatækni- umhverfis og mannvirkjasvið stofunnar.

Leitað er að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingum til að starfa við fjölbreytt verkefni við landmælingar, hönnun og eftirlit á sviði jarðvinnu, gatnagerðar, vegagerðar og veitukerfa.

Æskilegt en ekki skilyrði er að viðkomandi hafi starfsreynslu.

*VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu 1958 og er eitt af rótgrónustu ráðgjafafyrirtækjum landsins. Lögð er mikil áhersla á fagleg vinnubrögð og góða þjónustu. Hjá VSÓ Ráðgjöf, samstarfs- og dótturfyrirtækjum starfa nú um 80 manns. Í fyrirtækinu ríkir jákvæður starfsandi og starfsmenn reka öflugt starfsmannafélag.*

Umsóknum skal skilað til Guðrúnar Guðmundsdóttur á netfangið [guðrun@vso.is](mailto:guðrun@vso.is) eða til móttöku VSÓ Ráðgjafa.

**VSÓ RÁÐGJÖF**

## Grunnskóli Grindavíkur Starf námsráðgjafa



Óskum eftir að ráða námsráðgjafa eða einstakling með menntun og reynslu á sviði námsráðgjafa í 50% starf.

Upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 420-1150

## Matarfræðing, matartækni eða mateiðslumann vantar í aðaleldhús Eirar hjúkrunarheimilis.



Hjúkrunarheimili

Eir hjúkrunarheimili hefur verið starfrækt frá árinu 1993 og aukið við starfsemi sína jafnt og þétt og er nú fjölþætt þjónusta við aldraða einstaklinga í hjúkrunarþörf veitt í þremur húsum með samtals 250 einstaklingum, auk þess sem eldhúsið sinnir Skjóli hjúkrunarheimili með samtals 108 einstaklingum.

Hjá okkur starfar góður hópur fólks við að tryggja faglega, örugga og farsæla þjónustu til þeirra sem dvelja á Eir.

Nú vantar matarfræðing, matartækni eða mateiðslumann í fullt starf í aðaleldhús Eirar. Einnig vantar starfsmenn til almennra starfa í eldhúsi í framtíðarstörf og sumarafleysingar.

Upplýsingar gefur forstöðumaður eldhúss Gunnar J. Einarsson í síma 522 5760 milli kl. 8.00 – 16.00 virka daga, netfang: [eldhus@eir.is](mailto:eldhus@eir.is)

## Starf í móttöku

Hótel og veitingahús út á landi, ca. 150 km frá Reykjavík, óskar eftir starfskrafti í móttöku. 100% þjónustulund, samvissusemi, bókhalds-, tungumála- og tölvukunnátta skilyrði. Frumkvæði í vinnu og auðvelt með að vinna sjálfstætt. Fæði og húsnæði á staðnum.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið [box@frettabladid.is](mailto:box@frettabladid.is) undir fyrirsögninni „Móttaka“.

## Vinna í skiltagerð

Framsækið og ört vaxandi fyrirtæki í framleiðslu skilta og umhverfisauklýsinga óskar að ráða laghenta, jákvæða og duglega starfsmenn sem fyrst.

Starfið felst í frágangi prentefnis auk almennrar skiltavinnu. Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg en ekki nauðsynleg.

Áhugasamir sendi umsókn með helstu upplýsingum á netfangið: [hilmar@frankogjoi.is](mailto:hilmar@frankogjoi.is)



Dugguvogi 10 104 Reykjavík  
Sími 567 9292 Fax 567 9295  
[www.frankogjoi.is](http://www.frankogjoi.is)

# NÝFORM

## HÚSGAGNAVERSLUN – AFGREIÐSLA

Húsgagnaverslunin Nýform Reykjavíkurveg 66 Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa í ca 50% stöðu.

Skriflegar umsóknir sendist til afgreiðslu Fréttablaðsins merkt NÝFORM afgreiðsla.

## LAUS STÖRF

Leikskólinn Krakkaborg, Þingborg, auglýsir eftir leikskólakennara, leikskólasérkennara eða þroskaþjálfara til starfa sem fyrst.

Umsóknir berist til Þórdísar Bjarnadóttur leikskólalæris á netfangið: [leikskoli@simnet.is](mailto:leikskoli@simnet.is) eða í síma 482-3085. Ef ekki fást fagaðilar kemur til greina að ráða einstaklinga sem hafa áhuga og reynslu á vinnu með börnum.



Á vegum Alcoa byggir Bechtel International Inc. álver á Reyðarfirði. Bechtel er yfir 100 ára gamalt bandarískt verktakafyrirtæki með starfsemi um heim allan. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

## Iðnaðarmenn - Verkamenn - Tækjastjórnendur: Bygging álvers á Reyðarfirði hefst í mars

Hafist hefur verið handa við ráðningar. Okkur vantar vana verkstjóra og starfsmenn í eftirfarandi iðngreinum:

- Stálsmiði
  - Húsasmíði
  - Málsuðu
  - Vélvirkjun
  - Rafvirkjun
- Einnig vantar:
- Tækjastjórnendur
  - Vörubílstjóra
  - Verkamenn

Á byggingatímanum sem nær til ársloka 2007 verður þörf fyrir fjöldann allan af iðnaðarmönnum og aðstoðarmönnum ásamt tækjastjórnendum. Þeir sem áhuga hafa á störfum við byggingu álvers á Reyðarfirði eru vinsamlega beðnir um að leggja inn umsókn.

Þeir sem þegar hafa lagt inn umsókn eru vinsamlega beðnir um að hafa samband í síma 470 7595.

Á skrifstofunum eru veittar upplýsingar um störfin og annað sem að þeim lýtur. Þar er einnig hægt að nálgast umsóknareyðublöð, sem og á heimasíðunni.

Ráðningarstofan á Reyðarfirði  
Búðareyri 2  
730 Reyðarfirði  
Sími 470 7599

Ráðningarstofan í Reykjavík  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
Sími 470 7400

Eyðublöð og upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Fjarðaáls, [www.fjaradaalproject.is](http://www.fjaradaalproject.is)

# Togarastemning í Greiningardeildinni

Strákarnir í Greiningardeild KB banka kvarta ekki yfir leiðindum í vinnunni sinni þótt leikmenn botni hvorki upp né niður í hvað þeir eru að gera allan liðlangan daginn.

Svipmyndir í fréttum sýna ábúðarmikla stráka grúfa sig yfir tölvurnar sínar en hvað eru þeir eiginlega að rýna í?

Steingrímur Finnsson er hagfræðingur og einn starfsmanna Greiningardeildar. Hann kippir sér ekkert upp við heimskulegar spurningar blaðamanns og segist ekki vera hissa þó almenningur skilji ekki alltaf um hvað Greiningardeildin snýst.

„Þetta skiptist í þrjú horn,“ segir Steingrímur. „Í fyrsta lagi fylgjumst við með þróun efnahagslífsins héraðs og erlendis, fylgjumst með gengi krónunnar, atvinnuleysi, verðbólgu og erlendum stýrivaxtahækkunum svo eitthvað sé nefnt. Á hverjum degi gefur svo Grein-

ingardeild út fréttapistilinn „Hálffimm fréttir“, sem eru helstu fréttir um það sem er að gerast á mörkuðum á hverjum degi. Á um það bil þriggja mánaða fresti gefur efnahagsgreiningin frá sér sérefni um afmarkað efni, síðast var til dæmis fjallað um orsakir hækkana á fasteignamarkaði að undanförunu og haldinn kynningarfundur þar sem mættu 300 manns.“

Steingrímur segir starfið afar skemmtilegt og alltaf eitthvað nýtt að gerast.

„Þetta er aldrei tilbreytingarlaust því viðskiptaumhverfið er svo spennandi og dýnamískt. Við erum þrír hagfræðingar í deildinni og reynum að vera á tánun og fylgjast með öllu. Svo fer alltaf tími í að sinna miðlunum okkar sem eru að selja útlendingurm skuldabréf, en þeir vilja hafa greiðan aðgang að hagfræðingum.“

Steingrímur var strax í menntaskóla áhugasamur um

tölur og hagfræði og eftir að hafa tekið hagfræðikúrs var framtíð hans ráðin. Nú er hann með BS-gráðu í greininni. Hann segir samt mjög skiljanlegt að fólk sé oft áttavillt í fjármálafrumskóginum. „Maður tekur það oft sem gefið að fólk skilji almenn hugtök eins og stýri-vexti og verðbólgu. Það er ekkert sjálfsgott. Það er ekki einu sinni skrytið þó fólk kunnir ekki skil á samspili vaxta og gengis.“

Steingrímur segir mórallinn á vinnustaðnum mjög góðan og í hádeginu hittist menn og lesi upp úr DV. „Ég var einu sinni á sjó og þetta er hálfgerð togarastemning hjá okkur. Þetta eru hressir strákar og ekkert nema gott um mórallinn að segja.“ ■

Steingrímur Finnsson hagfræðingur nýtur hverrar mínútu í vinnunni og finnst hver dagur spennandi.



**Fljótsdalshérað**  
 óskar eftir að ráða  
**leikskólastjóra**  
 við nýjan leikskóla við Skógarlönd  
 á Egilsstöðum sem tekur til starfa sumarið 2005

**Hæfniskröfur**

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Góð tölvukunnátta
- Góð mannleg samskipti

Umsóknnum skal skila ásamt ferilskrá merkt **Fljótsdalshérað atvinnuumsókn - leikskólastjóri** Lyngás 12 700 Egilsstaðir eða á netfangið [helga@egilsstadir.is](mailto:helga@egilsstadir.is) Einnig má sækja um stöðurnar á [www.job.is](http://www.job.is) Umsóknarfrestur er til 22. mars nk.

Nánari upplýsingar um auglýsta stöðu veitir Helga Guðmundsdóttir, fræðslufultrúi Fljótsdalshéraðs s. 4 700 700 [www.egilsstadir.is](http://www.egilsstadir.is)



**Afgreiðslustarf**  
 2 störf í boði, annað í bútasamsdeild frá kl.14-18, hitt í húsgagna-og gjafavöruversl. frá kl.12-18. Einnig vantar í sumarafleysingar. Reyklaus vinnustaður.  
**Uppl. gefur Dagbjört í s: 825 0022 sunnud. frá kl. 12-18 og mánud. 9-18.**  
**VIRKA**  
 Mörkinni 3, 108 RVK

**Rafvirkjar**  
 Óska eftir rafvirkjum til starfa sem allra fyrst.  
 Upplýsingar í síma 6600300.

**prentmet**  
 HRADÞJÓNUSTA

**STARFSFÓLK ÓSKAST**

Vegna aukinna umsvifa í rekstri Prentmets óskum við að ráða í eftirfarandi stöður:

**Bílstjóri**

- Útkeyrsla með vörur
- Umsjón með viðhald sendibíls
- Ábyrgð á verkskilum til viðskiptavina
- Prófarkasendingar

**Ritari - símvörsla**

- Símsvörun
- Móttaka skilaboða til starfsmanna
- Gerð reikninga og prentun á reikningum.
- Samantekt og flokkun vinnuseðla

**Sölumaður**

- Sala á prentverki
- Sölu kynningar, heimsóknir til viðskiptavina og tilboðsgerð.
- Gerð vinnu- og verkseðla

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjanda. Mikilvægt er að umsækjendur séu jákvæðir, duglegir, metnaðarfullir, með framúrskarandi þjónustulund og geti unnið sjálfstætt. Við óskum eftir reyklausum umsækjendum.

Atvinnuumsókn er á heimasíðunni [www.prentmet.is](http://www.prentmet.is) og einnig liggja umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu, Lynghálslí 1. Umsóknarfrestur er til 11. mars.

Prentmet er vel tækjum búin prentsmiðja í glæsilegu húsnæði að Lynghálslí 1.

**smellinn**  
 FORSTEYPT EININGAHÚS

**Porgeir og Helgi hf. / Smellinn á Akranesi óskar eftir að ráða Framleiðslustjóra / Verksmiðjustjóra.**

**Markmið starfsins:**  
**Stýra allri framleiðslu, flutningum og uppsetningum á vegum fyrirtækisins með það markmið að leiðarljósi að ná sem bestum árangri hvað varðar tíma, kostnað og gæði.**

**Hlutverk og ábyrgð:**

- Gerð verk-, tíma- og kostnaðaráætlana fyrir hvert verk.
- Öll tölvakerfi sem tengjast framleiðslu fyrirtækisins.
- Aðfangakeðjan (samskipti við birgja, flutningaaðila, lausnir er varða vöruhýsingu og vörustýringu).
- Yfirstjórn allra starfsmanna sem starfa við framleiðslu, flutninga og reisingu.
- Öll áætlanagerð er tengist framleiðslunni.
- Tryggja flæði upplýsinga til framkvæmdastjóra.
- Sýna frumkvæði í uppbyggingu og þróun starfseminnar.

**Menntun og hæfni sem starfið kallar á:**

- Háskólamenntun eða sambærileg framhaldsmenntun á sviði tæknifræði og/eða verkfræði, helst tengt byggingageiranum.
- Reynsla af framleiðslu- / verksmiðjustjórn æskileg.
- Tungumálakunnátta; enska og helst eitt norðurlandamál.
- Góð tölvukunnátta og reynsla í notkun Excel líkana og framleiðslustjórnunarkerfa.
- Stjórnunarhæfileikar og áhugi á byggingariðnaði og tengdum sviðum.
- Góðir samskiptahæfileikar gagnvart samstarfsfólki, birgjum og viðskiptavinum.

Umsóknir sendist á tölvupósti á [smellinn@smellinn.is](mailto:smellinn@smellinn.is) eða í pósti á Porgeir og Helgi hf., Höfðasel 4, 300 Akranesi, fyrir 9. mars n.k.

Fyrirtækið Porgeir og Helgi hf. var stofnað árið 1963. Árið 1999 hófst framleiðsla forsteyptra húseininga undir nafninu Smellinn og er það í dag meginþátturinn í starfsemi fyrirtækisins.

Félagið er í eigu 11 hluthafa og eru starfsmenn um 40 talsins. Starfsmenn okkar eru allir með mikla starfsreynslu og góða menntun að baki. Sjá nánar [www.smellinn.is](http://www.smellinn.is).

**Störf í grunnskólum Reykjavíkur**

**Borgaskóli, sími 577 2900**  
 Stuðningsfulltrúi, 50% staða.

**Engjaskóli, sími 510 1300**  
 Skóliði.

**Hólabrekkuskóli, sími 557 4466**  
 Skóliði, 50% staða.

**Ingunnarskóli, sími 585 0400**  
 Stuðningsfulltrúi fyrir einhverfan nemanda. Þekking og reynsla á sviði einhverfu æskileg.  
 Skóliði í hluta- eða fullt starf.

Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.

[www.grunnskolar.is](http://www.grunnskolar.is)

Reykjavíkurborg 

Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 535 5000, [fmr@reykjavik.is](mailto:fmr@reykjavik.is)

**Góð störf í boði**



Vegna aukinna verkefna eru eftirfarandi störf í boði við ræstingar og mótuneytisumsjón:

**Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 80 - 100%.** Dagvinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Starf afleysingar felst m.a. í því að koma til starfa þegar forföll verða á fastráðnu starfsfólki eða vegna aukinna verkefna. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

**Dagvinna á svæði 104 - vinnuhlutfall 37,5%.** Starf við mótuneytisumsjón þar sem vinnutími er frá klukkan 11:00 - 14:00.

**Dagvinna á svæði 210 - vinnuhlutfall 62,50 - 100%** Störf við ræstingar þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 16:00.

**Dagvinna í verslunarmiðstöð í Kópavogi** þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 -19:00 mánudaga - laugardaga og frá klukkan 10:00 -19:00 á sunnudögum. **Vinnuhlutfall er 93,75%** og unnið er í viku og frí í viku.

**Helgarvinna á svæði 220 - vinnuhlutfall 17,5%** Starf á hjúkrunarstofnun þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 15:00 aðra hverja helgi.

**Helgarvinna á svæði 103 - vinnuhlutfall 10%** starf við ræstingar þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 16:00 annan hvern laugardag.

**Vantar fólk á skrá fyrir hlutastörf**  
 Viljum bæta við fólki á skrá hjá okkur sem leitar eftir hlutastarfi seinni partinn, kvöldin eða um helgar.

Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3.hæð** og á heimasíðu [www.iss.is](http://www.iss.is). Sími 5 800 600. Netfang: [olof@iss.is](mailto:olof@iss.is).

**ISS ÍSLAND**

*Iss Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaíðnaði og viðhaldi/hreinsun loftæstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 24 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 600 manns á aldrinum 17 - 80 ára. Starfsmenn fá kennslu, hjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.*

**Vopnafjarðarskóli auglýsir**

Kennara vantar við Vopnafjarðarskóla næsta skólaár. Kennslugreinar eru: Sérkennsla, enska, upplýsingatækni, náttúrufræði, verkgreinar og kennsla yngri barna.

Í Vopnafjarðarskóla eru 114 nemendur og fjöldi nemenda í árgangi er frá 6 til 18. Grunnskólinn og tónlistarskólinn eru í sama húsi og leikskólinn er handan götunnar. Starf tónlistarskólans og tómtunda- og íþróttastarf yngstu nemenda er fellt að starfi grunnskólans.

Vopnafjörður er fallett og snyrtilegt byggðarlag sem býður upp á fjölbreytta náttúru og fagra sveit. Góð almenn þjónusta er í boði og staðurinn hefur verið lofaður fyrir gott veðurfar. Flugsamgöngur til Akureyrar eru alla virka daga og vegalengd til Egilsstaða er 92 eða 135 km.

Flutningsstyrkur og húsnæðisfríðindi eru í boði. Frekari upplýsingar eru veittar af skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra.

Skólastjóri, sími 470-3251,473-1108, 861-4256, netfang: [adalbjorn@vopnaskoli.is](mailto:adalbjorn@vopnaskoli.is)  
 Aðst.skólastjóri, sími 470-3252,473-1345, netfang: [harpah@vopnaskoli.is](mailto:harpah@vopnaskoli.is)

## Grunnskóli Snæfellsbæjar

Virðing – Víska – Viðsýni



Eftirtaldir kennarastöður eru lausar til umsóknar næsta skólaár, 2005 – 2006:

- handmennt; smíðar- og textílmenn
- stærðfræði í 8., 9. og 10.b
- náttúrufræði á mið- og elsta stigi
- heimilisfræði í 1.-8.b auk valgreinakennslu í greininni
- almenn bekkjarkennsla á mið- og yngsta stigi
- umsjónarkennarastörf á öllum aldursstigum
- tölvufræði og upplýsingatækni
- tónmennt
- lífsleikni
- myndmennt
- kennsla í sérdeild skólans

Grunnskóli Snæfellsbæjar er nýr grunnskóli sem nú er að ljúka sínu fyrsta starfsári. Skólinn starfar nú deildaskiptur; 5.-10.b í Ólafsvík og 1.-4.b í Hellissandi. Næsta skólaár sameinast skólinn grunnskólanum á Lýsuhóli í Staðarsveit og þar verður starfrækt deild skólans með 1.-10.b fyrir nemendur úr Staðarsveit og Breiðuvík í Snæfellsbæ.

Skriflegar umsóknir um stöður þessar berist undirrituðum sem jafnframt veitir allar frekari upplýsingar auk þess sem umsækjendur eru velkomnir í heimsókn í skólann!

Sveinn Þór Elinbergsson, skólastjóri  
Ennisbraut 11, 355 Ólafsvík  
[sveinn@gsnb.is](mailto:sveinn@gsnb.is)  
veffang skólans er: [gsnb.is](http://gsnb.is)  
s. 433 9900, 894 9903, 436 1251

**Umsóknarfrestur er til og með 18.mars!**



Álfтанesskóli  
[www.alftanesskoli.is](http://www.alftanesskoli.is)

## Aðstoðarskólastjóri

Laus er staða aðstoðarskólastjóra í eitt skólaár (vegna námleysis) frá 1. ágúst 2005.

Álfтанesskóli er stækkandi skóli og verða um 380 nemendur í 1. – 9. bekk skólaárið 2005 – 2006. Í haust verður tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir unglingadeildir skólans.

Leitað er að umsækjendum sem hafa:

- Kennaramenntun og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun t.d. á sviði stjórnunar eða í uppeldis- og kennslufræðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnað í starfi og áhuga á skólaþróun

Upplýsingar um starfið gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í sínum 5404700 og 8215007, netfang: [sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is](mailto:sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is) og Hildur Ragnars formaður skólanefndar Álfтанess í síma 6603706 og netfang: [hildurragnars@hotmail.com](mailto:hildurragnars@hotmail.com). Sjá einnig vef Sveitarfélagsins Álfтанes [www.alftaness.is](http://www.alftaness.is)

Umsóknnum fylgi yfirlit yfir nám, störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála.

**Umsóknarfrestur er til 20. mars 2005.**

Umsóknir sendist Álfтанesskóla, 225 Álfтанes. Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Skólastjóri

## Viðgerðarmenn Óskum eftir vönum mönnum til viðgerðar á þungavinnuvélum og vörubílum.

Upplýsingar fast í síma 555-6670.

Vélrás – Bífreiða og vélaverkstæði.



VERKFRÆÐISTOFA

## Verkfræðingar tæknifræðingar

VSB Verkfræðistofa ehf, Hafnarfirði óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing til starfa á sviði byggðatækni.

Starfið felst í hönnun vegna, gatna og veitukerfa. Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.

Menntunarkröfur: B.Sc eða M.Sc. í byggingaverkfræði eða byggingatæknifræði.

Leitað er að einstaklingi þar sem fagmennska og metnaður er í fyrirrúmi við lausn verkefna.

Frekari upplýsingar gefur Stefán Veturliðason í síma 585 8606 og 660 8606 eða á netfangi [stefan@vsb.is](mailto:stefan@vsb.is)

VSB Verkfræðistofa ehf er að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði. Hjá fyrirtækinu starfa 19 manns, þar af 14 verk- og tæknifræðingar. Fyrirtækið starfar á sviði bygginga- véla og rafmagnsverkfræði við hönnun burðarvirkja, lagna- og loftræsikerfa, rafkerfa og lýsinga, byggðatækni, eftirlit, framkvæmdaráðgjöf, mælingar ofl. Frekari upplýsingar um VSB má finna á heimasíðu [www.vsb.is](http://www.vsb.is)

## Hjá Sýslumanninum í Keflavík er laust starf tryggingafulltrúa.



Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf frá og með 15. apríl 2005.

Í umsókninni þurfa að koma fram upplýsingar um menntun og fyrri störf.

Afrit prófskrifteina skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum, en óskast sendar Sýslumanninum í Keflavík, Vatnsnesvegi 33, 230 Keflavík.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og BSRB. Umsóknarfrestur er til 14. mars 2005. Reyklaus vinnustaður.

Nánari upplýsingar veitir Börkur Eiríksson, skrifstofustjóri í síma 420-2422 eða s. 8990573.



HEKKINGARFYRIRTEKI Í BYGGINGARVIRKNI

## Höfðatorg – Reykjavík Trésmiðir – Verktakar – Byggingarverkamenn

Víð leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum og hópum víð uppsteypu og byggingu einnar stærstu einkaframkvæmdar í sögu Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki u.þ.b. þrjú ár.

Upplýsingar á skrifstofu Eyktar Lynghálslí 4, sími 595-4400.

Verkefnisstjóri: Kristján gsm 822-4407.  
Verkstjóri: Baldvin gsm 822-44-31.



## Vífilsstaðir – Laus störf Hjúkrunarfræðingar, helgar- og næturvaktir.

Starfshlutfall samkomulag.

Starfsfólk í aðhlyningu.  
Starfshlutfall samkomulag.

Upplýsingar veitir Ingibjörg Tómasdóttir  
s: 599 7011 eða 664 9560  
og Sigríður Pálsdóttir s: 599-7021 eða 664-9565

Einnig er hægt að sækja um störf á heimasíðu Hrafnistu [www.hrafnista.is](http://www.hrafnista.is)



## PRÓFDÓMARI ÖKUPRÓFA ÓSKAST

Frumherji hf. leitar að prófdómara á Höfuðborgarsvæði til að annast framkvæmd ökuþrófa. Þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

### Um starfið:

Starfið felst í prófdæmingu verklegra og skriflegra ökuþrófa. Starfssvæðið er höfuðborgarsvæðið og nágrannasveitarfélög.

### Menntunar- og þjálfunarkröfur:

Æskilegt er að viðkomandi hafi ökukennara- menntun eða uppeldismenntun, lágmarkskrafa er tvö ár í framhaldsskóla. Skilyrði er að viðkomandi hafi bæði almenn og aukin ökuréttindi, og helst réttindi á bifhjól. Til greina kemur hlutastarf.

Frumherji hf. leggur metnað sinn í fagleg vinnubrögð og gerð er krafa til starfsfólks um slíkt. Lögð er áhersla á góða framkomu og þjónustulund, skipulögð vinnubrögð og almenna fagmennsku í starfi.

Umsóknnum ber að skila fyrir 17. mars n.k. til Frumherja hf., Hesthálslí 6-8, 110 Reykjavík (sjá umsóknareyðublöð á heimasíðunni [frumherji.is](http://frumherji.is)), eða með tölvupósti á [jha@frumherji.is](mailto:jha@frumherji.is). Nánari upplýsingar veitir Jón Hjalti Ásmundsson í síma 570-9141.

## FJÁRMÁLASTJÓRI ÓSKAST

HJÁ ICELAND SPA & FITNESS

(Baðhúsið, Betrunarhúsið, Sporthúsið og Drekhúsið)

### STARFSSVIÐ:

Stefnumótun, áætlanagerð, fjármögnun, fjárfestingar, hagræðing, umsjón bókhalds og launa o.s.frv.

### HÆFNISKRÖFUR:

Menntun á sviði viðskipta- og / eða hagfræði eða sambærilegt. Áhersla er lögð á fagleg og skipuleg vinnubrögð, metnað og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af atvinnurekstri, fjármálastjórnun og umsjón launamála. Einnig þarf viðkomandi að búa yfir góðri tölvukunnáttu og vera vanur tölvubókhaldi og úrvinnslu í excel. Mikilvægt er að viðkomandi sé útsjónarsamur með leiðir til sparnaðar og hagræðingar og vinni hratt og örugglega.



ICELAND  
SPA & FITNESS

Umsóknarfrestur til 11. mars '05

Allar nánari upplýsingar veitir Dröstur Jón með tölvupósti: [thorstur@isf.is](mailto:thorstur@isf.is)

Áhugasamir vinsamlegast sendi umsókn, ásamt ferilskrá og afriti prófskrifteinis til: Iceland Spa & Fitness ehf, bt. Dröstur Jón Dalsmára 9 - 11, 201 Kópavogur

[www.isf.is](http://www.isf.is)

## Suðumaður

Suðumaður með réttindi til spegilsuðu plaströra óskast til starfa strax.

Gröfumenn  
Einnig vantar gröfumenn.

Upplýsingar  
í síma 893-8611





**RE/MAX**

**Fasteignablað**


18. tölublað • 3. árgangur • 06. mars2005



STADREYNDIR UM RE/MAX

## ENGINN Í HEIMI SELUR FLEIRI FASTEIGNIR EN RE/MAX

HÉR VERÐUR RE/MAX



RE/MAX FASTEIGNASÖLUR

### RE/MAX OG ET EHF. HJÁLPA ÞÉR AÐ FLYTJA



RE/MAX FASTEIGNASÖLUR



**RE/MAX BÚI**  
Stórhöfða 17,  
Reykjavík  
s. 520 9400  
Sigundur Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali



**RE/MAX STJARNAN**  
Gardatorgi,



**RE/MAX MJÖDD**  
Pönglabakka 1,  
Reykjavík  
s. 520 9500  
Guðmundur Þórðarson  
Lögg. fasteignasali



**RE/MAX ÍSLAND**  
Stórhöfði 17,  
Reykjavík  
s. 5171300

RE/MAX BÚI

32,5 millj.

### Einbýli - Hraunbær Hveragerði

RE/MAX Búi kynnir 203,1 f.m einbýli-  
hús en þar af er bílskúr 36 f.m. Eignin  
Skilast fullbúin, marmari er á gólfum  
stofa mi/uppþeknu lofti. Húsið er stofa  
út á verönd mi/heitum potti. Ítalískar  
innréttingar, amerískur ískápur í eld-  
húsi. Ekkert til sporað.



Heimilisfang: Hraunbær  
Byggingarár: 2005  
Brunnsmat: 9 millj.  
Bílskúr: 36 f.m.



Hilmar Þór Sarvarsson,  
820-6677, hilmar@remax.is

Guðmundur Þórðarson  
Lögg. fasteignasali

RE/MAX BÚI

24,9 millj.

### Ein íbúð eftir - Kjarrheiði Hveragerði

RE/MAX Búi kynnir fullbúð 162,6 f.m  
raðhús en þar af er bílskúr 26,2 f.m. Eignin  
telur 3 svefnherbergi og stofu, marmari  
er á gólfum stofa mi/uppþeknu lofti, húsið  
er stofa út á verönd með heitum potti.  
Ítalískar innréttingar, amerískur ískápur í  
eldhúsi. Ekkert til sporað.



Heimilisfang: Kjarrheiði Byggingarár: 2000  
Stærð eignar: 162,6 f.m. Brunnsmat: 0 millj.  
Fjöldi herb.: 4 Bílskúr: 26,2



Hilmar Þór Sarvarsson,  
820-6677, hilmar@remax.is

Guðmundur Þórðarson  
Lögg. fasteignasali

RE/MAX BÚI

17,9 millj.

### Dalsel 12 - 3ja herb. - 109 RVK

RE/MAX Búi kynnir 203,1 f.m einbýli-  
hús en þar af er bílskúr 36 f.m. Eignin  
Skilast fullbúin, marmari er á gólfum  
stofa mi/uppþeknu lofti. Húsið er stofa  
út á verönd mi/heitum potti. Ítalískar  
innréttingar, amerískur ískápur í eld-  
húsi. Ekkert til sporað.



Heimilisfang: Dalsel Byggingarár: 1976  
Stærð eignar: 123,4 f.m. Fjöldi herb.: 3  
Brunnsmat: 12,6 millj. Bílskúr: 34,7 f.m.



Pálmi Þór  
895-5643, palmi@remax.is

Guðmundur Þórðarson  
Lögg. fasteignasali

RE/MAX BÚI

14 millj.

### Drápuhlíð 44 - 4ra herb. - 105 RVK - OPIÐ HÚS

Falleg íbúð á 3ju hæð og undir suð.  
Þakketlagt andeyri m. fatahengi, þaðan  
gengið inn í stíð herb. m. kork á gólf.  
Þakketlagður gangur. Rímgóða stofa m.  
parketti, herb. m. skápum. Þissalagt  
baðherb. í höll og gólf, baðkar. Eldhús  
parket á gólf, bekkinnsetting íbúðin er  
mun stærri en f.m segja til. Velkomin á  
opið hús kl.16-17.



Heimilisfang: Drápuhlíð Fjöldi herb.: 4  
Stærð eignar: 54,4 f.m. Byggingarár: 1947  
Brunnsmat: 7,1 millj.



Pálmi Þór  
895-5643, palmi@remax.is





**RE/MAX BÚ** 15,6 millj.

## Rauðalækur - 2ja herb. - 105 RVK

RE/MAX BÚ kynnir fallega 2 herbergja kjallarábúð með sérinngangi staðsetta í Laugardalnum. Íbúðin er 81,2 fm að stærð og skiptist í gott svefnherbergi, rúmgætt eldhúsi, fallega stofu og snyrtilegt baðherbergi með nýlegri innréttingu. Á gangi er innskot fyrir skrifborð/stofu. Blásteði fylgja íbúðinni.

**Heimilisfang:** Rauðalækur  
**Stærð eignar:** 81,2 fm  
**Fjöldi herba:** 2  
**Byggingarár:** 1957  
**Brúnaðsmat:** 9,8 millj.

**Helgi I. Guðmundsson,**  
822-7310, helgi@remax.is

**Guðmundur Þórðarson**  
Lögg. fasteignasali

**RE/MAX BÚ** 26,7 millj.

## Raðhús Ásgarði 108

Raðhús á þremur hæðum. Á miðhæðinni er eldhúsi og stofa. Á efri hæð eru 3 svefnherbergi og það á neðstu hæð er sjónvarpsþol, þvottahúsgæmsla og baðherbergið í kringum húsið er góður heilugáður garður með góðri vernd.

**Heimilisfang:** Ásgarður  
**Stærð eignar:** 136 fm  
**Fjöldi herba:** 5

**Byggingarár:** 1967  
**Brúnaðsmat:** 13 millj.

**Ingi Már Grettarson,**  
821-4644, ingim@remax.is

**Guðmundur Þórðarson**  
Lögg. fasteignasali

**RE/MAX BÚ** 18,5 millj.

## Einbýlishús í Sandgerði - OPÍÐ HÚS

Eignin skiptist í forstofu, hol, þvottahúsi, eldhúsi, baðherbergi, stofu, borðstofu og fjögur herbergi. Flísar á forstofu, skápur og hiti í gólf. Gegnheilt parket á stofu og borðstofu. Flísar á eldhúsi, nýleg innrétting, hvíli með beykibúðum. Flísar á baðherbergi. OPÍÐ HÚS SUNNUD. Á MILLI KL 16-17.

**Heimilisfang:** Holtvegata 44  
**Stærð eignar:** 142 fm  
**Brúnaðsmat:** 182 millj.

**Bíðker:** 66 fm  
**Byggingarár:** 1982  
**Fjöldi herba:** 5

**Ingi Már Grettarson,**  
821-4644, ingim@remax.is

**Guðmundur Þórðarson**  
Lögg. fasteignasali

**RE/MAX BÚ** 17,7 millj.

## Einbýlishús á Selfossi

Húsið er steypt í kúppa einangrað og er þar af leiðandi einangrað bæði utan og innan. Húsið afhendist tilbúið að utan með grófkjálhæðri lóð en að innan er búið að þrjúsa umhverfi það er kominn hiti í húsið og stór hluti af þrjúsa lóðin þak er einangrað og hluti rannagjár í úrveggjum.

**Heimilisfang:** Tröðhólar  
**Stærð eignar:** 170 fm  
**Fjöldi herba:** 4

**Byggingarár:** 2004  
**Brúnaðsmat:** 8 millj.  
**Bíðker:** 36 fm

**Ingi Már Grettarson,**  
821-4644, ingim@remax.is

**Guðmundur Þórðarson**  
Lögg. fasteignasali

# RE/MAX

## FASTEIGNASALAN BÚ

**Svana Ingvaldsdóttir**  
GSM:8669512, svana@remax.is

**Guðrún K. Ástvaldsdóttir**  
GSM:8219209, runa@remax.is

FASTEIGNASALAN RE/MAX BÚ - Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík - Sigurður Guðmundsson hdl. löggiltur fasteignasali

## ÞÓRUSTIGUR

### Reykjanesbæ

Stór 112fm íbúð, á efri hæð í þrjúherbergja tveimur forstofuherbergjum. Íbúðin býður upp á mikið möguleika. Eldhúsið með hvítri beyki innréttingu og borðkrók, nýlegt flísaparket á gólf. Björt stofa með parketdúk á gólf. Öll herbergi eru með plastparketi á gólfum. Stórir gluggar eru á allri íbúðinni. Afgirtur garður.

**Verð 9.800.000**  
**Stærð 112 fm**  
**4ra herbergja**

daendur Valencia hafa reyndar mestan áhuga á að vita af hverju hann var yfirhöfuð ráðinn og hið sorglega fyrir þá er að stjórnendur félagsins hafa ekki getað svarað því almennilega. Þeir tjáðu sig lítið um það framan af hausti en upp á síðkastið hafa nokkrir þeirra stigið fram og viðurkennt að ákvörðunin hafi verið tekin í miklu bráari eftir að Rafa Benitez ákvað að halda til Liverpool. Sumir stjórnarmenn sögðust meira að segja að ráðningin hafi aldrei verið formlega rædd og það hafi verið forsetinn Juan Soler sem hafi séð um ráðninguna. Soler viðurkenni í síðustu viku að lengd samningsins og háar greiðslur til Ranieri hafi stafað af tauga-veikluinni í kringum brotthvarf Benitez.

### Tómlegt titlasafn

Ranieri er að nokkru leyti þakkað að hafa lagt grunninn að mesta veltisgengnistímabili í sögu Valencia en hann stjórnaði liðinu um tveggja ára skeið og varð liðið bikarmeistari 1998. En Ranieri taldi grasið grænna hjá Atletico Madrid en gerði litlar rósir þar og sagði upp um vorið nokkrum vikum áður en liðið féll í aðra deild. Brotthlaup hans til Atletico sat í mörgum sem spurðu hvort Valencia væri nógu finn klúbbur fyrir hann núna fyrst svo var ekki fyrir 6 árum. Einnig voru efasemdir um hæfni Ranieri til að halda utan um stjórnnum þrygð lið og stýra þeim til sigurs. Ranieri vann ágætt uppbyggingarstarf með Fiorentina og Valencia og gerði þau lið að bikarmeisturum auk þess sem Flórensliðið varð meistari meistaranna á Ítalíu en þar með er titlasafn Ranieri upptalið. Honum tókst ekki að klára hlutina hjá Chelsea og eilíft stöðuhringl hans með leikmenn þótti orka tvímælis. Spænskir sparkblaðamenn voru smeykir í sumar fyrir hönd Valencia þrátt fyrir að liðið hefði orðið meistari í vor og hefði styrkt sig í sumar.

### Geðþekkur en ístöðulaus

Ranieri var vinsæll á Englandi og höfðu menn mikla samúð með honum í fyrri í ljósi þess mikla baktjaldamaks sem Abromovich stundaði. Þessi geðþekka ára var fljót að mást af honum á Spáni enda tortryggni í garð ítalskra þjálfara mikil þar í landi og ekki batnaði það er Ranieri keypti 4 ítalska leikmenn í sumar. Þessi ítalska innrás var of stór biti fyrir hina stoltu Spánverja sem eru alltaf með svolitla minnimáttarkennd gagnvart ítölum. Ítölsku leikmennirnir stóðu ekki undir væntingum ef undan er skilinn Marco Di Vaio og meira að segja Amedeo Carboni sem leikið hefur svo lengi á Spáni að hann flokkast nánast sem heimamaður datt úr öllu stuði. Enda dæmigert fyrir hringlið á Ranieri að láta 39 ára gamlan snarórfættan vinstri bakvörð leika á hægri kanti. Ítöduleysi Ranieri í uppstillingu liðsins var algert og enginn af lykilmönnum liðsins fann sig undir hans stjórn. Þær 500 hundruð milljónir sem Ranieri hafði upp úr krafsinu fyrir 8 mánaða starf hjá Valencia bætast ofan á miljarðinn sem Roman Abromovich leysti hann út með frá Chelsea. Ranieri kann allavegana að semja hvað sem um aðra hæfi-leika hans verður sagt.



HANNES HEITUR ÍR-ingurinn Hannes Jón Jónsson átti góðan leik gegn KA í Austurberginu í gær og skoraði sjö mörk.

FRÉTTABLAÐID/E.ÖL

## Hörkuleikur á milli ÍR og KA í Austurberginu í gær: Sterk vörn ÍR skapaði sigurinn

**HANDBOLTI.** KA-menn sóttu ekki gull í greipar ÍR-inga í Austurbergi í gær, en heimamenn höfðu yfir allan leikinn. Það var fyrst og fremst gríðarlega öflugur varnarleikur ÍR sem skapaði sigurinn og KA-menn máttu sín lítils gegn honum og fengu á sig mikið af hraðauppláupum. Sigur heimamanna var öruggari en lokatölurnar gefa til kynna, en leiknum lauk með sigri ÍR, 35-32.

Jóhannes Bjarnason, þjálfari KA, var hundfúll með leik sinna manna í gær.

„Sóknarleikur okkar var hreinlega afleitur framan af leik, en lagaðist að visu aðeins í þeim síðari. Það hefur verið okkar

akkílesarhæll í undanförunum leikjum að við erum að sækja illa á þessar flötu varnir og erum að sækja of mikið inn á miðjuna þar sem vörnin er hvað þéttust fyrir og í kjölfarið er vörn andstæðinganna að verja mikið af skotum og við að fá á okkur hraðauppláup í staðinn“, sagði Jóhannes.

Júlíus Jónasson, þjálfari ÍR var ögn kátari með leik sinna manna í gær. „Ég lagði upp með það við strákana fyrir leikinn að þetta væri 4-6 punkta leikur og því er þetta gríðarlega mikilvægur sigur fyrir okkur. Það er ekkert leyndarmál að við byggjum á vörn og hraðauppláupum og það skiladís sér í dag“, sagði Júlíus. - bb

SONY

# Vaxtalaus helgi í Sony Center Kringlunni! Fyrir 2.499\* krónur færðu...

DSC-L1

Sony stafræn myndavél.

- 4,1 milljón pixlar
- 3x aðdráttur um Carl Zeiss linsu
- 1,5" skjár

Verð 2.499 krónur vaxtalaus\* í 12 mán. eða 29.988 krónur staðgreitt



Hönnun sem tekið er eftir!



CMT-HPX7

Sony samstæða

- 120W magnari
- 5 diska geislasplari með mp3 afspilun
- Tengir fyrir tölvuna/mp3 spilarann

Verð 2.499 krónur vaxtalaus\* í 12 mán. eða 29.988 krónur staðgreitt

Feringar-samstæðan! 120W magnari og tekur 5 diska!

MZ-NH700

Sony Minidisk.

- Minidisk spilara sem tekur 1GB á disk.
- Stafrænn flutningur til/frá tölvu (USB)
- Topp upptöku og afspilunargræja.

Verð 2.499 krónur vaxtalaus\* í 12 mán. eða 29.988 krónur staðgreitt



Geymir allt að 1GB á disk!

Opið í dag frá 13-17.

You make it a Sony

\*Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

## LEIKIR GÆRDAGSINS

## Enska úrvalsdeildin

ASTON VILLA–MIDDLESBROUGH	2–0
1–0 Martin Laursen (64.), 2–0 Luke Moore (79.).	
ARSENAL–PORTSMOUTH	3–0
1–0 Thierry Henry (39.), 2–0 Thierry Henry (53.), 3–0 Thierry Henry (85.).	
CRYSTAL PALACE–MAN. UTD	0–0
FULHAM–CHARLTON	0–0
NEWCASTLE–LIVERPOOL	1–0
1–0 Laurent Robert (70.).	
SOUTHAMPTON–TOTTENHAM	1–0
1–0 Nigel Quashie (51.).	
NORWICH–CHELSEA	1–3
0–1 Joe Cole (22.), 1–1 McKenzie (64.), 1–2 Mateja Kezman (71.), 1–3 Ricardo Carvalho (79.).	

## STADAN

CHELSEA	28	22	5	1	53–9	71
MAN. UTD.	29	18	9	2	47–17	63
ARSENAL	29	18	7	4	67–32	61
EVERTON	28	15	6	7	34–29	51
LIVERPOOL	28	13	4	11	41–30	43
MIDDLESB.	29	11	9	9	43–39	42
BOLTON	28	11	7	10	36–34	40
TOTTENH.	28	11	6	11	35–31	39
CHARLTON	28	11	7	10	32–38	40
MAN CITY	28	9	9	10	34–31	36
A. VILLA	29	10	8	11	34–37	38
NEWCASTLE	28	9	10	9	40–44	37
BIRMINGH.	28	8	12	31–35	32	
PORTSM.	29	8	6	15	31–45	30
FULHAM	28	8	6	14	33–46	30
BLACKB.	27	6	10	11	24–36	28
C. PALACE	29	6	8	15	32–45	26
SOUTHAM.	29	4	12	13	30–44	24
NORWICH	29	3	11	15	29–58	20
WBA	27	2	12	13	23–49	18



**MEISTARAR** Valur tryggði sér Reykjavíkurmestaratitilinn í kvennaflökki með 8–0 sigri á KR í gær. Íris Andrésdóttir, fyrirliði Vals, hampar hér verðlaununum.

FRÉTTABLAÐID/HEIÐA

# Man. Utd búið að missa af lestinni

Chelsea stakk Man. Utd af í baráttunni um enska meistaratitilinn í gær. Þeir sigruðu Norwich en United tókst ekki að sigra Crystal Palace þrátt fyrir að vera manni fleiri í 25 mínútur.

**FÓTBOLTI** Chelsea er með átta stiga forystu á toppi ensku úrvalsdeildarinnar og þar að auki hefur liðið leikið einum leik færri en Man. Utd. United hefði getað hangið í Chelsea með sigri á Crystal Palace en vörn Palace hélt undir stórskotahrið leikmanna United sem voru manni fleiri síðustu 25 mínútur leiksins. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, játaði eftir leikinn að staða United væri vonlítill.

„Þetta voru hræðileg úrslit. Þegar lið ætla sér sigur í ensku úrvalsdeildinni verða þau að vinna þessa leiki og það gerðum við ekki í dag. Það er svo sannarlega á brattann að sækja hjá okkur núna,“ sagði Ferguson frekar fúll og skal engan undra. „Við höfum gefið Chelsea góða forystu á toppnum.“

Chelsea spilaði eftir að búið var að blása af leik United og Palace. Þeir tóku forystuna snemma gegn Norwich en urðu órlítið skelkaðir þegar Norwich jafnaði leikinn í síðari hálfleik.

Eiður Smári Guðjohnsen kom af bekknum í síðari hálfleik og hann átti stóran þátt í öðru marki Chelsea sem Kezman skoraði. Portúgalinn Ricardo Carvalho rak síðan síðasta naglann í kistu Norwich skömmu fyrir leikslok.

Vonir Liverpool um að komast í Meistaradeildina á næstu leiktíð dofnuðu mjög þegar liðið tapaði gegn Newcastle, 1-0. Laurent Ro-



**SJÓÐHEITUR** Það var lítið skorað í ensku úrvalsdeildinni í gær en Thierry Henry, framherji Arsenal, var aftur á móti sjóðheitur og skoraði þrennu.

FRÉTTABLAÐID/AP

bert skoraði sigurmarkið með glæsilegu skoti beint úr aukaspurnu og fékk þar með uppreisn æru en hann hefur mátt sitja löngum á varamannabekk Newcastle frá því að Graeme Souness tók við liðinu.

„Hann átti frábæran leik,“ sagði Souness sem er greinilega að taka Robert í sátt. „Markið var

fallett og hann lagði líka mikið á sig. Eg var verulega ánægður með hans frammistöðu. Samband okkar er stormasamt. Eg elska hann og hann elskar mig. Samt endum við alltaf í rífrildum. Það er allt í lagi ef hann bregst við með því að skora mörk eins og í dag,“ sagði Graeme Souness.

henry@frettabladid.is

## LEIKIR GÆRDAGSINS

## Enska 1. deildin

DERBY–PLYMOUTH	1–0
Bjarni Guðjónsson var á varamannabekk Plymouth og kom ekkert við sögu.	
LEICESTER–NOTT. FOREST	0–1
Jóhannes Karl Guðjónsson var ekki í leikmannahópi Leicester.	
QPR–READING	0–0
Ivar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading og lék allan leikinn.	
WATFORD–COVENTRY	2–3
Brynjarr Björn Gunnarsson var á varamannabekk Watford og kom af honum á 61. mínútu. Heiðar Helguson er enn meiddur og gat því ekki leikið.	

## Danski handboltinn

KOLDING–AARHUS	41–36
Þetta var uppgjör toppliðanna og Kolding stendur með palmann í höndunum eftir sigurinn. Róbert Gunnarsson skoraði 11 mörk fyrir Aarhus.	

## Spænska úrvalsdeildin

OSASUNA–BARCELONA	0–1
0–1 Samuel Eto'o (40.).	

## Ítalska úrvalsdeildin

ATALANTA–AC MILAN	1–2
Makinwa – Ambrosini, Pirlo.	

## Reykjavíkurmót kvenna

KR–VALUR	0–8
Mörk Vals: Margrét Lára Viðarsdóttir 4, Dóra María Lárusdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Málfríður Sigurðardóttir, Nina Ósk Kristinsdóttir. Þetta var úrslitaleikurinn þannig að Valur er Reykjavíkurmestari.	

## Deildarþegar karla

ÍA–ÞÓR	3–2
Ellert Björnsson, Dean Martin, Gunnlaugur Jónsson – Baldur Sigurðsson 2.	

## Faxaflóamót kvenna

KEFLAVÍK–BREIÐABLIK	0–8
Mörk Breiðabliks: Ólína Viðarsdóttir 3, Guðlaug Jónsdóttir 2, Greta Samúelsdóttir 2, Sandra Magnúsdóttir.	
ÍBV–FH	2–1
Hólmfríður Magnúsdóttir, Olga Færseth – Svava Björnsdóttir.	

## Viltu samloku?

**Samsung E700** er einstaklega freistandi GSM-samloka á sérstöku tilboði fyrir viðskiptavinum Og Vodafone.

## Rafhlaða og þyngd

- 3 klst. í tal
- 9,5 dagar í bið
- 85 g

## Minni og samskiptamöguleikar

- 1000 númera símaskrá
- Myndskilaboð
- GPRS
- Innrautt

## Leikir og tónlist

- Java-leikir (3 fylgja)
- Fjöltóna hringingar (40 radda)

## Skjár og myndavél

- 128x160 díla, 65 þúsund líta TFT skjár
- 640x480 díla VGA myndavél

## Annað

- Handfrjáls búnaður fylgir
- Annar skjár utan á símanum
- Vekjari, klukka, skeiðklukka, reiknivél



## Samsung E700



DAGBÓK



MYNDAVÉL



MYNDSKILABÓÐ



VEKJARI



JAVA-LEIKIR

**19.900 kr.** eða **1.890 kr.** í 12 mánuði.\*

\*Skuldfært mánaðarlega af kreditortu.

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smeltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.



Heyrumst!

# FULLKOMIN FERMINGARGJÖF!

Playstation Two

**14.999kr**

Ef þú kaupir leik með  
- færðu hann á  
**20% afslætti!**



**Fyrstir koma fyrstir fá!**



LEIKIR



S · K Í · F · A · N

...skemmtir þér ; )

# Stoltur faðir og ÍR-ingur

Hólmgeir Einarsson uppskar ríkulega eftir fimmtán ára starf hjá handknattleiksdeild ÍR um síðustu helgi þegar ÍR varð bikarmeistari. Hann er stoltur af sínu starfi, sem hann hefur aldrei þegið krónu fyrir, og er einnig stoltur af börnunum sínum en hann er eini faðirinn á landinu sem á bæði börn í karla- og kvennalandsliði Íslands í handknattleik.

**HANDBOLTI** Þeir voru margir ÍR-ingarnir sem áttu erfitt með að fela tilfinningar sínar um síðustu helgi þegar ÍR lyfti langbráðum titli í handboltanum. Einn þeirra var Hólmgeir Einarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍR, sem hefur lagt ómældan tíma og kraft í að gera ÍR að stórveldi í handboltanum síðustu fimmtán ár.

„Ég get ekki lýst því hvernig mér leið þegar við lyftum bikarnum í Höllinni,“ sagði Hólmgeir þegar hann var beðinn að lýsa tilfinningum sínum um síðustu helgi. „Það var frábært að sjá árangur erfiðisins detta í hendurnar á manni. Ég rétt náði að halda aftur af tárnum en það voru ekki allir svona sterkir. Þetta eru einu launin í þessu starfi en annars hef ég aldrei séð eftir tímanum sem ég hef sett í starfið. Ekki einni mínútu.“

Þessi dugmikli maður er fæddur og uppalinn á Hofsvósi í Skagafirði. Hann hefur alla sína tíð unnið í sjávarútvegi. „Ég hef mikið verið í slorinu og líkað vel. Svo er ég líka í fiskamerkinu þannig að mig vantar eiginlega bara sporð til að breytast í fisk,“ sagði Hólmgeir kátur og jákvæður eins og hann er oftast.

Á sínum yngri árum var Hólmgeir í fótbolta og frjálsum íþróttum. Sérstaka áherslu lagði hann á langhlaupin enda veitti ekki af til að eyða allri orkunni sem hann býr yfir.

## Ofvirkur

„Ef ofvirkni hefði verið til í gamla daga þá hefði ég verið flokkaður ofvirkur. Ég gekk á sínum tíma undir nafninu Spútnik enda var ég aldrei kyrr. Ég á enn í vandræðum með að sitja aðgerðalaus,“ sagði Hólmgeir en hann segir að menn verði að vera svolítið ofvirkir til þess að taka þátt í hugsjónastörfum eins og hann sinnir.

Það er ekki bara handboltalið ÍR sem hefur blómstrað hjá Hólmgeiri því börnin hans hafa öll látið verulega að sér kveða í íslenskum handboltaheimi. Elsti sonur hans, Einar, er atvinnumaður með Grosswallstadt í Þýskalandi og íslenskur landsliðsmaður. Dóttir Hólmgeirs, Guðrún Drífa, er einnig íslenskur landsliðsmaður enda einn besti hornamaður landsins og leikur þessa dagana með FH. Yngsti sonur Hólmgeirs, Björgvin Þór, er einnig bráðefnilegur en hann leikur með 3. flokki ÍR en er þrátt fyrir ungan aldur farinn að fá tækifæri með meistaraaflokki.

Skagfirðingurinn kraftmikli getur þó ekki alfarið eignað sér heiðurinn af góðu lífsverki því á

bak við öfluga menn er oftast ekki síðri kona. Konan á bak við Hólmgeir Einarsson heitir Þórleif Friðriksdóttir en hún kemur einnig úr Skagafirðinum. Þau hafa verið lífsförunautar í rúm 30 ár.

## Ómetanleg eiginkona

„Það er nauðsynlegt að eiga góðan og þolinmóðan maka til þess að geta staðið í þessu. Þar bý ég vel. Hún hefur líka ódrepandi áhuga á handbolta og hefur staðið þétt við bakið á krökkunum í gegnum súrt og sætt. Svo má ekki gleyma að hún hefur þvegið ansi margar þvottavélar af krökkunum því ósjaldan biðu þrjár fullar íþróttatöskur af skítugum æfingafötum við þvottavélina,“ sagði Hólmgeir en Þórleif er einnig dugleg að mæta á leiki. „Hún mætir á alla þá leiki sem hún getur og hefur gaman af. Það er ómetanlegt að hafa slíka konu á bak við sig.“

Uppeldisstarf fer Hólmgeiri greinilega vel og hann segist fá mikið út úr því sem hann gerir. „Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á að vinna með krökkum. Mér finnst það mjög gefandi og svo er gaman að sjá uppskeruna, sama í hvaða mynd það er,“ sagði Hólmgeir sem segir mikilvægt að foreldrar standi þétt við bakið á börnunum sínum.

„Við sátum ekki hérna heima þegar þau komu heim af leikjum og spurðum hvað þau skoruðu mörg mörk. Við mættum á leikina. Að mínu mati skiptir það gríðarlegu máli fyrir krakkana að foreldrar séu duglegir að styðja við bakið á þeim. Þeir þurfa að vera til staðar og hjálpa þeim við að fara á réttu brautirnar því freistingarnar eru á hverju horni. Ég hef því miður í mínu starfi horft á eftir mörgum stórefnilegum íþróttamönnum hverfa á rangar brautir,“ sagði Hólmgeir sem er stoltur maður og fer ekki leynt með það. „Ég er stoltur faðir og ÍR-ingur. Ég er mjög ríkur maður að því leyti hvað börnunum mínum og félaginu hefur gengið vel.“

Hólmgeir gat ekki tekið þátt í undirbúningnum fyrir bikarúrslitaleikinn sem skyldi þar sem hann fékk kransæðastíflu eftir undanúrslitaleikinn gegn ÍBV og var nýkominn úr hjartaþræðingu þegar leikurinn fór fram. Hann þarf að fara í aðra þræðingu fljótlega.

„Það var slæmt að detta svona aðeins úr hópnum fyrir bikarleikinn en Haukur Loftsson varaformaður er alveg búinn að standa sig eins og hetja. Hann á heiður skilinn fyrir sitt starf,“ sagði Hólmgeir, ávallt tilbúinn að hrósa öðrum. Hann segist reyndar hafa



**KAMPAKÁTUR MEÐ BIKARANNA** Hólmgeir Einarsson uppskar ríkulega eftir 15 ára starf hjá ÍR um síðustu helgi er ÍR varð bikarmeistari. Hann sést hér kátur, og stoltur, með bikarana sem ÍR fékk fyrir sigurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

haft áhyggjur af Hauki um tíma – svo kröftuglega hafi hann unnið. „Ég sagði honum að ef hann færi ekki að slaka á þá þyrfti ég að losa rúmið við hliðina á mér á spítalanum,“ sagði Hólmgeir og hló dátt.

## Fékk gula spjaldið

Hólmgeir lítur á þetta áfall eins og hvern annan kappleik. Hann hafi fengið gula spjaldið og verði að passa sig á því að fá ekki það rauða.

„Sem betur fer fékk ég bara gult spjald og ég er afskaplega þakklátur fyrir að spjaldið var gult en ekki rautt. Það sem var samt jákvæðast var að það kom alveg hópur af fólki til þess að vinna að þessum úrslitaleik fyrir okkur. Það var alveg ótrúlegt að sjá hvað fólk var viljugt að hjálpa okkur,“ sagði Hólmgeir sem veit manna best að íþróttafélög á Íslandi væru ekki rekin án hjálpar góðra manna og fyrirtækja.

„Ef fyrirtækin sem stæðu á bak við okkur væru ekki svona sterk og góð þá væri þetta starf hvorki fugl né fiskur. Við erum mjög þakklát fyrir þann stuðning sem við höfum fengið frá okkar bakhjörnum,“ sagði Hólmgeir en næst á dagskrá hjá honum er að berjast fyrir að fá íþróttahús hjá ÍR.

„Við erum landlaust félag en erum loksins komnir á teiknborðið hjá borginni og draumurinn er að leika í eigin húsi á hundrað ára afmæli félagsins sem er árið 2007,“ sagði Hólmgeir Einarsson.

henry@frettabladid.is

Júlíus Jónasson, þjálfari ÍR, ber Hólmgeiri vel söguna:

## Mikils metinn af öllum

**HANDBOLTI** „Hólmgeir er gríðarlega duglegur og kraftmikill maður. Það má eiginlega segja að hann sé svona létt ofvirkur. Það er alveg sama hvað hann tekur sér fyrir hendur. Það er allt gert af miklum krafti og klárað. Hólmgeir er líka skemmtilegur að því leyti að það er alveg sama hvað gengur á, það er alltaf stutt í húmorinn og léttleikann. Annað með Hólmgeir er að hann er alltaf til staðar og það er alltaf hægt að ná í hann. Alveg sama hvað er mikið að gera hjá honum,“ segir Júlíus Jónasson, þjálfari bikarmeistara ÍR, um yfirmann sinn, Hólmgeir Einarsson.



**JÚLÍUS JÓNASSON** Fagnar hér bikarmeistaratitli ÍR um síðustu helgi.

„Það er auðvelt og skemmtilegt að vinna með Hólmgeiri og óhætt að segja að hann sé mikils metinn af öllum. Það hefur allt staðist í rekstrinum hjá honum og allir fá laun á umsömdum tíma og annað slíkt. Hann hugsar mjög vel um okkur og er einstakur persónuleiki. Það er óhætt að segja að hann sé hetja í augum allra enda hefur hann unnið kraftaverk hjá ÍR. Það var gaman að verða meistari en öllum fannst enn skemmtilegra að vinna fyrir framan Hólmgeir því við vorum smeykir við að hann kæmist ekki á völinn sökum veikindanna,“ sagði Júlíus Jónasson.

henry@frettabladid.is



**AFREKSFÓLK** Börn Hólmgeirs – Guðrún Drífa og Einar – eru bæði landsliðsmenn í handknattleik. Hólmgeir er eini faðirinn á landinu sem á börn í báðum landsliðum.





# FRUMSÝNING UM HELGINA

Opið 12-16  
laugardag  
og sunnudag

## JIMNY

**Aldrei  
betra  
verð!**

**Freistandi  
sýningartilboð á  
völdum bílum af:**

- Grand Vitara V6,
- Ignis,
- Liana
- Wagon R.

■ **Ný innrétting** ■ **Ný aflmeiri vél** ■ **Aukinn staðalbúnaður**



Það er klassi yfir mælunum í Jimny



Sportlegur og stílhreinn að innan


Suzuki Jimny hefur sannað sig sem traustur kostur fyrir þá sem þurfa alvöru jeppa með háu og lágu drifi en er annþ um hagkvæman rekstur og lága bílanatíðni.

Nú bjóðum við nýjan Jimny í breyttri útgáfu með aflmeiri vél og meiri búnaði. Verðið er sem fyrr í algjörum sérflokkum kr. 1730.000 beinskiptur og 1860.000 sjálfskiptur.



SUZUKI BÍLAR HF.  
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.  
[www.suzukibilar.is](http://www.suzukibilar.is)

★event



# 6 DAGAR í atburð ársins!

LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 12. mars kl. 20:00 í Laugardalshöllinni.

MIDASALA: Skífan • Event.is • 575 1522

## PiLoBoLUS

DANCE THEATRE

„Eins klikkað og  
Marx bræður,  
eins snjallt  
og Houdini.“  
NEWSWEEK

„Undarlegir hlutir  
gerast þegar  
óvenjulega tær  
hugsjón fær  
að blómstra.“  
CHICAGO SUN-TIMES

„Pilobolus Dance Theatre  
er algjörlega einstakt.  
Ákaflega mikilvæg  
list sem hefur náð  
til hins almenna  
áhorfanda.  
Ef þú hefur aldrei  
séð Pilobolus að  
verki, er kominn  
tími til.“  
DAILY NEWS

20% afsláttur  
fyrir Vörðufélagi

**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

## STUÐ MILLI STRÍÐA :: HOLA Í HÖGGI

KRISTJÁN HJÁLMARSSON KOMST AÐ ÞVÍ AÐ ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERA LÖGHLÝÐINN



MYND: HEGG SIGURSSON

Það margborgar sig að fylgja lögum og reglum. Því komst ég að fyrir nokkrum árum. Þá var ég nýbyrjaður að stunda golf en tímdi ekki að borga mig inn á vellina. Við félagarnir svindluðum okkur því inn á golfvelli landsins í von um að verða ekki nappaðir af vallarstjórum eða öðrum starfsmönnum.

Eitt skiptið höfðum við félagarnir svindlað okkur inn á ónefndan völl á höfuðborgar-

svæðinu og hófum leik. Veðrið var eins og best verður á kosið, sólskin, hægur andvari og um tíu stiga hiti. Félagarnir slógu hver af öðrum þar til röðin kom að mér. Þetta var á þriðju holu. Hún er ekki löng en með háu grasi og hrauni allt í kring.

Ég stillti kúlunni upp, mundi aði kylfuna og ætlaði aldeilis að slá langt. Sveiflan var ágæt en átökin of mikil. Kylfan rétt sneiddi kúluna. Ég blótaði. Kúlan tókst varla á loft og stefndi í átt að háa grasinu. Skyndilega tók hún sveig og þaut inn á brautina, rúllaði eftir henni endilangri, inn á flötina, í átt að fánanum þar sem hún hvarf. Við trúðum ekki okkar eigin augum. Ég hafði

farið hola í höggi – þótt þetta hafi ekki verið draumahögg. Við félagarnir æptum upp yfir okkur af gleði og nálægir kylfingar klöppuðu. Nú var sko gaman að vera til.

Við ræddum um það að nú gæti ég skráð mig í Einherjaklúbbinn, fyrir þá sem hafa farið hola í höggi, og fengi kannski verðlaun í lok árs. En þá rann það upp fyrir okkur. Hverjum áttum við að tilkynna þetta? Við höfðum jú svindlað okkur inn.

Þótt mörg ár séu liðin frá högginu góða græt ég það enn að hafa ekki fylgt reglunum. Næst þegar ég fer hola í höggi ætla ég að vera búinn að borga vallar-gjalðið. ■

## myndasögur


### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli




### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



King Kong var líkt og aðrir apakettir, stórir og smáir yfirmáta forvitinn svo hann hafði ekki verið lengi í Himnaríki þegar hann varð að fara fram á ystu brún og kíkja niður...og...þá gerðist óhappið! Hann hafði sterka tilfinningu fyrir að þetta hefði gerst áður!!



# SUNNUDAGAR

19:30 The Awful Truth  
20:00 **Allt í drasli**  
20:30 Will & Grace  
21:00 CSI: New York  
21:50 Rocky V



ALLT SEM ÞÚ ÞARFT



SKJÁR EINN DAG Í EINU

Flora/SIA F10.12258

MÁ PR MI FI FÖ LA SU MÁ PR MI FI FÖ LA SU MÁ PR MI FI FÖ LA SU

# bækur

Kólabíski rithöfundurinn Gabriel Garcia Marquez fæddist á þessum degi árið 1928. Í barnæsku sagði amma hans honum furðusögur og setti þær fram sem blákaldr staðreyndir. Ömmusögurnar urðu honum drjúgt veganesti á rithöfundarferlinum. Meðal þekktustu verka hans eru Ástin á tímum kólerunnar, Frásögn um margboðað morð og Hundrað ára einsemd.


Já: Ég er vistmaður á hæli; hjúkrunarmaðurinn minn fylgist með mér, hann hefur vart af mér augun og það er gægjugat á hurðinni, en hjúkrunarmaðurinn er brúneygður og sér ekki í gegnum mig, bláeygðan manninn.

Upphaf Bliktromunnar eftir Gunter Grass.

## NÝJAR BÆKUR

**Bliktromman** eftir Nóbelsverðlaunahafann **Günter Grass** er

kominn út í kilju hjá Máli og menningu í þýðingu **Bjarna Jónssonar**. Bókin er eitt af höfundurverjum heimsbókmennta 20. aldar. Hún var fyrsta skáldsaga Günters Grass, varð metsölubók í mörgum löndum, og eftir henni gerði **Völker Schlöndorff** magnaða Óskarsverðlaunakvikmynd. Bliktromman er sjálfssævisaga **Óskars** sem er þrítugur þegar sagan hefst og vistaður á geðveikrahæli. Hann var þriggja ára þegar hann ákvað að hætta að stækka. Þannig markar hann sérstöðu sína í hverfulum heimi og slær bliktrommu sína ákaft og af ástríðu á meðan nasisminn marsérar fram á sviðið.



Hjá Máli og menningu er kominn út í kilju skáldsagan **Náðarkraftur** eftir **Guðmundur Andri Thorsson**. Bókin kom áður út árið 2003 og hlaut einróma lof gagnrýnenda. Náðarkraftur er

fjölskyldusaga þar sem komið er saman við pianóið á kvöldin.

Hjá Máli og menningu er einnig kominn út í kilju **Síðprýði fallegra stúlkna**. Þetta er þriðja bókin um kvenspæjarann knáa **Precious** eftir **Alexander McCall Smith**. **Helga Soffía Einarsdóttir** þýðir.



LIZA MARKLUND: FYRSTA BÓK SÆNSKA SPENNUSAGNAHÖFUNDARINS ER KOMIN ÚT Í ÍSLENSKRI ÞÝÐINGU

## Brotist úr viðjum ofbeldis

Þessa dagana er að koma í bóka-búðir ný kilja eftir Lisu Marklund. Bókin heitir **Hulduslód** og er hún sönn saga um heimilisofbeldi.

„Þessi saga er sakamálasaga alveg eins og hinar bækurnar hennar, nema þarna er engin löggá að leita og það er líka spurning hvort glæpur er framinn,“ segir Anna R. Ingólfssdóttir, sem hefur þýtt bækur Lisu Marklund á íslensku.

Marklund hefur skrifað fimm spennusögur þar sem aðalsöguhetjan er blaðakonan Annika Bengtson, sem kynnist ýmsum skuggahliðum samfélagsins um leið og hún lendir í spennandi ævintýrum.

Bækurnar hafa allar notið gífurlegra vinsælda og gerðar hafa verið kvikmyndir eftir tveimur þeirra.

Blaðakonan Annika er ekki söguhetjan í **Hulduslód**, heldur Maria Erikson, jafnan kölluð Mia, sem jafnframt er meðhöfundur Lisu að bókinni.



LIZA MARKLUND Fyrsta bók hennar, **Hulduslód**, er sönn saga um heimilisofbeldi.



ANNA R. INGÓLFSSDÓTTIR Er langt kominn með að þýða allar bækur Lisu Marklund.

„Þær segja einfaldlega frá því sem gerðist. Þær eru ekkert að dæma neinn eða túlka atburðina, en frásögnin er samt öll sögð frá sjónarhorni Miu. Hún verður ástfangin af manni og eignast barn með honum. Hún treystir honum algerlega.“

Maðurinn reynist ekki traustsins verður. Hann beitir Miu ofbeldi og heldur áfram að ofsækja hana eftir að hún fer frá honum.

„Síðan kynnist hún öðrum manni sem verður samherji hennar í þessu. Hann verður líka fyrir ofbeldi. Þessi maður gengur enn þá laus í Svíþjóð. Hún flúði land og getur aldrei aftur snúið til Svíþjóðar. En honum er alltaf hjálpað af því hann á svo bágt andlega.“

Liza Marklund skrifar bókina

eins og spennusögu. Frásögnin er hröð og lifleg og lesundur átta sig smám saman á því sem er að gerast.

„Þetta er í raun og veru nákvæmlega það sama og er að gerast í hinum bókunum hennar, t.d. í **Úlfinum rauða**, nema þarna er Annika ekki söguhetjan. Liza er alltaf að skrifa um það hvernig ungt og saklaust fólk flækist inn í ofbeldi, algerlega grandalaust. Það sem ég les alltaf út úr bókunum hennar er: Varaðu þig, svona getur þetta farið hjá þér.“

**Hulduslód** er fyrsta bókinn sem Liza Marklund skrifaði. Hún kom út á sænsku árið 1995 og hefur selst í hálfri milljón eintaka í ellefu löndum. Framhaldið kom síðan út í fyrravor, tíu árum seinna.

„Þar segja þær frá því hvernig Miu reiddi af í útlegðinni. Hún fékk á endanum hæli í Bandaríkjunum vegna heimilisofbeldis árið 2000, sem var mjög merkilegt. Með þessu var í rauninni brotið blað í réttarsögu Bandaríkjanna.“

Framhaldið kemur út á íslensku í september og mun fá heitið **Friðland** í þýðingu Önnu.

„Þá verð ég búin að ná henni Lisu. Þá hef ég þýtt allar bækurnar hennar,“ segir Anna, sem hefur reyndar ekki ákveðið hvort hún ætli að þýða næstu bók Lisu Marklund, sem enn er í vinnslu.

„Hún er að skrifa bók núna um sænska framakonunni. Ég held að það sé kona í stjórnmálum, en þetta verður ekki nein glæpasaga.“ ■

# "Ég er ekki maður. Ég er dínamít."

## Námskeið um Nietzsche

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Þjóðleikhúsið standa fyrir námskeiði um nýtt leikrit **Birgis Sigurðssonar, Dínamít**.

### Námskeiðsdagar:

Þri. 8/3  
Þri. 15/3  
Þri. 22/3

### Fyrirlesarar:

**Hlín Agnarsdóttir**, leiklistarráðunatur þjóðleikhússins og umsjónarmaður námskeiðsins  
**Birgir Sigurðsson**, höfundur verksins  
**Stefán Baldursson**, leikstjóri verksins  
**Dr. Sigríður Þorgeirsdóttir** heimspekingur

Auk fyrirlestra, verður litið inn á æfingu á verkinu, boðið upp á umræðufund í tengslum við námskeiðið og sýninguna auk þess sem þátttakendur fá miða á sýningu á **Dínamít** í Þjóðleikhúsinu. Námskeiðsgjald: 16.200

Skráning og nánari upplýsingar fást hjá EHI - [www.endurmenntun.is](http://www.endurmenntun.is)

## BÓKASKÁPURINN

### Þýskir kepptu um Sjón

Það hefur allt verið brjáláð í herbúðum bókaforlagsins Bjarts eftir að Sjón hreppi Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir Skugga-Baldur en þaðan berast þær fréttir að verðlaunin þyki greinilega slíkur gæðastimpill að forlög um víða veröld séu farin að falast eftir verkinu. Þannig kepptust fimm þýsk forlög um útgáfuréttinn á fimmtudag í æsilegu yfirboðskapphlaupi þar sem ekkert var gefið eftir. Nú hafa þegar verið undirritaðir samningar um útgáfu bókarinnar í Svíþjóð, Ítalíu, Danmörku, Finnlandi, Færeyjum og Noregi. Enn á eftir að ganga til samninga við Hollendinga, Englendinga, Spánverja og Frakka en útgáfufélög frá þessum löndum hafa lýst áhuga sínum á bókinni þannig að Baldur Skuggason á líklega eftir að tala flest Evrópumál á árinu ef Guð lofar.



### Teiknaðir eðalreyfarar

Efist einhverjum er að myndasögur séu fullproskuð bókmenntagrein ættu þeir hinir sömu að kynna sér svart/hvíta og harðsoðna reyfara Franks Miller um líf og dauða ógæfufólks, vændiskvenna og andhetja með gullhjörtu í sagnabálknum sem kenndur er við Sin City. Bækurnar eru sjö talsins; **The Hard Goodbye**, **A Dame to Kill for**, **The Big Fat Kill**, **That Yellow Bastard**, **Family Values**, **To Hell and Back** og **Booze, Broads, & Bullets**. Bækurnar hafa verið ill- eða ófáanlegar um nokkurt skeið en þar sem kvikmynd byggð á þremur bókanna er væntanleg í sumar er endurútgáfa á bókunum hafin. Þrjár þeirra eru þegar komnar í myndasöguverslunina Nexus og afgangurinn er væntanlegur. Bækurnar eru í minna broti en þær hafa áður verið en hráar teikningarnar taka sig ákaflega vel út í nýju umbúðunum.

## LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið í kvöld kl. 19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 160 verk, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14 – 16, í dag kl. 12.00 – 17.00. Sími 551 0400

Hægt er að nálgast uppboðsskrána á netinu: [www.myndlist.is](http://www.myndlist.is)



[einkamal.is](http://einkamal.is)



# Ég vildi skilja hvað kom fyrir drenginn minn

Bókin Ekkert mál eftir þá feðga Njörð P. Njarðvík og Frey Njarðarson er komin út í kilju. Bókin kom fyrst út árið 1984 og vakti gríðarlega athygli á sínum tíma, enda opinskárrí og einlægari lýsing á heimi eiturlyfjaneytandans en áður hafði sést í íslenskum bókmenntum.

„Upphaflega var ekki hugmyndin að skrifa bók. Ég vildi bara skilja og vita hvað hafði komið fyrir drenginn minn,“ segir Njörður um tilurð bókarinnar í byrjun níunda áratugarins, en á þeim árum voru fíkniefni fremur nýtt fyrirbæri og fólk ekki mikið í eiturlyfjum.

„Þá uppgötva ég að sonur minn er orðinn heróínneytandi sem kom eins og reiðarslag. Eftir að við náðum Frey heim bað ég hann að segja mér frá, því ég vildi skilja hvað hafði gerst, og af einhverjum ástæðum tók ég samtöl okkar inn á segulband. Þegar við vorum búnir að tala saman kviknaði sú hugmynd að eitthvert gagn gæti verið af því að koma þessari frásögn í bók.“

Tveimur áratugum síðar, haustið 2004, sendu þeir feðgar frá sér bókina Eftirmál, þar sem segir frá afdrifum heróínfíksilsins og fjölskyldu hans. Njörður segir

ástandið í fíkniefnaheiminum miklum mun verra nú en þegar fyrri bókin var skrifuð.

„Fyrri bókin lýsir þessum heimi eins og hann var fyrir 22 árum í Kaupmannahöfn, en hin síðari er skrifuð þegar Frey kemur heim illa haldinn eftir heróínneyslu í Hollandi og lýsir fíkniefnaheiminum eins og hann var fyrir tveimur árum í Amsterdam. Þetta eru gjörbreyttir tímar, enda talið auðveldara fyrir ungt fólk í dag að ná í eiturlyf en áfengi.“

Það er JPV útgáfa sem endurútfegur Ekkert mál í kilju, svo les-



**FEÐGARNIR FREYR NJARÐARSON OG NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK** Skrifuðu tvær bækur um heróínneyslu Freys með tveggja áratuga millibili. Sú fyrri, Ekkert mál, kom út í kilju á dögnum.

endur seinni bókarinnar geti nálgast efnið frá byrjun. Báðar bækurnar eru skrifaðar af hugrekki og hæfileikum til að snúa persónulegum harmleik í listræna frásögn.

„Foreldrar þurfa að gæta

barna sinna og börn þurfa að gæta að sjálfum sér. Í bókunum er engin prédíkun; þær lýsa þessum heimi bara eins og hann er,“ segir Njörður og bætir við að bækurnar séu fyrir alla.

thordis@frettabladid.is



## [ METSÖLULISTI ]

EYMUUNDSSON  
MÁL OG MENNING  
PENNINN

ADALLISTINN - ALLAR BÆKUR

- 1 **SKUGGA-BALDUR**  
Sjón
- 2 **KARLMANNAHANDBÓKIN**  
Barbara Enander
- 3 **TANTRA FYRIR ELSKENDUR**  
Anne Johnson
- 4 **ENGLAR OG DJÖFLAR**  
Dan Brown
- 5 **BELLADONNA SKJALIÐ**  
Ian Caldwell
- 6 **SKUGGA-BALDUR**  
Sjón
- 7 **FÓLKID Í KJALLARANUM**  
Auður Jónsdóttir
- 8 **350 STOFUBLÓM**  
Rob Herwig
- 9 **HVALIR VIÐ ÍSLAND**  
Mark Carwardine
- 10 **BAKAD ÚR SPELTI**  
Fríða S. Böðvarsdóttir

SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR

- 1 **SKUGGA BALDUR**  
Sjón
- 2 **SÁLMABÓK**  
Ýmsir höfundar
- 3 **BELLADONNA SKJALIÐ**  
Ian Caldwell
- 4 **KLEIFARVATN**  
Arnaldur Indriðason
- 5 **KONAN SEM MAN**  
Linda Ley Shuler
- 6 **STÚLKA M. PERLUEYRNALOKKA**  
Tracy Chevalier
- 7 **KARÍTAS ÁN TITLS**  
Kristín Marja Baldursdóttir
- 8 **DAUÐANS ÓVISSI TÍMI**  
Práinn Bertelsson
- 9 **PADDY CLARKE HA HA HA**  
Roddy Doyle
- 10 **BARÓNINN**  
Þórarinn Eldjárn

Listinn er gerður út frá sölu dagana 23.02.05 – 01.03.05 í Bókabúðum Máls og menningar, Eymundursson og Pennanum.



Talstöðin  
FM 90,9

# Glæsilegar bækur um afrek mannsins

## Skemmtileg fróðleiksnáma

Í líflegum texta og áhrifaríkum myndum er hér fjallað um 175 lykilhugmyndir sem hafa breytt heiminum frá árdögum til okkar daga. *Hugmyndir sem breyttu heiminum* er bók sem hristir rækilega upp í okkur og breytir sýn okkar á lífið og tilveruna.


### Ný hugmynd á hverri opnu!

## Saga vísindanna frá upphafi

Aðgengileg og ríkulega myndskreytt bók um sögu vísindanna. Greint í máli og myndum frá 250 merkim vísindaafrekum frá upphafi vega til dagsins í dag. Einstæð og yfirgripsmikil sýn á það hvernig skilningur mannsins á umhverfi sínu hefur þróast í tímanum rás.

Merkileg framfaraspor í líffræði, eðlisfræði, stjörnufræði, heimsfræði, jarðfræði, læknisfræði og stærðfræði.

Á hverri opnu er fjallað um eitt vísindaafrek sem raðað er í tímaröð



30%  
afsláttur  
í mars

528 bls.  
300 myndir  
Tilboðsverð  
3.490 kr.



Edda  
edda.is

HÁSKÓLABÍÓ EÐ ÓSKARSVERÐLAUNABÍÓ

**HEIMSINS STÆRSTI SÖNGLEIKUR BIRTIST NÚ Á HVÍTA TIALDINU Í FYRSTA SINNI!**

**TILNEFND TIL 3 ÓSKARSVERÐLAUNA**

**The PHANTOM of the OPERA**

Með Íslandsvinum Gerard Butler (Bjólfskuði), Emmy Rossum (Mystic River), Miranda Richardson og Minnie Driver í mynd eftir Joel Schumacher. Byggt á söngleik Andrew Lloyd Webber.

Sýnd kl. 3, 6 og 9

**Besta mynd ársins Besti Leikstjóri**  
- Clint Eastwood  
**Besti Leiktoni**  
- Hilary Swank  
**Besti Leikmaður í aukahlutverki**  
- Morgan Freeman

★★★★ - kvilmmyndir.com  
★★★★ - H.J., MBL  
★★★★ - V.E., DV

**MILLION DOLLAR BABY**

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 **b.i. 14**

**LES CHORISTES**  
**KÓRINN**

Sýnd kl. 6, 8 og 10

**THE AVIATOR**

Sýnd kl. 6 og 9.10 **b.i. 12**

**THE INCREIBLES** kl. 3

**LEMONY SNICKET'S** kl. 3

**SMÁRA BÍÓ**

**2 vikur á toppnum í Bandaríkjunum!**

**HITCH**

Will Smith og Kevin James (King of Queens) í skemmtilegustu gamanmynd ársins!

★★★★ JHH  
Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30  
**LÚXUS** kl. 3.30, 6, 8.30 og 11

★★★★ Ó.Ð.H. DV

**CLOSER**

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 **b.i. 14 ára**

**VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI**

**GRIMAN 2**

ATH! GÆTI HUGSÁNLEGA VAKIÐ ÓTTA UNGRA BARNA

Sýnd kl. 2, 4 og 6 **m./isl. tali**  
Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 **m. ensku tali**  
FRÁ FRAMLEIÐANDA TRAINING DAY

Sýnd kl. 10 **b.i. 16 ára**

Sýnd kl. 1.50, 3.50 og 8

**FRÁBÆR SKEMMTUN**

**SAMBÍÓIN**

**HEIMSINS STÆRSTI SÖNGLEIKUR BIRTIST NÚ Á HVÍTA TIALDINU Í FYRSTA SINNI!**

**The PHANTOM of the OPERA**

TILNEFND TIL 3 ÓSKARSVERÐLAUNA

Sýnd kl. 8 og 10.45 **b.i. 16**  
Sýnd í **LÚXUS VIP** kl. 2 og 5

**HELVÍTI VILL HANN HIMNARÍKI VILL HANN EKKI JÖRÐIN ÞARFNAST HANS**

kl. 1.30, 4, 5.30, 8 og 10.30 **b.i. 16**  
Sýnd í **LÚXUS VIP** kl. 8 & 10.30

**LEMONY SNICKETT'S** kl. 1.30, 3.45 og 6

**THE INCREIBLES** kl. 1.30, 3.45 & 6 **m. isl. tali**

Sýnd kl. 2, 3.45 og 6.30 **m. isl. tali**

Sýnd kl. 1.30 3.45, 6, 8.15 og 10.30

**WHITE NOISE** kl. 8.15 og 10.30 **b.i. 16**

**TEAM AMERICA** kl. 8.15 og 10.30 **b.i. 14**

**TÓNLISTARÞÁTTUR Í umsjón Dr. Gunna.**

Alla sunnudaga frá kl. 16-18.

Í dag verður m.a. boðið upp á íranskt sýrurokk, sjóðheitt blökkumannaspennumyndafönk og blúsarann Junior Kimbrough. Þá verður að venju farið yfir það nýjasta og svalasta í tónlistinni.

Óskalagagestur í dag verður aðalmaðurinn í Vínly, Kristinn Júníusson.

Þátturinn er endurtekinn kl. 2 aðfaranótt mánudags.

**Talstöðin**  
FM 90,9

**allt - sem þig vantar**

✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000  
✓ auglýsingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**TOSCA**

8. sýn. 6. mars kl. 19 - Uppselt  
9. sýn. 12. mars kl. 19 - Uppselt - Síðasta sýning

**AUKASÝNING:** Fim. 10. mars kl. 20 - Styrkt af Vínafélagi Íslensku Óperunnar Órfá sæti laus

Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst

Miðasala á netinu: www.opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

JANÚAR

3 4 5 6 7 8 9

**Sunnudagur**

**■ KVIKMYNDIR**

14.00 Finnsla barnamyndin "Rölli og skógarandinn" eða "Rölli ja metsänhenki" verður sýnd í Norræna húsinu.

15.00 Ef heimilið er þér kært nefnist sovísk kvikmynd frá árinu 1967 sem sýnd verður í bíósal MÍR, Vatnsstíg 10. Myndin fjallar upphaf innrásar herja Þjóðverja í Sovétríkin, orrustuna um Moskvu og vörn borgarinnar. Skýringar með myndinni eru á dönsku.

**■ TÓNLEIKAR**

14.00 Skólahljómsveit Kópavogs verður með tónleika í Háskólabíó þar sem um 140 ungmenni koma fram og sýna afrakstur vinnu sinnar í vetur. Meðal annars verður fluttur forleikur að William Tell eftir Rossini, tónlist úr kvikmyndunum um Hringadróttinsögu og syrpa af lögum hljómsveitarinnar Queen.

16.00 Nemendaópera Söngskólans í Reykjavík flytur Rómantískar óperuperlu úr La Bohème og La Rondine eftir Puccini og úr Falstaff og Rigoletto eftir Verdi á tónleikum í Salnum í Kópavogi.

**■ LEIKLIST**

20.00 Að lokinni leiksýningunni um **Ausu Steinberg** eftir Lee Hall í Borgarleikhúsinu, þar sem **Ilmur**

**TVÖ - BÍÓ** **LAUGARÁS - BÍÓ** **ÓDYRT Í BÍÓ KR. 400**

**GRIMAN 2** **HITCH** **SÁLTKRÁKU 3**

ATH! SÝND KL. 2 **ATH! SÝND KL. 1:30** **ATH! SÝND KL. 2**

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400 KR. -**

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**DRAUMLEIKUR**

e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.  
**Aðalæfing** Fi 10/3 kl 20 - kr. 1.000,-  
**Frumskýning** Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

**HÍBÝLI VINDANNA**

leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar  
Su 13/3 kl 20 Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**

**SÝNIR: OPEN SOURCE**

eftir Helenu Jónsdóttur  
í kvöld kl 20  
**Aðeins þessi sýning**

**HÉRI HÉRASON**

e. Coline Serreau  
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**

e. Astrid Lindgren  
Í dag kl 14 - **UPPSELT**,  
Lau 2/4 kl 14 - **Aukasýning**  
Su 3/4 kl 14 - **Aukasýning Lokasýningar**

**HOUDINI SNÝR AFTUR**

Fjölskyldusýning um páskana.  
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20, Lau 26/3 kl 15, Lau 26/3 kl 20

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**

- **UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI** Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin Kl 18:30 Kynniferð um leikhúsið  
- kynning á verki kvöldsins  
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins  
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins  
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKID Í TÍMA

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fulloröðinna - gildir ekki á barnasýningar**

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is  
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN**

**SEGÐU MÉR ALLT**

e. Kristínu Ómarsdóttur  
í kvöld kl 20 - **UPPSELT**, Su 13/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

**BELGÍSKA KONGÓ**

e. Braga Ólafsson, *Griman* fyrir besta leik í aðahlutverki  
Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20 - **UPPSELT**,  
**Lokasýningar**

**AUSA eftir Lee Hall**

í samstarfi við LA.  
í kvöld kl 20 - Umræður á eftir  
Su 13/3 kl 20 - **Ath: Miðaverð kr. 1.500**

**AMERICAN DIPLOMACY**

eftir Þorleif Örn Arnarsson. Í samstarfi við Hið lífandi leikhús.  
Fö 11/3 kl 20, Lau 18/3 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**

eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBIAS.  
Fi 10/3 kl 20, Fi 17/3 kl 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNADUR**

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.  
í kvöld kl 20 - **UPPSELT**, Fö 11/3 kl 20, Su 12/3 kl 20, Fö 18/3 kl 20 - **UPPSELT**,  
Lau 19/3 kl 20

**SVIK**

eftir Harold Pinter  
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA  
Lau 12/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20

**AUSA OG GUÐFRÆÐIN**

- umræður - Pétur Pétursson prófessor, Sr. Guðný Hallgrímsdóttir prestur fatlaðra, Sr. Bragi Skúla-son sjúkráhusprestur, Guðrún Ásmundsdóttir stjórna umræðum.  
Su 6/3 kl 20:50 - á eftir sýningu

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR FRUMSÝNING 13. MARS!**

■ Stóra sviðið kl. 20.00  
**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - Thorbjörn Egner  
Í dag sun. 6/3 kl. 14:00 uppselt. Allra síðasta sýning.

**MYRRLJÓS** - Marina Carr  
8. sýn. í kvöld sun. 6/3 órfá sæti laus, 9. sýn. lau. 12/3 órfá sæti laus, 10. sýn. lau. 19/3 nokkur sæti laus, 11. sýn. fim. 31/3 nokkur sæti laus.

**ÖXIN OG JÖRÐIN** - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.  
Fim. 10/3 nokkur sæti laus, fim. 17/3. **Aðeins þessar tvær sýningar eftir.**

**EDITH PIAF** - Sigurður Pálsson  
Fös. 11/3 uppselt, fös. 18/3 uppselt, sun. 20/3 60. sýning uppselt, lau. 2/4 uppselt, sun. 3/4 órfá sæti laus, fim. 7/4 nokkur sæti laus, fös. 8/4 órfá sæti laus, lau. 16/4 órfá sæti laus.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - Ævintýraheimir H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.  
**Frumskýning sun. 13/3 kl. 15:00 órfá sæti laus, sun. 20/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 3/4 14:00, sun. 10/4 kl. 14:00.**

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00  
**GRJÓTHARÐIR** - Hávar Sigurjónsson  
í kvöld sun. 6/3 órfá sæti laus, lau. 12/3 órfá sæti laus, sun. 13/3 nokkur sæti laus, lau. 19/3 nokkur sæti laus, fim. 31/3 órfá sæti laus.  
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**NITJÁNHUNDUR** - Kaffleikhús - Alessandro Barrico  
Fös. 11/3 órfá sæti laus. Síðasta sýning.  
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is  
Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.  
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

**LANDIÐ VIFRA**

Leiksýning byggð á barnaljóðum Þórarins Eldjárn

**Sun. 6. mars kl. 14 laus sæti**

